skoðun 12

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Markaðurinn

Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!

Nýr tilboðsbæklingur í dag

FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
12. október 2011
238. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA 2001 - 2011

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011

Heimsyfirráð á netinu
Benni, Hörður og Daníel ætla sér stóra hluti með vefsíðuna Liveproject.
fólk 24

Mikill heiður
Steinunn Sigurðardóttir fatahönnuður hlaut Indriðaverðlaunin.
tímamót 18

Danir og Svíar á EM
Tvær Norðurlandaþjóðir verða með í úrslitakeppni EM næsta sumar.
sport 26

veðrið í dag



HVESSIR OG HLÝNAR Í dag verður nokkuð stíf SA-átt við suður- og vesturströndina, 10-15 m/, en hægari vindur annars staðar. Þessu fylgir töluverð rigning en NA-til má búast við bjartviðri fram eftir degi.

VEÐUR 4



Þjóðverjar styðja hraðara ferli í viðræðum Íslendinga og ESB

Þjóðverjar styðja Íslendinga í því að hefja viðræður um alla kafla samnings við ESB, sem enn eru óræddir, á fyrri helmingi næsta árs. Líklegt að tveir kaflar klárist í næstu viku. Ráðherrar hittust í Frankfurt í gær.

UTANRÍKISMÁL Allir kaflar í samningaviðræðum Íslands og Evrópusambandsins verða opnir til umræðu eða lokið um mitt næsta ár, ef óskir Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra ná fram að ganga. Hann ítrekaði þær við Guido Westerwelle, utanríkisráðherra Þýskalands, á fundi í gær og tók sá síðarnefndi vel í þær hugmyndir.

„Hans viðbrögð voru að vel væri hægt að hugsa sér að búið væri að opna alla kaflana áður en formennsku Dana lýkur. Hann sagði Íslendinga sýna mikinn metnað í viðræðunum, sem væri gott. Nauðsynlegt væri að hafa skriðþunga og halda mómentinu í málinu. Þeim leist vel á þá stefnu okkar að ljúka málinu undir forystu Dana," segir Össur.

Góðar líkur eru á því að tveir kaflar aðildarsamnings Íslands og Evrópusambandsins (ESB) verði ræddir og kláraðir á ríkjaráðstefnu Íslands og ESB sem fram fer eftir viku, að mati Össurar. Kaflarnir sem um ræðir eru annar kaflinn, sem snýst um frjálsa för fólks innan ESB, og sá sjöundi, en hann lýtur að hugverkarétti.

Össur segist hafa ítrekað þær óskir sínar að helmingur þeirra kafla sem óopnaðir eru verði kominn til umræðu fyrir áramót og allir kaflarnir áður en Danir láta af forystuhlutverki sínu í ESB, en það gerist á miðju næsta ári. Ríkjaráðstefna með ESB verður næst haldin í desember og þá stendur til að opna fleiri kafla.

Westerwelle lýsti yfir stuðningi Þjóðverja við umsókn Íslendinga og Össur segir það mikilvægt, enda séu Þjóðverjar öflugasta þjóð bandalagsins.

Ráðherrarnir fóru yfir þau mál sem gætu orðið erfið í viðræðunum og mestur hluti samræðnanna snerist um fiskveiðimál og sjávarútveg. „Ég kom því sterklega á framfæri að mikilvægt væri að geta opnað þyngstu kaflana sem fyrst, það er að segja þá sem lúta að landbúnaði og sjávarútvegi."

Málefni norðurslóða bar einnig á góma og ákveðið var að Íslendingar og Þjóðverjar fyndu sameiginlegt rannsóknarverkefni þar. Össur segir að við nýtingu auðlinda á norðurslóðum verði að halda í heiðri þá grundvallarreglu að fylgja strönguslu umhverfiskröfum. - kóp

Alls 35 kaflar

Löggjöf ESB skiptist í 35 kafla. Á þessu ári voru viðræður opnaðar um fjóra þeirra og af þeim er tveimur lokið; þeim er lúta að vísindum og rannsóknum og menntun og menningu. Opnir eru kaflar um opinber innkaup og fjölmiðla og upplýsingasamfélag.

ARNALDUR MESSAR Í FRANKFURT Arnaldur Indriðason rithöfundur hélt erindi á opnunarhátíð Bókamessunnar, sem haldin var í 63. sinn í Frankfurt í Þýskalandi í gær. Þetta árið er Ísland heiðursgestur messunnar, sem er umfangsmesti bókaviðburður heims. NORDICPHOTOS/AFP

Arctic Trucks í heimsmetabók:

Heimsmetið loks í höfn

FÓLK Arctic Trucks hefur tryggt sér sess á spjöldum Heimsmetabókar Guinness. Starfsfólk bókarinnar hefur staðfest að bílar fyrirtækisins hafi sett hraðamet á yfirferð á landi á suðurheimskautinu í desember í fyrra. Þá óku þeir 2.308 kílómetra leið frá Novo til suðurpólsins á aðeins 108 klukkutímum. Færið var oft erfitt og kuldinn gríðarlegur. Þá þurftu félagarnir að keyra langar vegalengdir án þess að þeir gætu tekið eldsneyti.

HLYNUR BJARKI SIGURÐSSON

„Þetta er frábært og auðvitað fyrst og fremst meiri háttar viðurkenning á því starfi sem við höfum verið að vinna," sagði Hlynur Bjarki Sigurðsson þegar ljóst varð í gær að heimsmetið hafði verið viðurkennt. - rve / sjá allt í miðju blaðsins

Skaðabótamál Samskipa gegn Eimskipafélaginu þingfest á morgun:

Krefjast 3,7 milljarða í bætur

DÓMSMÁL Samskip krefjast 3,7 milljarða króna í skaðabætur vegna samkeppnisbrota Eimskips. Samskip hafa nú birt Eimskipi stefnu og krafist þess að félagið verði dæmt til að greiða skaðabætur vegna ólögmætrar atlögu að Samskipum á flutningamörkuðum á árunum 1999 til 2002.

Geir Gestsson, lögmaður Samskipa, segir kröfuna reiknaða af sérfræðingum Samskipa og byggja á þeim viðskiptasamningum sem fyrirtækið annaðhvort varð af vegna ólögmætrar háttsemi Eimskips, eða náðu að halda með lægra samningsverði.

„Markaðsatlaga Eimskips beindist að því að ná öllum stærstu viðskiptavinum Samskipa yfir til þeirra. Sumum náði Samskip að halda, en urðu af tekjum vegna lækkaðs samningsverðs, en sumir fóru yfir," segir Geir.

> Markaðsatlaga Eimskips beindist að því að ná öllum stærstu viðskiptavinum Samskipa yfir til þeirra.
>
> **GEIR GESTSSON,** LÖGMAÐUR SAMSKIPA

Eimskipi var gert að greiða 310 milljónir króna í sekt vegna brota á samkeppnislögum árið 2007, en upphæðin var lækkuð í 230 milljónir. Samkeppniseftirlitið úrskurðaði að fyrirtækið hafi misnotað markaðsráðandi stöðu sína, eftir áratugalanga rannsókn.

Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins segir meðal annars að Eimskip hafi annars vegar reynt með markvissum aðgerðum að bola Samskipum út af markaðnum. Hins vegar hafi það gert fjölmarga svokallaða einkakaupsamninga, þar sem viðskiptamönnum Eimskips er óheimilt samkvæmt samningsákvæðum að versla við samningsaðila. Slíkt er ólöglegt fyrir markaðsráðandi aðila.

Ekki náðist í Ólaf William Hand, upplýsingafulltrúa Eimskips, í gærkvöld. - sv

Við opnum þér nýjar dyr
Hurðir og hurðahúnar.
Góð verð!

LEBO DOORS & FRAMES
ALTAK
Fossaleyni 8/Sími: 577 4100/www.altak.is

SPURNING DAGSINS



Ragnar, eru þetta þá stolin lög?

„Já, nema ég finni þau aftur.“

Tónlistarmaðurinn Ragnar Árni Ágústsson varð fyrir því að hljóðfæri hans, upptökubúnaður og hljóðritunum var stolið í innbroti í síðustu viku.

Biskup Íslands og vígslubiskuparnir tveir senda frá sér yfirlýsingu vegna viðtals við Guðrúnu Ebbu Ólafsdóttur:

Harmsaga að málinu hafi ekki verið svarað strax

ÞJÓÐKIRKJAN Biskupsstofa sendi frá sér yfirlýsingu í gær í kjölfar viðtals við Guðrúnu Ebbu Ólafsdóttur á sunnudagskvöld. Karl Sigurbjörnsson biskup hefur ekki viljað svara spurningum fjölmiðla, hvorki fyrir né eftir að yfirlýsingarnar voru sendar út.

Í yfirlýsingu frá biskupi segir meðal annars að viðtalið hafi vakið upp mikla sorg, reiði og harm í huga þjóðarinnar og framkoma Guðrúnar Ebbu hafi vakið aðdáun vegna þess kjarks, virðingar og yfirvegunar sem hún sýndi.

„Við erum öll í sársaukafullu lærdómsferli. Það er harmsefni að erindi Guðrúnar Ebbu til Kirkjuráðs 2009 hafi ekki verið svarað strax skriflega og hefur biskup beðist afsökunar á því í ræðu og riti og persónulega. Það skal þó skýrt tekið fram að vangá við skráningu erindis hennar hafði ekki áhrif á málsmeðferðina,“ segir í yfirlýsingunni, sem er undirrituð af Karli, Jóni Aðalsteini Baldvinssyni, vígslubiskupi á Hólum, og Kristjáni Vali Ingólfssyni, vígslubiskupi í Skálholti.

KARL SIGURBJÖRNSSON

KRISTJÁN VALUR INGÓLFSSON

Kristján Valur vill ekki tjá sig persónulega um málið að öðru leyti en því sem fram kom í yfirlýsingunni.

„Sem hluti af biskupsembættinu tel ég að ég eigi ekki að tjá mig ef biskup Íslands hefur ákveðið að tjá sig ekki að öðru leyti en í gegnum fréttatilkynningu,“ segir Kristján Valur.

„Þessi mál eru í farvegi. Mér finnst það ekki á nokkurn hátt tímabært að tjá mig meira.“

Spurður hvort hann telji að Karl Sigurbjörnsson eigi að segja af sér svarar Kristján Valur: „Biskup á allavega ekki að segja af sér fyrir það sem Ólafur Skúlason hefur gert.“

Ekki náðist í Jón Aðalstein Baldvinsson, vígslubiskup á Hólum.

- sv

Iceland Airwaves hefst í dag:

Gríðarlega mikilvæg hátíð

FÓLK **„Það stefnir í eitthvað mjög frábært. Allt gengur mjög vel, það er mikið líf alls staðar og bærinn er að fyllast af fólki,“ segir Grímur Atlason, framkvæmdastjóri tónlistarhátíðarinnar Iceland Airwaves sem hefst í dag og stendur fram á sunnudag.**

Von er á þrjú þúsund erlendum gestum á hátíðina, þar á meðal fjölda fréttamanna sem munu fjalla um hátíðina. Svipaður fjöldi landsmanna mun einnig mæta. Mikið hefur verið rætt um mikilvægi hátíðarinnar og í fyrra var sagt að hún velti um milljarði króna beint og óbeint. Hátíðin hlýtur því að hafa mikil jákvæð áhrif á rekstur verslana og veitingahúsa, svo dæmi séu tekin? „Já, þetta er alveg gríðarlega mikilvægt.“

Þá er ekki nauðsynlegt að eiga aðgöngumiða á hátíðina til að njóta þeirra tónlistarmanna sem koma fram. Svokölluð off-venue dagskrá er orðin mjög stór hluti af hátíðinni að sögn Gríms. Þá spila listamennirnir oftar og ekki aðeins á kvöldin fyrir gesti hátíðarinnar. - þeb

Uppsagnir óhjákvæmilegar:

St. Jósefsspítala verður lokað

HEILBRIGÐISMÁL St. Jósefsspítala í Hafnarfirði verður lokað um áramótin. Björn Zoëga, forstjóri Landspítalans, tilkynnti þetta á starfsmannafundi í gærdag. Frá þessu var greint í fréttum RÚV.

Þar kom fram að reynt verði að finna starfsfólki spítalans önnur störf á Landspítalanum en uppsagnir verði óhjákvæmilegar.

Alls starfa 29 manns á St. Jósefsspítala. Sjúklingar sem þar dvelja verða færðir á Landspítalann. Gert er ráð fyrir því að um 190 milljónir sparist með því að loka spítalanum en Landspítalanum er gert að skera niður um 630 milljónir samkvæmt fjárlögum næsta árs. - sv

Karl að kjólameistara eftir hálfrar aldar hlé

Kjartan Ágúst Pálsson útskrifast frá Tækniskólanum sem kjólameistari á laugardaginn. Kjartan er fyrsti íslenski karlinn sem lýkur náminu í 55 ár. Hann kveðst hafa brennandi áhuga á faginu og nóg sé af atvinnutækifærum.

MENNTAMÁL „Það kom mér á óvart en þannig er þetta víst,“ segir Kjartan Ágúst Pálsson sem útskrifast sem fyrsti íslenski karlkyns kjólameistarinn í 55 ár.

Kjartan er í Tækniskólanum. Hann mun útskrifast sem kjólameistari á laugardaginn og hyggst ljúka klæðskeranáminu öllu um næstu áramót. Þannig verður hann jafnvígur á karlmannsföt og kvenmannsflíkur.

Í útskriftarhópnum á laugardaginn eru fjórtán manns og er Kjartan eini karlinn í þeim flokki því þótt annar kynbróðir hans sé nú við klæðskeranám við Tækniskólann leggur sá ekki fyrir sig að sauma á konur. Aðspurður segir Kjartan nemendahópinn vera frábæran.

„Hópurinn er ótrúlega skemmtilegur og uppbyggjandi eins og öll þessi stétt er. Þær sem eru í þessu eru það af mikilli ástríðu. Og þær eru í þessu til að hjálpa öðrum – það virðast allir vera tilbúnir að hjálpa manni,“ segir Kjartan.

Að sögn Kjartans hefur hann gaman af öllu sem tengist greininni sem hann hafi brennandi áhuga á og vilji gera að lífsstarfi. Hann hafi að undanförnu einblínt talsvert á tímabilið í kringum stríðsárin og þann sígilda stíl sem þá réði ríkjum.

„Ég var alveg fastur í kvikmyndastjörnum. En uppáhaldið er samt alltaf það sem ég er að gera hverju sinni – öll flóran. Maður getur séð fyrir sér að starfa í hverju sem er á þessum vettvangi,“ segir hann.

Kjartan sem er 32 ára hefur verið fimm ár í náminu. „Nú fer maður að finna sér einhverja stofu til að vinna á og afla sér reynslu til að geta komið einhverju á fót sjálfur seinna meir,“ segir hann um það sem tekur við að náminu loknu.

KJARTAN ÁGÚST PÁLSSON Kjólameistarinn tilvonandi með nokkra af þeim kjólum sem hann hefur gert. Kjartan er eini karlinn meðal fjórtán útskriftarnema. Hann útskrifast svo sem klæðskeri um áramót. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> Ég var alveg fastur í kvikmyndastjörnum. En uppáhaldið er samt bara alltaf það sem ég er að gerast hverju sinni – öll flóran.
>
> **KJARTAN ÁGÚST PÁLSSON**
> KLÆÐSKERANEMI

Hann kveður atvinnumöguleikana vera furðu góða.

„Eftir kreppuna virtist þessi markaður blómstra. Fólk fór að hugsa betur um það sem það átti – hafði ekki lengur endalaust fjármagn til að kaupa. Þannig að það er verið að gera við föt og fólk fór að kaupa sér vandaðri flíkur – eitthvað sem endist,“ segir Kjartan Ágúst.

gar@frettabladid.is

KOSIÐ Ellen Johnson Sirleaf, forseti Líberíu, sýnir hér kosningaspjald sitt þegar hún kaus í forsetakosningunum í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Kosningarnar í Líberíu:

Óánægðir með tímasetningu verðlaunanna

LÍBERÍA, AP Mótframbjóðendur Ellen Johnson Sirleaf, forseta Líberíu, eru engan veginn ánægðir með tímasetninguna á tilkynningunni um að hún hljóti friðarverðlaun Nóbels í ár.

Norska Nóbelsnefndin skýrði frá þessu á föstudag, fjórum dögum fyrir kosningar í landinu þar sem Sirleaf sækist eftir umboði landsmanna til annars kjörtímabils.

Fimmtán manns buðu sig fram á móti henni. Mikil fátækt er í Líberíu og mikill ójöfnuður milli ríkra og fátækra, þannig að óánægja er útbreidd sem gæti skilað sér í því að Sirleaf tapi kosningunum, þrátt fyrir þá virðingu sem hún nýtur á alþjóðavettvangi.

Kosningar voru haldnar í gær, en fái enginn frambjóðenda einfaldan meirihluta verður haldin önnur umferð milli þeirra tveggja sem flest atkvæði fengu. - gb

FÉLAGSMÁL

Slysavarnahús opnað

Velferðarráðherra hefur opnað miðstöð slysavarna, Slysavarnahúsið, þar sem Árvekni – verkefnastjórn um slysavarnir barna og unglinga er til húsa. Einstök aðstaða er í húsinu til kennslu fyrir foreldra og aðra sem þurfa að fræðast um öryggi barna.

Konfúsíusarstofnunin Norðurljós og KÍM kynna hádegisfyrirlestur Hjörleifs Sveinbjörnssonar:

Fyrirlestraröð í tilefni 40 ára afmælis stjórnmálasambands Íslands og Alþýðulýðveldisins Kína

Huang Nubo og kínversk-íslenski menningarsjóðurinn

Árnagarður 301, 14. okt. kl. 12:00

Nánar á viðburðaskrá www.hi.is

Allir velkomnir, aðgangur ókeypis

CONFUCIUS INSTITUTE 北极光孔子学院 KONFÚSÍUSARSTOFNUNIN NORÐURLJÓS

UNIVERSITAS ... SIGILLUM

Kínversk fræði við HÁSKÓLA ÍSLANDS
konfusius@hi.is | www.konfusius.hi.is

Þingmaður bjartsýnn á að framkvæmdir við Vaðlaheiðargöng hefjist fljótlega:

Vonaðist eftir lægri tilboðum

SAMGÖNGUR ÍAV og svissneska fyrirtækið Marti áttu lægsta tilboðið í Vaðlaheiðargöng, en tilboðin voru opnuð í gærmorgun. Tilboðið hljóðar upp á 8,9 milljarða króna, sem nemur 95 prósentum af kostnaðaráætlun Vegagerðarinnar vegna verksins. Hún hljóðaði upp á rúma 9,3 milljarða króna. Þrjú önnur tilboð bárust en þau voru öll yfir kostnaðaráætlun.

KRISTJÁN L. MÖLLER

Kristján L. Möller, stjórnarmaður í Vaðlaheiðargöngum hf., segir tilboðin nú verða skoðuð áfram og slíkt geti tekið allt að tvo mánuði.

„Sérfræðingar Vegagerðarinnar munu nú fara yfir tilboðin og sjá hvort það verði einhverjir fyrirvarar þar,“ segir hann. „Í framhaldi af því munum við sjá hvort verkið verði gerlegt eða ekki.“

Kristján segist bjartsýnn á að framkvæmdir geti hafist fljótlega eftir áramót, þótt hann hafi vonast til þess að tilboðin yrðu lægri.

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra bíður nú eftir greinargerð frá stjórn Vaðlaheiðarganga.

VAÐLAHEIÐI Göngin í gegn um Vaðlaheiði munu stytta hringveginn um 16 kílómetra.

„Nú er það hennar að meta hvort framkvæmdin verði sjálfbær í efnahagslegu tilliti,“ segir Ögmundur. „Ég fagna því ef þetta er að ná fram að ganga á þeim forsendum sem var lagt upp með. En þær eru alveg skýrar – þetta verkefni verður ekki fjármagnað úr ríkissjóði, heldur einvörðungu úr notendagjöldum.“

Vaðlaheiðargöng verða 7,5 kílómetrar og munu stytta hringveginn um 16 kílómetra. Gert er ráð fyrir opnun í árslok 2014. - sv

Þú velur þann bílasamning sem hentar þér

Viðskiptavinir eiga að hafa val. Landsbankinn býður nú nýja óverðtryggða bílasamninga með föstum vöxtum og betri kjör á verðtryggðum og óverðtryggðum bílasamningum með breytilegum vöxtum.

Óverðtryggður, fastir vextir

8,95%

- **Fastir 8,95% vextir** til 36 mánaða*
- **Hámarkslánstími er 7 ár,** að frádregnum aldri ökutækis
- **Lánshlutfall allt að 70%**
- **Hraðari eignamyndun** í flestum tilfellum
- **Hærri greiðslubyrði**
- Einnig er í boði óverðtryggður bílasamningur með **breytilegum vöxtum**, á vildarkjörum, nú **8,55%.****

Verðtryggður, breytilegir vextir

7,80%

- **Breytilegir vextir á vildarkjörum, nú 7,80%****
- **Hámarkslánstími er 7 ár,** að frádregnum aldri ökutækis
- **Lánshlutfall allt að 70%**
- **Hægari eignamyndun** í flestum tilfellum
- **Lægri greiðslubyrði**

Skilmála og nánari upplýsingar má finna á vefsíðu okkar, landsbankinn.is, eða hjá Bíla- og tækjafjármögnun Landsbankans í Sigtúni 42.

* Fyrir lok fastvaxtatímabils er hægt að festa vexti aftur á þeim kjörum sem í boði verða eða skipta yfir í óverðtryggðan bílasamning með breytilegum vöxtum. Ef ekkert er valið færist samningurinn yfir á breytilega óverðtryggða vexti.

** Vildarkjör til Vörðufélaga og núverandi viðskiptavina Bíla- og tækjafjármögnunar.

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS • SÍA

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

GENGIÐ 11.10.2011

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	116,49	117,05
Sterlingspund	182,12	183,00
Evra	158,23	159,11
Dönsk króna	21,255	21,379
Norsk króna	20,298	20,418
Sænsk króna	17,354	17,456
Japanskt jen	1,5193	1,5281
SDR	182,35	183,43

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 213,7056

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ekki miklar breytingar á lestrartölum prentmiðla samkvæmt nýjustu könnun Capacent Gallup:

Langflestir landsmenn lesa Fréttablaðið

FJÖLMIÐLAR Yfir sextíu prósent landsmanna lesa Fréttablaðið, líkt og verið hefur undanfarna mánuði, samkvæmt nýjustu prentmiðlakönnun Capacent Gallup. Ekki reynist vera mikill munur á lestri prentmiðla á milli kannana, en flestir miðlarnir dala lítið eitt síðan síðasta könnun var gerð.

Meðallestur á Fréttablaðinu er 60,05 prósent, en var 61,3 í síðustu könnun sem birt var fyrir þremur mánuðum. Meðallestur Morgunblaðsins helst óbreyttur, fer úr 31,7 prósentum í 31,46 prósent. Lestur Fréttatímans var 40,4 prósent í síðustu könnun, sem gerði hann mest lesna vikublaðið. Lestrartölur Fréttatímans hafa farið niður í 36,91 prósent, eða um þrjú og hálft prósentustig.

Meðallestur DV mælist nú 10,91 prósent, sem er samdráttur um rúm tvö prósentustig frá síðustu könnun.

Lestur Viðskiptablaðsins mælist nú 8,66 prósent, en hann var 10,2 prósent. Monitor mælist með 23,54 prósent en var 25 prósent.

Engar breytingar eru á lestri á Finnur.is á milli kannana, en hann hefur haldist í 26 prósentum. - sv



Fimmtugur maður ákærður:

Hrækti, hótaði og sveiflaði stól

DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur ákært fimmtugan mann fyrir að hóta aðstoðarsaksókara og lögreglumönnum, reyna að hrækja á hina síðarnefndu og reyna að kasta í þá stálstól.

Þegar aðstoðarsaksóknari úrskurðaði manninn í gæsluvarðhald sagði hann: „Bíddu bara, eftir sjö daga þegar ég losna.“

Á leiðinni á Litla-Hraun hótaði maðurinn tveimur lögreglumönnum og fjölskyldum þeirra líflátí og ofbeldi. Á heimili sínu hafði maðurinn ræktað nokkrar kannabisplöntur. - jss

Á annan tug síðna lokað:

Ákærður fyrir barnaklám

BANDARÍKIN Alríkislögreglan í Bandaríkjunum hefur nú lokað á annan tug barnaklámssíðna. 26 ára kínverskur karlmaður, Yong Wang, var handtekinn og ákærður fyrir að halda úti að minnsta kosti 18 síðum frá heimili sínu í Flushing í New York-ríki.

Síðurnar voru allar á kínversku og er talið að Wang hafi grætt hundruð þúsunda Bandaríkjadala með því að selja aðgang til einstaklinga sem borguðu fyrir að horfa, deila og hala niður myndum af barnaklámi. Síðurnar voru auglýstar fyrir kínverskumælandi íbúa í Kína, Bandaríkjunum og víðar. - sv

DÓMSMÁL

Herti að hálsi og kýldi

Tæplega þrítugur maður hefur verið ákærður fyrir Héraðsdómi Austurlands fyrir að taka í hálsmál á skyrtu annars manns, herða að og kýla hann síðan í andlitið með hnefa eða olnboga. Fórnarlambið hlaut bólguáverka og eymsl.

Þjóðlenduúrskurður á leið fyrir dómstóla

Níu af fjórtán svæðum sem deilt er um á Tröllaskaga eru þjóðlendur, úrskurðar óbyggðanefnd. Jarðeigendur vísa niðurstöðunni til dómstóla. Vegna sparnaðar eru engin mál nú hjá óbyggðanefnd og ríkisvaldið gerir hlé á landakröfugerð.

DÓMSMÁL Óbyggðanefnd hefur úrskurðað níu svæði á Tröllaskaga sem þjóðlendur og afrétt. Deilt var um fjórtán svæði. Nefndin segir eitt svæðanna að auki vera þjóðlendu og afrétt að hluta. Fjögur svæði séu hins vegar eignarlönd.

Óbyggðanefnd segir meðal annars að Hnjótafjall sunnan Atlastaða í Dalvíkurbyggð sé þjóðlenda. „Þetta teljum við vera alrangt,“ segir Einar Sigurbjörnsson prófessor sem árið 2004 keypti Atlastaði ásamt eiginkonu sinni.

„Þarna er um að ræða svæði sem verið hefur í einkaeigu öldum saman þótt það hafi ekki legið undir Atlastaði fyrr en á nítjándu öld. Það er mjög furðulegt að fara svona með eignir sem hafa gengið kaupum og sölum og bara þjóðnýta á einu bretti eins og ekkert sé. Ég geri ráð fyrir því að við munum áfrýja þessu eins og fleiri,“ segir Einar.

Agnar Gunnarsson, bóndi og oddviti Akrahrepps, kveðst langt í frá vera sáttur með þann úrskurð að Silfrastaðaafréttur sé þjóðlenda. „Við teljum að hreppurinn eigi þetta land. Þetta er alls engin þjóðlenda heldur land sem var keypt af bónda-anum á Silfrastöðum fyrir rúmlega 110 árum.“

Áður hefur verið úrskurðað um annan hluta af Silfrastaðaafrétt með sömu niðurstöðu. Akrahreppur rekur það mál nú fyrir Héraðsdómi Norðurlands vestra. „Ég reikna með að við förum sömu leið með þetta mál. Við berum ábyrgð á því að reyna að vernda eignir sveitarfélagsins,“ segir oddvitinn.



Málunum fjórtán var skipt á tvo úrskurði, annars vegar vegna Eyjafjarðar ásamt Lágheiði en án Almennings norðan Hrauna og hins vegar á Skagafjörð ásamt Almenningi norðan Hrauna en án Lágheiðar.

Óbyggðanefnd segir Vífilsstaði/Kot, Þorvaldsdalsafrétt, Almenning norðan Hrauna og Kolbeinsdalsafrétt vera eignarlönd. Hnjótafjall, Skíðadalsafrétt, Möðruvallaafrétt, Bakkasel, Stífluafrétt og Lágheiði, Hrolleifsdalsafrétt, Flókadalsafrétt, Unadals- og Deildardalsafréttir, Silfrastaðaafrétt og Krossland séu þjóðlenda og afréttur eða í afréttareign. Þjóðlenda en ekki afréttur sé landsvæði norðaustan Stífluafréttar og Lágheiðar.

Óbyggðanefnd segir að vegna sparnaðar í ríkisfjármálum hafi nefndin nú engin þjóðlendumál til meðferðar. Þá muni fjármálaráðherra ekki lýsa kröfum ríkisins um þjóðlendur fyrr en í fyrsta lagi 1. janúar 2012. gar@frettabladid.is

Vefur um leigumál opnaður:

Allar upplýsingar á einum stað

NEYTENDAMÁL Neytendasamtökin hafa opnað vefinn leigjendur.is, sem er leiðbeiningarsíða um leiguíbúðir.

Neytendasamtökin hafa séð um leiðbeiningaþjónustu fyrir leigjendur frá því í vor samkvæmt samningi við velferðarráðuneytið. Með tilkomu síðunnar eiga nú allar upplýsingar um leigumál að vera á einum stað. Þar eru upplýsingar um samningsgerð, skyldur og réttindi meðan samningur er í gildi og við lok samnings. Þá eru útdrættir úr álitum kærunefndar húsamála undanfarin ár. - þeb

UMFERÐ Umferð gæti dregist saman um 2,6% á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Mælingar Vegagerðarinnar:

Umferð dregst saman milli ára

SAMGÖNGUMÁL Útlit er fyrir að umferð á höfuðborgarsvæðinu dragist saman um allt að 2,6 prósent á árinu miðað við árið í fyrra. Þetta kemur fram á heimasíðu Vegagerðarinnar.

Umferðin var örlítið meiri á höfuðborgarsvæðinu í september en í sama mánuði í fyrra. Þrjá af níu mánuðum ársins hefur umferðin verið meiri en í fyrra.

Vegagerðin mælir umferðina á Hafnarfjarðarvegi, Nesbraut ofan Ártúnsbrekku og Reykjanesbraut við Dalveg. Umferð er að meðaltali mest á haustin á höfuðborgarsvæðinu. - þeb

VEÐURSPÁ

Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

HLÝNAR Í dag blæs og rignir hressilega S- og SV-til en NA-lands verður bjart fram eftir degi. Á morgun verður áfram vætusamt S- og V-til en þurrt að kalla norðaustantil. Á föstudaginn má búast við skúrum, þá verður búið að lægja að mestu leyti – og það kólnar á ný!



HEIMURINN

Alicante	28°
Basel	24°
Berlín	13°
Billund	13°
Frankfurt	19°
Friedrichshafen	17°
Gautaborg	13°
Kaupmannahöfn	13°
Las Palmas	27°
London	20°
Mallorca	22°
New York	18°
Orlando	29°
Ósló	12°
París	19°
San Francisco	25°
Stokkhólmur	10°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Daviðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Brynja Gunnarsdóttir *brynjag@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is

ÍSLENSKA SIA.IS ARI 56722 10/11

„Ég vil hafa meirihluta lánsins óverðtryggðan.“

Sigríður Dögg Arnardóttir, 28 ára.

Nú getur þú blandað saman **óverðtryggðu** og **verðtryggðu íbúðaláni**.

Kynntu þér málið á **arionbanki.is**

Hvað **skiptir** þig máli?

arionbanki.is – 444 7000

Arion banki

KJÖRKASSINN

Telur þú að Karl Sigurbjörnsson biskup eigi að segja af sér?

JÁ	76,3%
NEI	23,7%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Styður þú framkvæmdir við Vaðlaheiðargöng?

Segðu þína skoðun á Vísi.is

Ákærður fyrir að hafa valdið dauða annars manns, en ber við minnisleysi:

Neitaði sök í manndrápsmáli

DÓMSMÁL Tæplega fertugur karlmaður, Redouane Naoui, neitaði sök við fyrirtöku máls í Héraðsdómi Reykjavíkur í vikunni, þar sem hann er sakaður um manndráp. Naoui bar við minnisleysi um þá atburði sem áttu sér stað í júlí á veitingastaðnum Monte Carlo í Reykjavík, þar sem maður var stunginn með hnífi og lést síðan af völdum áverkanna.

Redouane Naoui er gefið að sök að hafa að kvöldi fimmtudagsins 14. júlí 2011, á veitingastaðnum Monte Carlo á Laugavegi 34 í Reykjavík, veist að íslenskum manni með hnífi og stungið hann í hálsinn vinstra megin með þeim afleiðingum að slagæð fór í sundur.

Árásarmaðurinn, sem hefur verið búsettur hér á landi í átta ár, var handtekinn á veitingastaðnum eftir atlöguna. Maðurinn sem fyrir árásinni varð var fluttur á Landspítalann. Hann lést 26. júlí 2011 af völdum áverkanna.

Aðstandendur hins látna krefjast þess að Naoui verði dæmdur til greiðslu bóta samtals að fjárhæð ríflega fimm milljónir króna. - jss

REDOUANE NAOUI Fyrirtaka í máli gegn honum fór fram í héraðsdómi í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Beitti tönnum á lögreglustöð:

Beit í hönd á lögreglumanni

DÓMSMÁL Karlmaður um fertugt hefur verið dæmdur í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að bíta lögreglumann.

Manninum er gefið að sök að hafa í mars síðastliðnum ráðist með ofbeldi á viðkomandi lögreglumann á lögreglustöðinni í Reykjanesbæ og bitið hann í þumalfingur hægri handar.

Afleiðingarnar urðu þær að lögreglumaðurinn hlaut tveggja sentimetra skurð yfir fingurinn og annað bitsár rétt við naglrót hægri þumalfingurs. - jss

Viltu léttast og láta þér líða betur?

Nýtt námskeið hefst 24. okt.

Heilsulausn 3- Hentar einstaklingum sem glíma við offitu, ofþyngd, hjartasjúkdóma og /eða sykursýki. 12 mánaða námskeið að léttara lífi.

Grunnnámskeið 2 mán. og framhaldsnámskeið 10 mán.

Verð 14.900 kr. á mánuði í ár

Að námskeiðinu standa læknar, íþróttafræðingar, hjúkrunarfræðingar, markþjálfi, sjúkraþjálfari og næringarfræðingur.

Skráning á mottaka@heilsuborg.is eða í síma 560 1010.

HEILSUBORG
Faxafeni 14 www.heilsuborg.is

Í HÉRAÐSDÓMI Í GÆR Gærdagurinn hjá Siv Friðleifsdóttur hófst með því að hurð í bílageymslu Alþingis skelltist á hönd hennar svo hún þríbrotnaði. Hún mætti síðan eftir hádegi í héraðsdóm og bar vitni í máli gegn fyrrverandi sambýlismanni sínum. Á myndinni til vinstri má sjá Þorstein ásamt lögmanni sínum, Brynjólfi Eyvindssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Siv bað lögregluna að kanna öryggismál sín

Siv Friðleifsdóttir segist hafa óttast um öryggi sitt vegna hegðunar fyrrverandi sambýlismanns síns, Þorsteins Húnbogasonar. Saksóknari fór í gær fram á að Þorsteinn yrði dæmdur á tveggja mánaða skilorð fyrir að njósna um Siv.

DÓMSMÁL Alþingiskonan Siv Friðleifsdóttir hefur beðið lögreglu að fara yfir öryggismál hennar vegna tölvupósts frá Þorsteini Húnbogasyni, fyrrverandi sambýlismanni hennar, sem hún telur að innihaldi hótanir.

Þetta kom fram í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær þar sem fram fór aðalmeðferð í máli ákæruvaldsins gegn Þorsteini. Þorsteinn er ákærður fyrir brot á fjarskiptalögum með því að hafa komið fyrir eftirfararbúnaði í bíl sem hún hafði til umráða. Hann gat með því nálgast nákvæmar upplýsingar um ferðir hennar á lokuðu vefsvæði.

Talsverður munur var á frásögnum Þorsteins og Sivjar fyrir dómnum.

Saga Þorsteins er eitthvað á þessa leið: Hann hafi rætt það við Siv snemma árs 2010 að þau þyrftu að koma ökurita fyrir í bíl sínum því sonur þeirra væri að fara að nota hann í æfingaakstri og að loknu bílprófi.

Um haustið, eftir að þau slitu sambúð, hafi hann síðan látið verða af því, farið með annan bíl þeirra á verkstæði og látið koma ökurita fyrir. Sé ökuriti í bíl þarf að auðkenna hann með límmiða í hliðarglugga bílstjóra og segist Þorsteinn hafa beðið um annan slíkan, enda kynni hann að vilja færa ökuritann í hinn bíl þeirra – þann sem Siv notaði hvað mest.

Það segist hann svo hafa gert, ekki til að njósna um Siv, heldur af því að sonur hans mundi líklega nota þann bíl meira. Hann hafi límt miðann sem hann fékk á verkstæðinu í afturrúðuna.

Þorsteinn segist alls ekki hafa verið kominn upp á lagið með að nota vefsvæðið sem fylgdi ökuritanum þegar Siv kærði hann. Hann hafi því einfaldlega ekki kunnað að fylgjast með ferðum fólks með aðstoð hans. „Ef þessi kæra er lesin er hún bara hreinn og klár sóðaskapur," sagði Þorsteinn um kæru Sivjar.

> Ég varð mjög hrædd og vildi að lögregla færi yfir það hvort ég þyrfti að gera ráðstafanir.
>
> **SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR**
> ALÞINGISMAÐUR

„Það er haugalygi," sagði Siv um þá fullyrðingu Þorsteins að þau hefðu rætt það fyrr á árinu að koma fyrir ökurita í bílnum.

Að hennar sögn fór hún að verða vör við það skömmu eftir að hún sleit sambúðinni við Þorstein í fyrrahaust að hann virtist vita mikið um það hvar hún héldi sig dags daglega og birtist jafnvel á stöðunum eins og fyrir tilviljun.

„Ég hélt fyrst að hann væri með manneskju að elta mig," sagði Siv. Hún hafi orðið mjög vör um sig og kvaðst hafa vitað til þess að Þorsteinn hefði beðið fólk að fylgjast með henni.

Eftir því sem tilvikunum fjölgaði sagðist Siv hafa áttað sig á því að tæpast gæti verið um tilviljun að ræða. Hún hafi því að endingu farið með bílinn á verkstæði og beðið um að leitað yrði að njósnabúnaði í honum. Þar hafi þau svör fengist að engin ytri ummerki væru um slíkan búnað, til dæmis enginn límmiði í glugga. Við ítarleit hafi ökuritinn þó fundist.

„Ég vildi helst ekki trúa þessu en það bara hlaut að vera. Mér misbýður bara svona," sagði Siv. Að baki njósnunum byggi „einbeittur vilji til að reyna að knésetja" hana.

Siv sagðist halda að límmiðinn sem lögregla fann í afturrúðu bílsins hefði ekki verið þar fyrr en málið komst upp. Þá hefði Þorsteinn stolið gömlum límmiða af öðrum bíl og komið honum fyrir á sínum „til að þykjast hafa merkt bílinn".

Þessi kenning fékk nokkra stoð í framburði vitna. Þannig könnuðust starfsmenn fyrirtækisins þar sem Þorsteinn keypti ökuritann ekki við að hann hefði fengið aukalímmiða, auk þess sem miðinn sem fannst í glugganum var af gerð sem ekki hefur verið notuð í fimm ár. Þá bar lögregluþjónn að miðinn hefði verið snjáður, líkt og hann hefði verið notaður áður.

Siv bar fleiri sakir á Þorstein í dómsalnum í gær, sem ekki koma málinu beint við. Málið sem nú væri fyrir dómi væri aðeins toppurinn á ísjakanum. Hún sagði hann hafa sent sér „ógeðsleg sms", hefði brotist inn í upplýsingar um símnotkun hennar og sent þær út í bæ til greiningar og hótað henni í tölvupósti. „Ég varð mjög hrædd og vildi að lögregla færi yfir það hvort ég þyrfti að gera ráðstafanir," sagði Siv.

Dagmar Ösp Vésteinsdóttir, sem flutti málið af hálfu ákæruvaldsins, sagði að Þorsteinn hefði með athæfi sínu brotið gróflega gegn friðhelgi einkalífs Sivjar og fór fram á að hann yrði dæmdur í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi.

Brynjólfur Eyvindsson, lögmaður Þorsteins, sagði á móti að meint afbrot Þorsteins væru með öllu ósönnuð. Það eina sem lægi fyrir væri að hann hefði komið ökurita fyrir í bíl sem skráður hefði verið á son þeirra en hefði í raun verið eign Þorsteins. Honum hafi verið fyllilega heimilt að gera það, enda hafi Siv notað bílinn í heimildarleysi eftir sambúðarslitin.

Þá sagði Brynjólfur að engar sannanir væru fyrir því að Þorsteinn hefði nokkurn tímann notað kerfið sem fylgdi ökuritanum til að grafast fyrir um ferðir Sivjar. Meðal gagna í málinu er þó útprentaður listi sem Siv fann á heimili Þorsteins yfir staði sem hún hafði verið á tiltekinn dag.

stigur@frettabladid.is

NÁMSKEIÐ Í REIÐISTJÓRNUN

Reiði og neikvæð viðbrögð við reiði og öðrum skyldum tilfinningum geta skert lífsgæði fólks verulega.

Elsa Bára Traustadóttir sálfræðingur heldur námskeið í reiðistjórnun í húsi Kvíðameðferðarstöðvarinnar (KMS), Skútuvogi 1a. Námskeiðið er ætlað körlum og konum sem vilja ná betri tökum á reiði og erfiðum tilfinningum.

Námskeiðið hefst 17. október og lýkur 17. nóv

Nánari upplýsingar og skráning í síma 662-8318 eða með tölvupósti þar sem fram kemur nafn, kennitala og símanúmer á póstfangið: elsabt@simnet.is

15% afsláttur til N1 korthafa

Mundu að framvísa N1 kortinu til að tryggja þér afsláttinn.

TÉKKLAND
Bifreiðaskoðun

Borgartúni / Holtagörðum / Reykjavíkurvegi / Sími 414 9900 / www.tekkland.is

SIMPLY CLEVER

ŠKODA

Margfaldur sigurvegari í sparakstri

Skoda bifreiðar eru þekktar fyrir sparneytni og lága bilanatíðni.
Það þekkja hinir fjölmörgu Skoda eigendur á Íslandi best.
Octavia Combi 4x4 1.6 TDI eyðir aðeins 5,4 lítrum á hverja hundrað kílómetra.

Ferðast þú stundum utan alfaraleiðar?
Þá færum við þér góðar fréttir.
Nú fæst Octavia bæði með fjórhjóladrifi og DSG-sjálfskiptingu.

Með öðrum orðum:
Sparneytni og þægilegur akstur við allar aðstæður saman komin í einum bíl.

Skoda Octavia Combi 4x4 1.6 TDI 105 hestöfl kostar frá kr. 4.530.000

Staðalbúnaður: Loftkæling, 16" álfelgur, aksturstölva, ESP stöðugleikastýring, hraðastillir o.fl.

HEKLA

Reynslan er góð!

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

Sigurður Hjörtur Kristjánsson
sérfræðingur í lyflækningum og hjartasjúkdómum
opnar hinn 24. október n.k. stofu í
Læknasetrinu
Þönglabakka 6, 109 Reykjavík.
Tímapantanir í síma 535 7700

Budapest
18. - 23. október
Frá kr. **69.900**

Fimm nátta helgarferð - allra síðustu sæti!
Heimsferðir bjóða frábært sértilboð á allra síðustu sætunum í fimm nátta ferð 18. október til hinnar einstöku perlu Búdapest. Búdapest er ótvírætt ein fegursta borg Evrópu og hún býður einstakt mannlíf, menningu og skemmtun auk frábærra veitinga- og skemmtistaða. Í boði er mjög takmarkaður fjöldi herbergja á einstökum kjörum, m.a. á Hotel Star Inn Centrum sem er gott og frábærlega staðsett hótel í miðborginni. Verðlagið í Búdapest er frábært svo hér er tilvalið að versla og njóta lífsins á einstaklega hagkvæman hátt. Fararstjórar Heimsferða gjörþekkja borgina og kynna þér sögu hennar og heillandi menningu.

Frá kr. 69.900
Hotel Star Inn Centrum * * *
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli í 5 nætur á Hotel Star Inn *** með morgunverði.
Sértilboð 18. október. Ath. verð getur hækkað án fyrirvara.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á sliku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Ákærð fyrir stórfelldan fjárdrátt frá fasteignasölunni Hraunhamri:

Sökuð um að stela sex milljónum

DÓMSMÁL Kona á fertugsaldri hefur verið ákærð fyrir Héraðsdómi Reykjaness fyrir stórfelldan fjárdrátt.

Konunni er gefið að sök að hafa sem bókari og gjaldkeri, hjá fasteignasölunni Hraunhamri í Hafnarfirði, dregið sér á árunum 2007 og 2008 fjármuni og önnur verðmæti frá félaginu, alls rúmlega sex milljónir króna. Konan tók út vörur, samtals að verðmæti 905.239 krónur, í 24 skipti í heimildarleysi, leysti út í nafni Hraunhamars og nýtti í eigin þágu. Meðal annars keypti hún sjónvarp, tölvu og myndavél.

Þá er konunni gefið að sök að hafa greitt seljanda fasteignar, sem konan hafði sjálf fest kaup á, fyrir milligöngu Hraunhamars, þrjár milljónir króna af bankareikningi fasteignasölunnar, sem greiðslu vegna afhendingar fasteignarinnar. Konan hafði áður aðeins lagt tvær milljónir inn á reikning Hraunhamars.

Þá dró konan sér tæplega 4,5 milljónir með því að gefa út tékka af bankareikningum Hraunhamars. Þá dró hún sér ríflega 200 þúsund frá starfsmannafélagi Hraunhamars.

- jss

Í EIGIN VASA Konan tók fjármunina til eigin nota.

Vilja lóð fyrir skemmtigarð:

Auga Óðins í finnsku seglhúsi

FÓLK Tveir athafnamenn óska nú eftir því að fá lóð í Reykjavík undir stórhýsi fyrir skemmti- og fræðslugarðinn Auga Óðins. Sama verkefni var í bígerð í Hveragerði um nokkurt skeið. Þema garðsins er ásatrú.

Guðbrandur Gíslason og Ólafur Viðarsson óska eftir fundi með fulltrúum Reykjavíkurborgar um það hvort hægt sé að finna starfseminni stað í borginni. Sjálfir vilji þeir helst vera austan Kringlumýrarbrautar. Segja þeir flatarmál hússins þurfa að vera á bilinu átta til tíu þúsund fermetrar og lofthæðina yfir 25 metrar. Byggingin verði „finnskt stálgrindarhús með frönskum segldúk“. Ráðgert sé að opna Auga Óðins vorið 2013.

- gar

Togstreita valdamanna

Þau Júlía Tímosjenko og Viktor Jústsjenko voru í fararbroddi appelsínugulu byltingarinnar í Úkraínu árið 2004, þegar stjórnarandstaðan sakaði Leoníd Kútsjma forseta og Viktor Janúkovitsj forsætisráðherra um kosningasvindl. Þau Tímosjenko og Jústsjenko komust til valda í kjölfarið, hún sem forsætisráðherra en hann sem forseti. Fljótlega slettist upp á vinskapinn og Jústsjenko rak Tímosjenko og ríkisstjórn hennar haustið 2005. Hún komst aftur til valda árið 2007 en 2010 bauð hún sig fram til forseta gegn fjandvini sínum Janúkovitsj, og beið lægri hlut. Stuttu síðar samþykkti þjóðþing landsins vantraust á ríkisstjórn hennar.

Réttarhöldin sögð pólitísk- ar ofsóknir

Júlía Tímosjenko, fyrrverandi forsætisráðherra Úkraínu, var í gær dæmd í sjö ára fangelsi að loknum réttarhöldum, sem ESB segir ekki standast alþjóðlegar kröfur. Dómari taldi hana hafa misnotað völd sín.

ÚKRAÍNA Júlía Tímosjenko, helsti leiðtogi stjórnarandstöðunnar í Úkraínu, var í gær dæmd í sjö ára fangelsi fyrir að hafa misnotað völd sín þegar hún var forsætisráðherra árið 2009.

Dómarinn var lengi að lesa upp dóminn, en Tímosjenko beið ekki eftir að hann lyki lestrinum heldur hóf að ræða við blaðamenn í dómsalnum áður en lestrinum var lokið.

Hún líkti réttarhöldunum við sýndarréttarhöld Stalíns og sakaði Viktor Janúkovitsj forseta um að hafa samið dóminn sjálfur.

Þegar Kíríjev dómari gekk úr réttarsalnum hrópaði Oleksandr Tímosjenko, eiginmaður Júlíu, að dómarinn muni sjálfur fá sams konar dóm einhvern daginn.

Tímosjenko var í forystusveit appelsínugulu byltingarinnar svonefndu árið 2004, þegar stjórnarandstöðunni tókst með víðtækum stuðningi almennings að hrekja bæði Leoníd Kútsjma úr embætti forseta og Janúkovitsj úr embætti forsætisráðherra.

Janúkovitsj er nú orðinn forseti og Tímosjenko sakar hann um að standa að baki þessum réttarhöldum.

Catherine Ashton, utanríkismálafulltrúi Evrópusambandsins, segir niðurstöðu dómarans valda sér miklum vonbrigðum. Réttarhöldin hafi ekki staðist alþjóðlegar kröfur og dómsniðurstaðan staðfesti að dómsvaldið sé notað í pólitískum tilgangi gegn stjórnarandstöðunni.

Hún segir að Evrópusambandið muni nú endurskoða samskipti sín við Úkraínu. Evrópusambandið hefur unnið að því að taka upp nánara samstarf við Úkraínu.

Réttarhöldin snerust um samning, sem gerður var við Rússa árið 2009 um að Úkraína greiði Rússum sambærilegt verð fyrir gas og tíðkast í Vestur-Evrópu.

Samkomulagið var gert á fundum Tímosjenko með Vladimír Pútín, forsætisráðherra Rússlands, en undirritað af yfirmönnum gasfyrirtækja landanna beggja, Gazprom í Rússlandi og Naftogaz í Úkraínu.

Andstæðingum Tímosjenko þykir samningurinn óhagstæður Úkraínu og dómarinn komst að þeirri niðurstöðu að hún hefði farið út fyrir valdsvið sitt sem forsætisráðherra þegar hún gerði samninginn við Pútín. Fyrir það eigi hún skilið sjö ára fangelsi.

Lögfræðingar Tímosjenko hafa ákveðið að áfrýja dómnum og Tímosjenko hefur sagst ætla að fara með hann fyrir Mannréttindadómstól Evrópu.

gudsteinn@frettabladid.is

HINN EINI SANNI
sláturmarkaður!



ÓDÝRT OG GOTT!
Keppurinn á ca. 90 kr.

SLÁTUR MARKAÐUR
ferskt daglega!

í Hagkaup SMÁRALIND

Afgreitt frá kl. 14 - 18*

* Alla daga nema mánudaga og sunnudaga meðan birgðir endast

Smáralind

ÓDÝRT Í HAGKAUP

Sérvalinn og snyrtur
½ lambaskrokkur
100% nýting engin slög

- Heilt lambalæri
- 1/2 hryggur, sagaður í kótilettur
- Frampartur sagaður
- Súpukjöt

30% afsláttur við kassa

1098kr/kg ~~1568kr/kg~~

24 Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



BOLSHOI-LEIKHÚSIÐ OPNAÐ Bolshoi-leikhúsið í Moskvu hefur verið lokað vegna viðgerða en verður opnað í lok október. NORDICPHOTOS/AFP

Í fangelsi fyrir ofbeldi:

Rak illa anda úr konunni

SVÍÞJÓÐ Íbúi í Lundi í Svíþjóð hefur verið dæmdur í átta mánaða fangelsi og til að greiða jafngildi 700 þúsund íslenskra króna í sekt fyrir að hafa beitt eiginkonu sína ofbeldi í mörg ár. Hann reyndi jafnframt að reka úr henni illa anda.

Árið 2006 afplánaði maðurinn fangelsisdóm fyrir sams konar brot.

Í ágúst síðastliðnum skildu hjónin, sem höfðu verið gift í níu ár og eiga tvö lítil börn, að borði og sæng.

Konan óttaðist manninn og fékk móður sína og vinkonu með sér til að ganga úr skugga um að íbúð hennar væri mannlaus. Þær töldu svo vera en þegar konan fór á snyrtinguna kom maðurinn undan sturtuhenginu og reyndi að kyrkja hana. - ibs

Enn deila þingmenn um virkjanir og vernd

Ríkisstjórnin var sökuð um að styðja ekki nægilega við uppbyggingu virkjana. Málið sagt vera í eðlilegum farvegi rammaáætlunar. Brigslað um æðibunugang og skort á hugrekki. Forsmekkur að deilum um rammaáætlun í vetur.

FRÉTTASKÝRING

Hvað vilja þingmenn varðandi virkjanir?

Stjórnarandstaðan gagnrýndi ríkisstjórnina á þingi í gær fyrir aðgerðaleysi í virkjanamálum. Jón Gunnarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, var málshefjandi og lagði til grundvallar skýrslu um efnahagsleg áhrif af rekstri og arðsemi Landsvirkjunar til ársins 2035.

Jón sagði að ef framkvæmdastefnu fyrirtækisins væri fylgt ykist hagvöxtur um 1,5 til 2,5 prósent á næsta ári, auk þess sem um það bil 2.000 störf myndu skapast. Virkjanakostirnir sem áætlunin næði til ættu ekki að vera umdeildir, enda lentu þeir allir í nýtingarflokki rammaáætlunar. Ekki væri spurning um hvort þeir væru virkjaðir, heldur hvenær. Málið þoldi enga bið og þegar í stað ætti að stuðla að virkjunum.

Jón sagði ljóst að annar stjórnarflokkurinn, Vinstri grænn, hefði líf ríkisstjórnarinnar í gíslingu, vegna andstöðu við virkjanir í neðrihluta Þjórsár. Kaupendur væru fyrir hendi, orkan væri fyrir hendi. Það eina sem vantaði væri kjarkur í ríkisstjórninni.

Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra sagði ekkert óljóst í málinu. Rammaáætlun um vernd og orku-

ALÞINGI Iðnaðarráðherra sagðist efast um að nokkur ríkisstjórn hefði gert jafn mikið í að gera áætlanir um orkunotkun til framtíðar. Einni virkjanaframkvæmd væri nýlokið og þrjár komnar á framkvæmdastig. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

nýtingu náttúrusvæða, sem hefði verið allt of lengi í smíðum, væri komin í ákveðið ferli. Fráleitt væri að ætla að taka virkjanakosti út úr því ferli, enda væri rammaáætluninni ætlað að skapa umhverfi þar sem hægt væri að lyfta sér upp yfir þær deilur sem klofið hefðu þjóðina í allt of langan tíma. Hún mundi gjörbreyta öllum forsendum til orkunýtingar til lengri tíma.

Fjölmargir þingmenn kváðu sér hljóðs í umræðunni og eins og oft áður skiptust skoðanir eftir línum stjórnar og stjórnarandstöðu. Það var þó ekki algilt. Þór Saari, þingmaður Hreyfingarinnar, sagði málshefjanda vilja hunsa rammaáætlunina og fara strax af stað.

„Enn einu sinni er verið að dingla lottóvinningum framan í landsmenn á kostnað vandvirkni og umhverfisins.“ Nauðsynlegt væri að vanda umræðuna.

Guðmundur Steingrímsson, þingmaður utan flokka, sagði skýrslu Landsvirkjunar boða byltingarkennda grundvallarhugsun, sem væri ný fyrir marga í sal Alþingis. „Landsvirkjun ætlar sér að selja orkuna, sem hún aflar úr sameiginlegum auðlindum þjóðarinnar, háu verði.“ Eðlilegt væri að fá sem hæst verð fyrir orkuna.

Stjórnarandstæðingar brigsluðu ríkisstjórninni um að standa í vegi fyrir þjóðþrifaframkvæmdum, en stjórnarþingmenn sögðu á móti að krafan um að taka nokkra virkjanakosti út fyrir rammaáætlunina lýsti æðibunugangi.

Ljóst er að umræðan í gær er forsmekkur að því sem koma skal þegar þingmenn takast á um flokka rammaáætlunar.Ún er nú í opnu umsagnarferli sem stendur til 12. nóvember. Þá mun tillagan fara fyrir Alþingi og verða unnin áfram í nefndum. Eftir stendur að þingmenn munu þurfa að taka afstöðu til virkjanakosta og verndarsvæða. Rammaáætlunin gæti því reynst ríkisstjórninni óþægur ljár í þúfu.

kolbeinn@frettabladid.is

FRIÐARMERKIÐ MÓTAÐ 30 börn af leikskólanum Nóaborg heimsóttu Höfða í gær í tilefni afmælisins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

25 ár frá friðarfundi í Höfða:

Börn mynduðu friðarmerki

SAMFÉLAGSMÁL Börn af leikskólanum Nóaborg heimsóttu Höfða í gær. Tilefni heimsóknarinnar var að 25 ár voru liðin frá því að leiðtogafundur Ronalds Reagan, forseta Bandaríkjanna, og Mikhaíls Gorbatsjov, leiðtoga Sovétríkjanna, var haldinn í Höfða.

Börnin á Nóaborg hafa verið að fjalla um friðarhugtakið í leikskólanum og mynduðu þau friðarmerkið á hringtorginu framan við húsið. Börnin færðu Reykjavíkurborg mynd í anda friðar að gjöf. Að því loknu var sungið og fræðst stuttlega um sögu hússins hjá Evu Einarsdóttur borgarfulltrúa. - sv

DÓMSMÁL

Kærði til Hæstaréttar

Karlmaður, sem stal sprengiefni úr tveimur rammgerðum gámum í síðustu viku, var á reynslulausn. Eftir yfirheyrslu var hann færður í Héraðsdóm Reykjavíkur sem úrskurðaði að hann skyldi hefja afplánun þegar í stað. Hann var því færður í fangelsi en um er að ræða eftirstöðvar um 300 daga refsingar. Maðurinn hefur kært úrskurðinn til Hæstaréttar.

Úrval notaðra bíla

Nánar á www.askja.is

Kia Sorento Ex
árg. 2008, ekinn 72 þús. km
2500cc, dísel, sjálfsk.
- Álfelgur
- 3,5 tonna dráttargeta

Verð kr. 3.690.000

Mánaðarleg afborgun kr. 66.775
m.v. 1.107.000 kr. útborgun og lán til 48 mánaða.

Volkswagen Golf
árg. 2007, ekinn 104 þús. km
1598cc, bensín, sjálfsk.
- Álfelgur
- Vel með farinn

Verð kr. 1.790.000

Mánaðarleg afborgun kr. 40.654
m.v. 537.000 kr. útborgun og lán til 36 mánaða.

Kia cee'd
árg. 2010, ekinn 36 þús. km
1400cc, bensín, beinsk.
- Álfelgur
- Lítið ekinn

Verð kr. 2.260.000

Mánaðarleg afborgun kr. 28.822
m.v. 678.000 kr. útborgun og lán til 72ja mánaða.

Audi A3
árg. 2007, ekinn 40 þús. km
1595cc, bensín, beinsk.
- Álfelgur
- Vel með farinn gullmoli

Verð kr. 2.390.000

Mánaðarleg afborgun kr. 54.239
m.v. 717.000 kr. útborgun og lán til 36 mánaða.

ergo fjármögnun býðst fyrir allt að 10 ára gamla bíla · Allt að 60% fjármögnun Jafnar greiðslur á samningstíma · Lánstími allt að 7 ár · Engin stimpil- eða þinglýsingargjöld · Gull- og platinumhafar Ergo fá afslátt af lántökugjöldum og betri vaxtakjör · Ef þú kýst að skipta út bílnum á samningstímanum geturðu sameinað eldri samning og nýjan eða fengið tækjaskipti · Þú eignast bílinn að samningstíma loknum Það er hvorki umfram- né uppgreiðslugjald á þessum samningum.

ASKJA

Opið virka daga frá 9-18
Laugardaga frá 12-16

Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is

Alicante
um jólin með VITA
Beint flug með Icelandair!

Beint flug, glæsilegur farkostur.

Það var þessi þægilegheitatilfinning sem við höfðum í huga þegar við settum nýtt afþreyingarkerfi í flugflota Icelandair. Hver farþegi hefur sinn eigin skjá þar sem er í boði án endurgjalds fjölbreytt úrval af kvikmyndum, vinsælum sjónvarpsþáttum, tónlist og tölvuleikjum. Hver og einn velur sína eigin dagskrá og getur auk þess sótt upplýsingar um flugferðina sjálfa og margt fleira.

Vinsamlegast athugið: Einstaka sinnum kemur fyrir að farþegar VITA fljúgi með Icelandairvél sem ekki er búið að setja í ný sæti og nýtt afþreyingarkerfi.

Flugsæti, verð frá

74.900 kr.

Innifalið: Flug fram og til baka og flugvallarskattar.

Eingöngu er hægt að bóka útflug 22. des. og heimflug 2. jan.

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

Ferðaskrifstofa Íslands Ferðamálastofu

VITA | Suðurlandsbraut 2 | Sími 570 4444 | VITA.is

vita

VITA er lífið

ÍSLENSKA SÍA IS VIT 56741 10/11

skoðun

greinar@frettabladid.is

Gamall þingmaður segir hlutina umbúðalaust:

Upp úr kviksyndinu?

Kristinn H. Gunnarsson, fyrrverandi alþingismaður, skrifaði góða grein hér í blaðið í gær um þá sjálfsblekkingu, sem alltof margir virðast enn lifa í, að „hægt sé að strika út efnahagsáhrif hrunsins og hverfa aftur til lífskjara ársins 2007“.

Kristinn bendir á að lífskjör og kaupmáttur ársins 2007 hafi byggzt á alltof hátt skráðu gengi, viðskiptahalla og lántökum, með öðrum orðum verið blekking. „Pólitísk umræða er föst í 2007 og öll orkan fer í kröfur til stjórnvalda um að færa skuldurum aftur gærdaginn. Hagsmunasamtök heimilanna stjórna umræðunni og ístöðulitlir stjórnmálamenn keppast um að lofa því að strika út hrunið og færa kjósendum aftur 2007-lífið,“ skrifar Kristinn. „En það er alltaf einhver sem borgar.“

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Hér skrifar maður sem nýtur reynslu og yfirsýnar stjórnmálamannsins, en þarf ekki framar að sækjast eftir endurkjöri og getur fyrir vikið sagt hlutina eins og þeir eru. Stjórnmálamenn sem eru enn í bransanum eru ekki eins duglegir að segja okkur þá umbúðalaust.

Umræðan um ríkisfjármálin ber þess oft merki. Of sjaldan horfist fólk í augu við hina einföldu staðreynd að við höfum ekki efni á þeim ríkisrekstri, sem á góðæristímanum var þaninn út yfir mörk hins forsvaranlega. Þótt enn sé hvorki búið að ná ríkisútgjöldunum niður í það sem þau voru í byrjun aldarinnar né fjölda ríkisstarfsmanna tala margir eins og verið sé að færa þjónustu ríkisins aftur um áratugi þegar reynt er að laga útgjöldin að tekjunum.

Þegar Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra sagði í ágúst síðastliðnum að vel væri hægt að lifa með því að fara 3-4 ár til baka í þjónustu heilbrigðiskerfisins varð náttúrlega allt vitlaust. En Guðbjartur benti á það augljósa; að á árunum 2004 til 2006 var þjónusta heilbrigðiskerfisins í fremstu röð miðað við flest önnur ríki. Á útgjaldaaukningunni síðan þá höfum við ekki efni og eigum að horfast í augu við það.

Það er alltaf einhver sem borgar, segir Kristinn H. Gunnarsson. Ekki örlar á miklum skilningi á því í umræðum um skuldavanda heimilanna sem stjórnmálamenn taka þátt í af miklu ábyrgðarleysi. Þar gleymist oft að þótt allir hafi það heldur verra en fyrir hrun, er það ekki nema um fimmtungur sem er í verulegum erfiðleikum. Hinir borga af lánunum sínum.

Þegar rætt er um „leiðréttingu“ á lánum með því að fella niður allar verðbætur frá hruni gleymist líka að almenningur mun óhjákvæmilega bera kostnaðinn með einum eða öðrum hætti. Í tilfelli Íbúðalánasjóðs og Landsbankans myndu skattgreiðendur borga beint. Í tilfelli annarra banka er líklegt að skattgreiðendur yrðu að bæta þeim tjónið af því að fella niður skuldir, sem verið er að borga af. Í tilviki lífeyrissjóðanna myndu sjóðfélagarnir, launþegar í landinu, bera kostnaðinn.

Á meðan markmiðin eru fullkomlega óraunhæf er umræðan föst í kviksyndi, segir gamli þingmaðurinn. Þeir sem nú sitja á þingi mættu gjarnan koma sér upp úr vilpunni og reyna að koma umræðunni á grunn hinna bláköldu staðreynda í staðinn fyrir að halda áfram að reyna að villa um fyrir fólki og skapa falskar vonir.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Hin heilaga þrenning

Karli Sigurbjörnssyni er vandi á höndum. Ljóst er að hann brást rangt við þegar mál Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur kom inn á borð til hans. Útkoma bókar Guðrúnar Ebbu og viðtal við hana í Kastljósi hefur enn á ný vakið upp spurningar um hvernig Karl vélaði um málið. Og hvernig bregst biskup við þessari erfiðu aðstöðu? Jú, hann lokar sig inni á fundi með kollegum sínum, vígslubiskupum á Hólum og í Skálholti. Hin heilaga þrenning setur saman yfirlýsingu, nokkurs konar fréttatilkynningu, sem sett er á vef kirkjunnar. Þetta er eins og skrifað eftir handriti PR-manna, lokið ykkur af og lágmarkið skaðann.

Ekki þjónn fólksins

Á sama tíma eru allir fjölmiðlar landsins að reyna að ná tali af biskupi. Fjölmörgum spurningum er ósvarað, en Karl telur óþarfa að svara fjölmiðlum. Það er trauðla þjónn fólksins sem lokar sig af og talar við það með yfirlýsingum. Af hverju sýnir Karl ekki dug og talar við fólkið í landinu, ekki síst þar sem kirkjan telur sig tilheyra þjóðinni?

Hneykslun Bjarna Ben

Á meðan kirkjan setur niður vegna viðbragðsleysis og þagnar forystu hennar, er rétt að rifja upp orð formanns Sjálfstæðisflokksins úr síðustu eldhúsdagsumræðu. Þar skammaði hann þá þingmenn sem ekki mættu í kirkju og snupraði Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir að hafa íhugað að segja sig úr þjóðkirkjunni „án þess að gefa neinar skýringar“ í fyrra. Vandræðagangur kirkjunnar hefur líklega gert það að verkum að fleiri skilja þær hugleiðingar forsætisráðherra en hneykslan Bjarna Benediktssonar.

kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR

Árangur hefur náðst

Efnahagsmál

Magnús Orri Schram
alþingismaður

Á undanförnum tveimur árum hefur orðið 140 milljarða viðsnúningur í rekstri ríkisins og ef ekki væri fyrir vaxtakostnað væri ríkissjóður rekinn með 40 milljarða hagnaði á næsta ári. 57% af þessu aðhaldi hafa átt sér í stað í gegnum útgjöldin – 43% í gegnum tekjurnar. Engu að síður hefur ríkisstjórnin aukið útgjöld til velferðarmála, samanborið við fyrri ríkisstjórnir. Þá hafa skattar aldrei náð því að vera jafn stór hluti af landsframleiðslu í tíð ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur og þeir voru í tíð ríkisstjórnar Framsóknar og Sjálfstæðisflokks. Það þýðir að í tíð íhaldsins tók ríkið á „góðæristímum“ stærri hluta af veltu þjóðfélagsins í skatta en ríkið gerir í dag.

Það hefur líka gleymst að síðan ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur tók við hefur tekjuskattur lækkað hjá 60-70% einstaklinga. Þannig höfum við reynt að létta undir með þeim sem lægstu tekjurnar hafa. Alls greiða 85 þúsund manns að lægra hlutfall af tekjum sínum í skatt árið 2010 en árið 2008.

Á fyrri helmingi þessa árs mældist hagvöxtur á Íslandi 2,5% sem er meiri hagvöxtur en hjá helmingi ríkja með þróað hagkerfi (innan OECD). Hrunið sópaði burt 13-14 þúsund störfum en nú hefur orðið viðsnúningur á vinnumarkaði. Síðustu tvö árin hefur störfum fjölgað um 3.600 eða nokkuð umfram fjölgun starfandi fólks. Þá hefur atvinnuleysi ekki verið minna síðan í ársbyrjun 2009 og er mjög lágt í alþjóðlegum samanburði.

> Undanfarin ár hafa reynst okkur erfið og mörg okkar munu glíma við eftirköst hrunsins til einhverrar framtíðar.

Björgunaraðgerðum hrunsins er smátt og smátt að ljúka. Undanfarin ár hafa reynst okkur erfið og mörg okkar munu glíma við eftirköst hrunsins til einhverrar framtíðar.

En við erum búin með það versta og smátt og smátt er hagkerfið að taka við sér. Margir ráðandi aðilar virðast uppteknir við að draga máttinn úr þjóðinni með neikvæðu tali. Látum af slíku enda erum við sjálfum okkur verst með bölmóði. Fjölmargt er að færast til betri vegar og ef við tökumst á við óleyst verkefni með jákvæðni að vopni, mun okkur farnast betur.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
HELGAREFNI: Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
ÍÞRÓTTIR: Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Litlir heilar og stórir

Menntamál

Sólveig Hlín Kristjánsdóttir
sálfræðingur

Tinna Ásgeirsdóttir
ritstjóri

Í viðtali í morgunútvarpinu á Rás 2 miðvikudaginn 5. október var fjallað um það hvort strákar ættu erfitt með nám í grunnskólanum. Þar vitnaði viðmælandi í skýrslu starfshóps á vegum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar um námsárangur drengja og sagði að þroskamynstur stelpna og stráka væri afar mismunandi. Viðmælandi nefndi að samkvæmt skýrslunni hefðu stelpur náð ákveðnum þroska við 11 ára aldur sem strákar næðu ekki fyrr en við 15 ára aldur. Í skýrslunni kæmi líka fram að heili stráka væri minni en heili stelpna. Af þessu mætti því draga þá ályktun að hugsanlega gerðu skólar of miklar kröfur til stráka.

Þetta hlýtur flestum þeim sem starfa við rannsóknir á þroska barna að þykja athyglisverðar fréttir, enda hefur ekki verið hægt að draga sambærilegar ályktanir af þeim rannsóknum á þroskamun kynjanna sem gerðar hafa verið fram til þessa. Að slakan námsárangur stráka mætti rekja til þess að þeir væru með minni heila en stelpur.

Í skýrslunni segir: „mikilvægt [er] að áherslur í námi séu í samræmi við vitsmunaþroska barna og ekki sé verið að leggja áherslu á þætti sem heilinn hreinlega ræður ekki við“. „Rannsóknin sýnir að stúlkur nái ákveðnum þroska um 11 ára en drengir sama þroska ekki fyrr en 15 ára. Ung kona nær svo fullum þroska í heilastarfsemi milli 21-22 ára en ungir piltar ekki fyrr en næstum 30 ára gamlir. Rannsakendur benda á að þessi munur er miklu meiri en munurinn á kynjum t.d. út frá hæð líkamans. Þetta á líka við um stærð heilans; nánast enginn munur er á stærð heila fullorðinna kvenna og karla en mjög mikill hjá stúlkum og drengjum“ (bls. 37).

Þetta má auðveldlega túlka sem svo að stelpur séu með stærri heila en strákar þótt ekki sé það sagt berum orðum. Rannsóknin sem starfshópurinn vitnar í er gerð af Lenroot og félögum og birtist í NeuroImage árið 2007. Í rannsókninni voru teknar sneiðmyndir af höfði (MRI) barna og ungs fólks á mismunandi aldri. Þátttakendur voru á aldrinum 3-27 ára. Rannsóknin snerist um það að skoða hvernig heilinn og mismunandi svæði hans stækka og breytast á þessum aldri. Meðal annars var skoðað hvernig hlutfall milli gráa og hvíta efnis heilans þróast og hvernig ummál heilans breytist.

Starfshópurinn dregur víðtækar ályktanir af rannsókninni og segir m.a. að hún veiti okkur „miklu betri innsýn inn í líðan og hæfni barna til að takast á við verkefni“ (bls. 37). Meðal tillagna starfshópsins er að skoða þurfi hvort þroskafræðilegur munur á strákum og stelpum eigi að hafa áhrif á skipulag náms og kennslu: „Það sem er þroskafræðilega hentugt fyrir 6 ára stelpu gæti verið mjög óhentugt fyrir 6 ára dreng“ (bls. 37). Ljóst er að starfshópurinn vill vel og vitnað er í þann vísindalega grunn sem hann byggir hugmyndir sínar um betrumbætur í skólakerfinu á.

Í rannsókn Lenroot og félaga kemur fram að sannarlega er munur á kynjunum. Heili stráka er að meðaltali um 10% stærri að ummáli en heili stelpna og þessi munur er ljós þegar við 7 ára aldur. Heili kynjanna nær hámarksummáli á mismunandi tíma, þannig að við 10,5 ára aldur er heili stelpna mestur um sig en ummál heila stráka verður mest við 14,5 ára aldur. Eftir að hámarksummáli er náð byrjar heilinn að minnka aftur og um 18 ára aldur, hjá báðum kynjum, er komið á n.k. jafnvægi. Hvergi í greininni er dregin sú ályktun að ummál heila segi til um þroskastöðu barna og höfundar taka það skýrt fram að ekki sé hægt að draga neinar slíkar ályktanir (bls. 6). Það er því merkilegt að starfshópur borgarinnar skuli velja að vitna í rannsókn Lenroot og félaga til að styðja hugmynd sína um mismunandi hæfni kynja eftir aldri.

Vitaskuld er það þarft verk að finna leiðir til að bæta námsárangur drengja í grunnskólum. En maður verður að spyrja sig hvort besta leiðin til að ná því marki sé að klastra saman skýrslu þar sem því er svo gott sem logið upp á stráka að þeir séu með minni heila en stelpur og hafi af þeim sökum ekki burði til að sinna sömu verkefnum og þær.

Grein þeirra Lenroot og félaga má m.a. finna hér: http://www.ncbi.nlm.nih.gov/pmc/articles/PMC2040300/pdf/nihms27353.pdf

Skýrsla starfshóps á vegum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar:

http://strakar.files.wordpress.com/2011/09/starfshc3b3pur-um-nc3a1msvanda-drengja-20111.pdf

Við færum þér dugnað, gáfur og gæsku

Jafnrétti

Eyrún Ingadóttir
stjórnarmaður í VR

Um miðjan september hleypti VR nýrri herferð af stokkunum sem vakið hefur mikla athygli. Herferðin snýst um að að beina sjónum almennings að því óréttlæti sem kynbundinn launamunur er en auk auglýsingar, sem hefur látið mörgum bregða í brún, þá skoraði VR á fyrirtæki að gefa konum 10% afslátt í nokkra daga til að sýna fram á hversu afkáralegt þetta misrétti væri.

> Ég skora á konur að flykkjast til yfirmanna sinna og fara fram á 10% launahækkun.

Viðbrögðin létu ekki á sér standa og m.a. kærði ungur maður formann VR til jafnréttisráðs. Hann vildi ekki una því að vera mismunað, jafnvel ekki í 5 daga af 365 dögum ársins, og ég held að flestar konur skilji afstöðu hans vel. Ég vænti mikils af þessum unga manni í framtíðinni í baráttu fyrir réttlæti og jafnrétti.

Greiðvikni, hugvit og blómstrandi ásku

Með herferðinni hefur VR tekist að koma af stað nýjum krafti í umræðu um launamál kynjanna. Ég heyrði af kaffistofuspjalli um daginn þar sem yfirmaður fullyrti við undirmenn að innan deildar þeirra væri launajafnrétti og hann væri þess meðvitaður að mismuna ekki kynjum. Þetta viðhorf er til fyrirmyndar og væri óskandi að fleiri stjórnendur settust yfir launamál starfsmanna sinna og hefðu það markmið að mismuna ekki konum í launum.

Ég efast samt ekki um að ef yfirmenn væru spurðir að því hvort þeir mismunuðu starfsfólki sínu í launum eftir kynjum þá myndu flestir svara því neitandi. Samt sitjum við uppi með þennan óútskýrða launamun og veltum fyrir okkur hvað sé til ráða.

Ég bæti við tálsýn töfra og vona

Ég skora á konur að flykkjast til yfirmanna sinna og fara fram á 10% launahækkun. Til að fá raunhæfan samanburð á launum í starfsgreinum er hægt að kanna meðallaun á heimasíðu VR. Samkvæmt kjarasamningum eiga launþegar rétt á launaviðtali árlega en launakönnun VR sýndi að þeir sem fara í slíkt viðtal eru að meðaltali með 20.000 króna hærri mánaðarlaun en hinir sem ekki gera það.

Sækjum þessar prósentur og losum þjóðfélagið við þennan skammarblett sem kynbundinn launamunur er. Dætur okkar eiga ekki að fá þá arfleifð frá okkar kynslóð að þurfa sætta sig við: „... og talsverðan launamun af því þú ert kona“.



Við og dýrin

Umgengni við dýr

Ari Trausti Guðmundsson
jarðvísindamaður og rithöfundur

Mannleg reisn er sögð koma fram í umgengni við dýr. Mannúð sömuleiðis. Á ferðum sl. vetur sá ég horuð hross híma án skjóls í freðnum úthaga. Veit reyndar að slíkt er undantekning en ekki regla. Ég hef mætt troðfullum flutningabílnum sem aka þarf mörg hundruð kílómetra með sláturfé vegna hagræðingar í þeim geira. Ég hef séð skelfilegar myndir í íslensku sjónvarpi af meðferð sláturdýra í útlöndum. Eitt sinn átti ég orðastað við refaskyttu sem elti dýrin á snjósleða og ók yfir þau. Ekki steypi ég þessu öllu í einn stamp sem einhverri ákæru, heldur vegna þess að dæmin hafa lengi vakið mig til umhugsunar.

Tími til kominn

Tími er til þess kominn að ekki verði aðeins hægt að rekja kjötafurðir til ábyrgs framleiðanda, þ.e. bóndans eða búsins. Líka á að vera hægt að sýna fram á eða votta að við uppvöxt og slátrun dýra sé álag á þau ásamt aðferðinni við flutning og aflífun í samræmi við fyllstu mannúð. Þetta er verðugt verkefni handa samtökum bænda og sláturleyfishafa.

Tími er til þess kominn að viðurkenna að ætli menn að hafa umtalsverð áhrif á stofnstærð í dýraríkinu og halda stofni við ákveðið mark, þarf að deyða mjög stóran hóp. Líffræðingar nefna 10-30%, ef mig minnir rétt, allt eftir dýrategund. Nærtækt dæmi er íslenski hreindýrastofninn. Tal um að afar takmarkaðar veiðar á t.d. hvölum eða sel (sem hefur fækkað mjög án umtalsverðs veiðiálags) séu leið til að hamla fæðuöflun skepna stenst ekki rýni. Ætli menn t.d. að fækka hrefnu að marki eða afmarka t.d. hálfan núverandi stofn, þyrfti að deyða þvílíkan fjölda að engu tali tæki; hvað þá ef menn héldu sig þess umkomna að fara eins að við önnur sjávarspendýr.

Tími er til kominn að menn láti af drápum á friðuðum fuglum eða fuglum á válista. Allir sem hafa umgengist skotvopn að einhverju marki þekkja dæmi þessa. Oftar en ekki er um algenga ránfugla að ræða en líka aðra stóra fugla svo sem álftir. Og þess utan smyrla, uglur, fálka og jafnvel erni. Einhverjir gera þetta „að gamni sínu“ en aðrir telja sig vera að vernda aðra fugla eða nytjavarp. Fátt annað er til ráða en að biðja fuglunum griða og höfða til mannlegrar reisnar þess sem á vopninu heldur. Annað mál er að e.t.v. mætti leyfa veiðar á fuglum sem eru nú óheimilar.

Tími er til þess kominn að taka upp veiðikvóta í laxveiðiám í stað þess að sleppa veiddum fiski. Ástæðurnar eru tvíþættar. Það er ónærgætni við bráð að takast á við hana í þeim tilgangi að skemmta sjálfum sér. Engum dytti í hug að snara hreindýr og stimpast við það í langa stund og sleppa svo dýrinu. Engum dytti í hug að læðast að gæsum til að skjóta í þær deyfilyfi og sleppa þeim síðan. Sú hugmyndafræði að sleppa veiddum laxi er í litlu samræmi við grunngildi veiða: Yfirvegun í samvirkni manns, bráðar og náttúru við að afla matar á sjálfbæran hátt. Hin ástæðan er auðvitað sú staðreynd að lítið er vitað um örlög laxfisks sem hefur verið þrettur með krækju einhvers staðar í skrokknum. Rannsóknir á sjávarafla við krókaveiðar benda til 30-50% affalla við sleppingu.

Og tófan ...

Tími er til kominn að láta af harðri samkeppni við rándýr í náttúrulegu umhverfi sínu. Sú undarlega kenning er á lofti að rándýr fjölgi sér ótæpilega sé þeim ekki eytt að verulegu marki. Þetta er rangt; þ.e. innan tiltekins vistkerfis sem fær að þróast eðlilega. Við landnám vomuðu ekki þúsund ernir yfir þögulu landi, tugþúsund svangir refir eigruðu ekki um fuglalaus svæði og þúsundir háhyrninga syntu ekki um fiskilaust landgrunn. Ástæðan er einföld. Stofnar leita innbyrðis jafnvægis og rándýr eru óðalsdýr sem helga sér tiltekið svæði. Hve mörg refapör ætli séu í gæsafylltum Þjórsárverum og hve langt ætli sé milli þekktra arnarvarpsstaða, gamalla og nýrra? Snemma á búsetuöldum voru hér á að giska 200-300 arnarpör og allmörg þúsund refapör. Við höfum orðið að þola skyndilega aðkomu minksins sem breytti jafnvæginu í vistkerfum.

En aðrir umhverfisþættir, svo sem breytt byggðamynstur, fleira fólk, skotveiði, margs konar mannvirki, umferð, aukið álag á farfuglastofna utanlands og staðbundin fjölgun refa, koma líka við sögu. Með það í huga er fráleitt að kenna einni fugla- eða dýrategund um hrun í lífríki í landinu í heild eða veifa vopnum t.d. með orðum um að nú sé refur, kjói, sílamáfur eða eitthvert annað rándýr orðið að faraldri og um það bil að útrýma einhverjum fuglastofninum. Því miður hafa miskunnarlaus rándýradráp og aukin landþrengsli gengið allt of nærri eða útrýmt mörgum helstu rándýrastofnum Evrópu og þar eru víti að varast. Sambýli náttúrunytjafólks og rándýra í fullum rétti á að vera kleift án alls vargatalsins sem er hvorki byggt á mannúð né yfirvegun. Ég hef kynnst refaveiðum og séð dýrbitin lömb en hvorugt fær mig til að horfa framhjá skynsamlegri sambúð manna og refa í landinu. Efalítið eru margir mér ósammála en þá eru umræður til alls fyrstar.

> Tími er til kominn að láta af harðri samkeppni við rándýr í náttúrulegu umhverfi sínu. Sú undarlega kenning er á lofti að rándýr fjölgi sér ótæpilega sé þeim ekki eytt að verulegu marki. Þetta er rangt; þ.e. innan tiltekins vistkerfis sem fær að þróast eðlilega.

Bókasöfn án fagfólks

Menntamál

Sveinn Ólafsson
formaður Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga

Ef fólk greiðir atkvæði með fótunum, þá er það ákveðnari mælikvarði en flestir aðrir. Ég hef nú tekið saman tölur um heimsóknir hjá fimm stærstu almenningsbókasöfnum landsins samkvæmt ársskýrslum á vef þeirra. Þau fengu 1.279.614 heimsóknir 2010 sem samsvarar tæpum tveimur milljóna heimsókna í almenningsbókasöfn á landsvísu, eða 6,2 heimsóknir á hvert mannsbarn. Þessi tala hækkaði um tæp 9% árið 2009 og stóð svo í stað 2010. Þá á eftir að telja heimsóknir fólks í önnur bókasöfn, skólabókasöfn, Landsbókasafn og rannsóknabókasöfn.

Í nýrri rannsókn meðal breskra skólabarna á aldrinum 8 til 17 ára sést að þau börn sem lesa eina bók á mánuði utan skólans eru nú í minnihluta. Eldri börnin lesa færri bækur utan skólans en þau yngri (sjá The Reads and the Read-Nots á literacytrust.org.uk). Eðlilega hefur fólk áhyggjur af því að börn sem ekki alast upp við að njóta lestrar, lendi í erfiðleikum með lestur á fullorðinsárum, eins og einn af hverjum sex Bretum.

Ný íslensk rannsókn meðal nemenda í 5-7. bekk sýnir betri stöðu en meðal Breta. Þar kemur þó fram að fimmti hver nemandi í 5. og 6. bekk les ekki bækur utan skólabóka, og fjórði hver í 7. bekk, og að strákar lesa minna en stelpur (sjá Ungt fólk 2011 á rannsoknir.is). Hvernig er þetta vandamál leyst ef ekki er til gott skólabókasafn, eða ef safnið er ekki opið nema stuttan hluta af skólavikunni? Hvernig lítur gott skólabókasafn út án skólasafnvarðar?

Sístækkandi hluti af hverjum árgangi Íslendinga fer nú í fagnám eða háskólanám. Fótspor þeirra liggja að tölvunni. Tölur Landsbókasafns - Háskólabókasafns sýna síaukna notkun á öllum rafrænum miðlum. Nærri 10 milljónir heimsókna voru á vefi sem safnið rekur eitt eða með öðrum á síðasta ári. Stærsti hluti þeirra og mesta aukningin er í vefnum timarit.is sem slær allt út í vinsældum. Hann er ekki það sama og hvar.is, þar sem finna má erlend tímarit af öllum sviðum mannlífsins, en gegnum aðgang þar voru tæpar tvær milljónir tímaritsgreina sóttar til viðbótar.

Í þessu umhverfi hefur fólk áhyggjur af aðferðum fólks til að ná í heimildir, vinna úr þeim og setja þær fram. Ritstuldur og óheimil meðferð heimilda er sífellt áhyggjuefni. Á móti þessu verður unnið með faglegri vinnu á bókasöfnunum.

Við sjáum nú dæmi um niðurskurð á þjónustu fagfólks á söfnunum. Þetta er í mörgum tilfellum algert neyðarbrauð stjórnenda en niðurstaðan er öll á sama veg. Oft er látið eins og hægt sé að skera niður kostnað án þess að skera niður þjónustu, en notendur safnanna vita að einungis er boðið upp á styttri afgreiðslutíma eða færra starfsfólk.

Niðurstaðan er fyrirsjáanleg. Á veltiárunum 2006 og 2007 fengu bókasafnsfræðingar launahækkanir sem héldu því miður ekki einu sinni í við verðbólgu. Það er þess vegna ekki launakostnaður þeirra sem íþyngir, heldur hverfur þjónustan einfaldlega þegar þeirra nýtur ekki lengur við. Á stóru bókasafni eins og Heilbrigðisvísindabókasafni Landspítala, sem þjónar bæði spítalanum og heilbrigðisvísindasviði Háskóla Íslands, var bókasafnsfræðingum fækkað um helming í sumar. Um fimmti hver nemandi í HÍ, eða tæplega 3.000 stúdentar eru við þetta svið. Er þetta það sem Háskóli Íslands og starfsfólk spítalans vilja? Vilja foreldrar að skólasafnverðir séu skornir við nögl? Hvernig fer það saman að gera Reykjavík að bókmenntaborg og draga um leið úr þjónustu bókasafna?

150.000.000
+1.550.000.000
1.700.000.000
ÞÚ TALDIR RÉTT:
1.700 MILLJÓNIR

Fyrsti vinningur stefnir í 150 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 1.550 milljónir.
Ekki gleyma að vera með!
Fáðu þér miða fyrir klukkan fjögur í dag á næsta sölustað eða á lotto.is

Fíton/SÍA

ÚTILÍF
KULDADAGAR
20% AFSLÁTTUR
AF BARNAKULDAGÖLLUM, BARNAÚLPUM, HERRAÚLPUM OG DÖMUÚLPUM – GILDIR FRAM Á MÁNUDAG
NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁRALIND. WWW.UTILIF.IS

Um fjárveitingar til rannsókna á mataræði og heilsu á Íslandi

Heilbrigðismál

Inga Þórsdóttir
prófessor í næringarfræði

Rannsóknastofa í næringarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala rannsakar næringu og heilsu viðkvæmra hópa í íslensku samfélagi. Verkefni stofunnar eru tvenns konar. Í fyrsta lagi er um að ræða rannsóknir sem eru nauðsynlegar í öryggisskyni. Þær gera það mögulegt að meta bæði hættu á næringarefnaskorti og hættu á ofgnótt og eitrunum vegna efna í mat og áhrif þessa í líkamanum. Í öðru lagi eru vísindarannsóknir sem auka þekkingu á tengslum næringar og heilsu á alþjóðavísu og nýtast í stærra samhengi víðs vegar um heim, einnig meðal þeirra þjóða þar sem aðstæður eru allt aðrar en hér á landi og matarskortur viðvarandi.

Oft fara þessar rannsóknir saman og það sparar ógrynni fjár og tryggir gæði að vísindarannsóknir, sem eru styrktar af erlendum og innlendum rannsóknarsjóðum, hafa gefið nauðsynlegar upplýsingar til íslensks samfélags um öryggi matvæla og heilsu þeirra sem viðkvæmastir eru. Til viðkvæmra hópa teljast börn, barnshafandi konur, aldraðir og sjúkir. Sambærilegar rannsóknir á samspili næringar og heilsu þessara hópa eru ekki gerðar annars staðar hér á landi en á Rannsóknastofu í næringarfræði.

Ekki eru neinar fastar fjárveitingar til þessa mikilvæga málefnis og byggja þær því fjárhagslega á elju háskólakennara og nemenda við umsóknir um rannsóknastyrki sem og á framlögum sjóða og fyrirtækja. Fjáröflunin er auðvitað tímafrek og framlög hvorki örugg né nægileg.

Við þetta verður ekki búið lengur. Það er geysimikilvægt fyrir íslenskan almenning að rannsóknir á því hvað fólk borðar og áhrif þess á heilsuna séu gerðar á faglegan hátt og tryggðar með eðlilegum fjárveitingum. Margs konar rannsóknir á atvinnustarfsemi og iðnaði njóta fastra fjárveitinga hér á landi. Stöðugar breytingar í umhverfinu og í matvælaiðnaði valda því að of áhættusamt og tímafrekt er að byggja eingöngu á samkeppnis- og styrktarfé þegar framkvæma þarf nauðsynlegar rannsóknir af þessu tagi.

Málefnið krefst aðferðafræði næringarfræðinnar og mikillar sérfræðiþekkingar sem þróast hefur innan Rannsóknastofu í næringarfræði. Kennarar og nemendur á stofunni hafa skrifað fjölda greina og birt í alþjóðlegum vísindatímaritum, en það telst vera gæðastimpill á aðferðafræði og marktækni verkefnanna. Samfélagslegt mikilvægi þeirra felst í því að meta mataræði með tilliti til næringarefna, annarra innihaldsefna matvæla, hollefna og eitur- eða aðskotaefna.

Sem dæmi má nefna að þegar greindur var járnskortur í um 40% ungra barna og tengsl við minni þroska barnanna við upphaf skólagöngu, leiddi það til endurbættra almennra ráðleggingar um næringu ungra barna. Önnur dæmi eru til dæmis tengsl offitu og fæðuvals, of lítil inntaka D-vítamíns, og rannsóknir á mengunarefnum úr mat. Allt þetta hvetur síðan til betri ráðleggingar um mataræði og eftirlits með matvælum sem miða að bættri heilsu Íslendinga. Verkefni stofunnar hafa einnig snúist um umhverfi, hegðun og fleiri þætti sem tengjast mataræði. Nauðsynlegt er einnig að nefna rannsóknir á áhrifum einstakra matvæla og tilraunir með mjólk, fisk, lýsi, mysu, grænmeti og ávexti sem gera það kleift að meta á nákvæman hátt áhrif á heilsufarsþætti.

Höfundur þessarar greinar vill vekja lesendur til umhugsunar um mikilvægi þess að tryggja öryggi neytenda matvæla, sérstaklega þeirra yngstu og viðkvæmustu. Fjöldi íslenskra rannsóknar- og þjónustustofnana, utan háskóla með kennslu- og rannsóknarskyldu, er rekinn fyrir fjárframlög frá ríkinu. Við spyrjum okkur of sjaldan að því hvort þessi framlög skattborgaranna skili almenningi nauðsynlegum upplýsingum, öryggi og lífsgæðum. Hvort verkefnavalið sé gott og hvort það skili því sem við viljum fyrir féð. Skattfé fer meðal annars til stuðningsrannsókna atvinnulífs sem tengist matvælaframleiðslu, bæði frumframleiðslu og iðnaði.

Þessar línur eru skrifaðar að áeggjan þeirra sem telja reglulega ríkistryggða vöktun á tengslum næringar og heilsu ungra barna og annarra viðkvæmra hópa bráðnauðsynlegar. Það vill svo til að hér á landi hafa slíkar rannsóknir þróast á Rannsóknastofu í næringarfræði í skjóli Háskóla Íslands og Landspítala sem veita kennurum laun og stofunni aðstöðu. Rannsóknirnar hafa þó þróast án fastra fjárveitinga. Löndin í kringum okkur tryggja ekki bara rannsóknir á framleiðslu matvæla með fjárframlögum, heldur ekki síður rannsóknir á neyslu þeirra og áhrifum á heilsu fólks. Hérlendis er breytinga þörf.

„Vesæla land“

Stjórnmál

Sverrir Hermannsson
fyrrverandi alþingismaður

Enn er fyrirsögnin höfð eftir séra Matthíasi.

Í áður tilvitnaðri grein í Fréttablaðinu 18.06.'06 eftir Illuga Gunnarsson, þingmann Sjálfstæðisflokksins, segir svo: „Vandi Framsóknarflokksins er ekki sá að flokkurinn geti ekki verið stoltur af verkum sínum eða stefnu, þvert á móti.“

Og enn kvað Illugi um kynni manna af höfðingjanum Halldóri Ásgrímssyni: „Þau kynni hefðu átt að duga því fólki til að vita að Halldór Ásgrímsson myndi einungis vinna eftir bestu sannfæringu.“

Þau dæmi eru auðvitað svo mýmörg að enginn kostur er til þeirra allra að vitna í örstuttum pistli.

Svo eitt sé tekið: Sem utanríkisráðherra var Halldór yfirmaður Keflavíkurflugvallar og þess sem þar fór fram. Hann stóð því fyrir sölu á Íslenskum aðalverktökum. Fyrirtækið var boðið út og tilboð bárust. Þar á meðal frá eðalbornum Framsóknarmanni og félögum hans, sem raunar reyndist vera formaður Einkavæðingarnefndar, Jón lögmaður Sveinsson. Hans tilboð reyndist þó ekki vera það bezta sem barst.

Þar sem tilboðsgjafar sátu á fundi og ræddu málið kvaddi sér skyndilega hljóðs sérlegur fulltrúi utanríkisráðherra, Helgi hinn horski Guðmundsson svo segjandi: „Það er tilgangslaust að ræða þetta frekar. Halldór hefur ákveðið hver fær pakkann.“

Sem reyndist vera formaður Einkavæðingarnefndar, áðurnefndur Jón Sveinsson.

Allt auðvitað gert eftir beztu sannfæringu.

Og söluverðið rúmir 3 – þrír – milljarðar króna.

Nú veit greinarhöfundur auðvitað ekkert um raunvirði fyrirtækisins. Hitt vakti athygli að rétt fyrir hrun birtust fréttir um sölu lóða í landi Blikastaða, en allmikið land hafði þar fylgt með í sölu Aðalverktaka, og var nú boðið til kaups. Þáverandi málgagn Halldórs og Davíðs, Morgunblaðið, skýrði svo frá, að söluverð fengist ekki uppgefið, en það væri af vísum mönnum talið 16-18 milljarðar króna. Sem er álitlegt verð enda „bezta sannfæring“ sjálfs utanríkisráðherrans með í kaupunum.

Svo enn sé vitnað í þingmanninn núverandi í grein hans 18. júní 2006: „En framhjá því verður ekki horft að þegar stjórnmálasaga síðasta aldarfjórðungs verður skrifuð mun nafn Halldórs Ásgrímssonar verða fyrirferðarmikið. Samstarf hans og Davíðs Oddsonar í ríkisstjórn var þjóðinni einkar gæfuríkt og vandfundinn annar eins uppgangstími í sögu þjóðarinnar.“

Ekki er saga hins „gæfuríka“ stjórnartímabils á enda kljáð. Ýmsir hafa þó drepið niður penna, t.d. Rannsóknarnefnd Alþingis í 9 – níu – binda verki sínu. Aftur á móti munu enn vera áhöld um hvort „sérstakur“ saksóknari í Hrunmálum sé skrifandi.

En vísa séra Matthíasar er öll á þessa leið:

Vesæla land!
Setið er nú meðan sætt er,
senn er nú étið hvað ætt er,
vesæla land!

Óskynsamleg menningar- og efnahagspólitík

Menning

Hilmar Sigurðsson
framleiðandi og ritari SÍK – Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda

Árið 2006 var undirritað samkomulag milli fjármálaráðherra og menntamálaráðherra annars vegar og félaga í kvikmyndagerð hinsvegar. Samkomulagið gerði ráð fyrir uppbyggingu kvikmyndasjóða á næstu 4 árum úr um 372 m króna í 700 m árið 2010. Þessi samningur gerði kvikmyndaiðnaðinum kleift að gera lengri tíma áætlanir og þar með hefja nauðsynlega endurnýjun og fjárfestingu, m.a. í stafrænum búnaði og tækjum í ljósi þess að langtíma samningur var kominn á.

Á fjárlögum 2009 var samningurinn skorinn niður um 5%, eitthvað sem kvikmyndagerðin gat sætt sig við í ljósi aðstæðna og í samræmi við nauðsynlegan samdrátt í opinberum útgjöldum. Í fjárlögum 2010 var hinsvegar skorið niður um 35% frá því sem samningurinn hafði gert ráð fyrir. Greinin var flutt aftur um 10 ár. Þessi niðurskurður á eina menningargrein var ekki í neinu samræmi við annað á fjárlögum í mennta- og menningarmálum. Árið 2010 voru heildarframlög til mennta- og menningarmála nær óbreytt að krónutölu milli ára. Hvergi sást viðlíka niðurskurður og í kvikmyndasjóðum.

Félög í kvikmyndagerð gáfu út skýrslu í fyrra um hvernig kvikmyndaverk eru fjármögnuð þar sem m.a. var sýnt fram á að hver króna sem ríkið leggur í kvikmyndagerð skilar sér í fimmfaldri veltu og laun og launatengdar greiðslur stæðu að fullu að baki framlagi ríkisins til kvikmyndasjóða. Áætlað veltutap greinarinnar var fyrirsjáanlegt um 5 milljarðar á 4 árum eftir að sjóðir voru skornir niður og allt að 100 störf myndu tapast. Allt þetta er nú að koma á daginn.

Bókin „Hagræn áhrif kvikmyndalistar“ eftir dr. Ágúst Einarsson er nýkomin út. Ágúst hefur ásamt samstarfsfólki farið í víðtæka greiningarvinnu, m.a. með því að fara í gegnum ársreikninga allra fyrirtækja í kvikmyndagerð. Niðurstöðurnar eru mjög skýrar og eru hinu opinbera mun hagfelldari en áður var talið. Ríkissjóður fimmfaldar tekjur af sínu framlagi til kvikmyndasjóða – árlega!

Kvikmyndaiðnaðurinn stendur núna eftir 3 ára og yfir hálfs milljarðs króna niðurskurð kvikmyndasjóða með neikvætt eigið fé. Ríkissjóður hefur orðið af meira en þremur milljörðum í tekjur og yfir 100 manns hafa tapað störfum sínum, með tilheyrandi kostnaði sem leggst á ríkissjóð. Framundan er síðan minna af íslensku kvikmyndaefni fyrir Íslendinga á íslensku.

Það sér það hver sem vill að þetta er hvorki skynsamleg menningarpólitík né efnahagspólitík. Nú er lag að viðurkenna að mistök voru gerð og snúa á rétta braut.

Frá tækifærum til tekjuöflunar
Sjávarútvegsráðstefnan 2011
Grand Hótel Reykjavík, 13.-14. október 2011

Fimmtudagur 13. október

Kl. 09:00-10:00 Afhending fundargagna
Kl. 10:00-11:45 **Fyrirlestrar:** Íslenskur sjávarútvegur - **Fundarstjóri:** Sjöfn Sigurgísladóttir
Kl. 13:15-15:00 **Málstofa A:** Markaðstækifæri í Evrópu - **Málstofustjóri:** Erla Kristinsdóttir
Kl. 13:15-15:00 **Málstofa B:** Sóknarfæri í veiðitækni - **Málstofustjóri:** Halla Jónsdóttir
Kl. 15:30-17:00 **Málstofa A:** Markaðssvæði framtíðarinnar **Málstofustjóri:** Inga Jóna Friðgeirsdóttir
Kl. 15:30-17:00 **Málstofa B:** Vöruþróun - **Málstofustjóri:** Anna K. Daníelsdóttir

Föstudagur 14. október

Kl. 08:30-09:35 **Málstofa A:** Sjávarútvegur og fjölmiðlar - **Málstofustjóri:** Katrín Pálsdóttir
Kl. 08:30-09:35 **Málstofa B:** Tækifæri erlendis - **Málstofustjóri:** Elín Björg Ragnarsdóttir
Kl. 09:55-11:00 **Málstofa A:** Evrópusambandið og íslenskur sjávarútvegur **Málstofustjóri:** Guðný Káradóttir
Kl. 09:55-11:00 **Málstofa B:** Sjávarklasinn á Íslandi - **Málstofustjóri:** Stefanía K. Karlsdóttir
Kl. 11:30-13:00 Samantektir, pallborðsumræður og verðlaunaafhending **Fundarstjóri:** Guðbrandur Sigurðsson
Kl. 13:00 Ráðstefnuslit - Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

Sjávarútvegsráðstefnan er samskiptavettvangur allra þeirra sem koma að sjávarútvegi á Íslandi. Innan þessa hóps eru þeir sem starfa við veiðar, eldi, frumvinnslu, framhaldsvinnslu, sölu og markaðssetningu, þjónustu og rannsóknir og þróun, einnig opinberir aðilar, kennarar og nemendur, fjölmiðlar og aðrir áhugamenn.

SJÁVARÚTVEGS RÁÐSTEFNAN
www.sjavarutvegsradstefnan.is
Íslandsbanki BRIM SEAFOOD TM

MICHELSEN
ÚRSMIÐIR SÍÐAN 1909
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.sviss.is
tudorwatch.com
TUDOR HERITAGE CHRONO
TUDOR
WATCH YOUR STYLE

MARKAÐURINN
Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Er prentverkið Svansmerkt?
GUÐJÓNÓ
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Miðvikudagur 12. október 2011 – 15. tölublað – 7. árgangur
Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 VÍSIR

Uppbrot evrusvæðis
Of dýrt fyrir evruríki 2

Heimilin
Baráttan við skuldavandann 4-5

Tapfjórðungur hjá Goldman Sachs
Annar frá upphafi 2

THE MOOGIES Íslenska fyrirtækið Plain Vanilla framleiðir leikinn.

Íslenskur leikur í sölu hjá Apple

Íslenska leikjafyrirtækið Plain Vanilla hefur tilkynnt að nýr tölvuleikur þess, The Moogies, sem ætlaður er fyrir iPhone, iPad og iPod touch verði á næstunni settur á markað í Apple-netversluninni.

Plain Vanilla hefur hannað og framleitt leikinn hér á landi í samvinnu við bandaríska tölvuleikjaútgefandann Chillingo.

The Moogies er tölvuleikjasería fyrir börn sem kemur á markað í nóvember.

Chris Byatte, framkvæmdastjóri Chillingo, segir að hönnun leiksins og framsetning hafi strax vakið hrifningu innan fyrirtækisins og eftir fyrstu kynningu hafi strax verið farið að vinna í því að koma leiknum að í Apple netverslun, að því er segir í tilkynningu.

HELST Í ÚTLÖNDUM

STÓRFELLD SKULDANIÐURFELLING
Jean-Claude Juncker, sem er í forsvari fjármálaráðherra evrusvæðisins, hefur lýst því yfir í fyrsta sinn að nú sé rætt um að fella niður meira en 50 eða 60 prósent af skuldum gríska ríkisins. Hann viðurkenndi einnig að evrópskir ráðamenn hefðu verið seinir að bregðast við skuldavanda Grikklands.

KÍNASTJÓRN KAUPIR BANKA
Kínversk stjórnvöld hafa keypt hlutafé í fjórum stórum kínverskum einkabönkum í þeim tilgangi að styrkja bæði kínverska ríkisbanka og fjölmörg fyrirtæki, sem skulda einkabönkunum verulegar fjárhæðir.

OPEC SPÁIR SAMDRÆTTI
Bandalag olíuframleiðsluríkja, OPEC, spáir minnkandi eftirspurn eftir olíu vegna efnahagslegrar óvissu víða um heim. Næsta árið telur OPEC að eftirspurn eftir olíu muni verða um það bil 88 milljónir tunna á dag. Olíuverð féll í kjölfar tilkynningar frá OPEC um þetta.

Risafjárfestingarsjóður vill kaupa Europris

Eigandi bresku keðjunnar Poundland meðal áhugasamra um kaup á Europris. Söluvirði allt að 80 milljörðum króna.

Þorgils Jónsson
skrifar

Fjárfestingarsjóðurinn Warburg Pincus, sem rekur meðal annars bresku verslanakeðjuna Poundland, er meðal fjölmargra aðila sem hafa sýnt því áhuga að festa kaup á lágvöruverslanakeðjunni Europris.

Í fréttum Financial Times og Dagens Næringsliv kemur fram að mörg fyrirtæki í verslunargeiranum séu um hituna, en áætlað söluverðmæti Europris sé á bilinu 65 til 80 milljarðar íslenskra króna.

Meðal þeirra sem enn eru með í ferlinu er norræni fjárfestingarsjóðurinn Nordic Capital.

Europris ætti að vera íslenskum neytendum að góðu kunn, enda eru reknar sex verslanir hér á landi til viðbótar við um 180 verslanir í Noregi. Hluti verslananna er í eigu Europris-keðjunnar, en sumar eru reknar í sérleyfisformi.

Europris var sett á laggirnar í Stavangri árið 1992, en árið 2004 festi sjóðurinn IK Investment Partners kaup á meirihluta í keðjunni frá Terje Höili og fjölskyldu hans, sem halda enn 16 prósenta hlut.

IK hefur nýlega selt þrjú önnur evrópsk fyrirtæki og er að sögn að búa í haginn fyrir næsta ár.

Warburg Pincus er risastór sjóður sem stýrir eignum að verðmæti um 4.000 milljarðar króna í á fjórða tug landa um allan heim.

Warburg keypti Poundland á síðasta ári en í þeirri keðju einni sér eru um 335 verslanir í Bretlandi. Samkvæmt heimildum Financial Times stendur ekki til að sameina Poundland og Europris ef af kaupunum verður.

VEKUR ÁHUGA Fjárfestingarsjóðurinn Warburg Pincus er meðal áhugasamra um að kaupa lágvöruverslanakeðjuna Europris, sem er með sex verslanir hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

JPMorgan og SEB hafa umsjón með söluferlinu og er ráðgert að ljúka því á næstu vikum.

Hvorki IK Investment né Höili og fjölskylda vildu tjá sig við fyrrnefnda fjölmiðla.

Greiðslulausnir sniðnar að þinni atvinnugrein.
Þjónusta
Veitingahús
Verslun
Íþrótta- og félagasamtök
Heildsölur
Ferðaþjónusta
Ríki- og sveitarfélög
VALITOR
Lausnir án landamæra

Stöðnun í kortunum

Horfur í efnahagslífi Bretlands eru ekki sem bjartastar að mati viðskiptaráðs þar í landi og margt sem bendir til þess að stöðnunartímabil sé fram undan. Þetta kemur fram á vef BBC.

Þar segir að neikvæður vöxtur hafi verið á þriðja ársfjórðungi og nú sé ekki að vænta nema 1,1 prósents hagvaxtar á árinu.

Margt liggur þar að baki, til að mynda minnkaði neysla innanlands sem og útflutningur og fjárfesting í iðnaði hefur dalað.

Viðskiptaráðið segir enn hægt að koma í veg fyrir samdráttarskeið en þá þurfi stjórnvöld að taka erfiðar ákvarðanir varðandi útgjöld. - þj

DIMMAR HORFUR Í Bretlandi hefur rneysla minnkað og útflutningur og fjárfesting í iðnaði dalað. NORDICPHOTOS/GETTY

Sala rafbóka eykst á Íslandi

Sala á rafbókum hefur aukist verulega í vefverslun Eymundsson síðustu vikur. 1. nóvember næstkomandi lækkar virðisaukaskattur á rafbókum úr 25 prósentum í 7 prósent en verslunin hefur þegar skilað verðlækkuninni í verðlag sitt. Rekur verslunin söluaukninguna til lægra verðs.

Ingibjörg Ásta Halldórsdóttir, markaðsstjóri Eymundsson, segir aukningu síðustu vikna þó sennilega bara byrjunina. Sé reynsla annarra landa skoðuð komi í ljós að sala rafbóka aukist mikið eftir því sem fleiri heimili komi sér upp raftækjum sem auðveldi lestur slíkra bóka. Ingibjörg segir að von sé á fyrstu íslensku titlunum í vefverslunina nú fyrir jólin.

Um árabil hefur verið lagður 25 prósenta virðisaukaskattur á rafbækur en einungis 7 prósenta skattur á venjulegur bækur. - mþl

IPAD Aukin útbreiðsla raftækja á borð við iPad frá Apple og Kindle frá Amazon er líkleg til að valda auknum vinsældum rafbóka. Eymundsson hefur brátt sölu á íslenskum bókum í rafrænu formi. MARKAÐURINN/AP

BANKABÓKIN

Samanburður á vaxtatöflum bankanna	Hæstu innlánsvextir	Yfirdráttarvextir eru hæstir	Yfirdráttarlán fyrirtækja
Arion banki	Markaðsreikningur 1,50%[A]	11,50%	11,45%
Íslandsbanki	Vaxtaþrep 2,05%	11,35%	11,35%
Landsbankinn	Vaxtareikningur 1,35%[B]	11,30%	11,30%
MP BANKI	MP Sparnaður 1,95%	11,15%	9,65 til 11,15%
BYR	PM-reikningur 2,05% [A]	11,30%	11,2 til 11,3%
SPARISJÓÐURINN	Netreikningur 1,90% [C]	11,45%	11,45%
Sparisjóður Austurlands	Sparnaðarreikningur 2,00%	10,95%	Ekki í boði.

*Miðað er við 250.000 króna innlegg og sem skemmsta bindingu. [A] Bundinn í tíu daga. [B] Bundinn í sjö daga. [C] Úttektargjald hjá gjaldkera 0,25%

Athugið að ekki er tekið tillit til árgjalds, sem getur fylgt yfirdráttarreikningum.

Smáskipanámskeið (x. pungapróf) í fjarnámi og staðarnámi byrjar 24. okt 2011
Námskeiðið stendur til 3. des. en nemendur koma í innilotu 1. - 3. des. Kjartan Örn veitir upplýsingar um námskeiðið í síma 665 1100 og skráning er á www.tskoli.is.

HEIMILIÐ

Dýrahald

ENGLISH SPRINGER SPANIEL Hvolpar til sölu, tví og þrílitir. S. 896 9478 Gunnar.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Herb. til leigu á svæði 201. Með aðgangi að eldh., baðherb. og þvottavél. Uppl. í síma 893 3475.

Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Einstaklingsherb.í einbýli. Privat inngangur/salerni/þvottaaðstaða. Óskir um nánari upplýsingar og ljósmyndir sendist á ge224@simnet.is

Herbergi í 101 til leigu. Nálægt HÍ. Sími 844 1382.

Til leigu 2ja herb. 63 fm íbúð. Björt og snyrtilega. Hverfi 112 Rvk. Einungis reglus. fólk kemur til greina. S. 659 6118.

Þægileg skólaherbergi allt innifalið. Uppl. í síma 821 4848 eða 578 4848 eða 869 2618.

Gistiheimili - Guesthouse

www.leiguherbergi.is

1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.

Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is

Húsnæði óskast

Óska eftir 2 herb. íbúð til leigu á Rvk. svæði. Reglusamur og skilvísar greiðslur. Uppl. í s:869 9451

Suðvesturland. Höf
Óska eftir húsnæði til leigu, allt að 120 þ. Uppl. í s: 892-0222. zeta1963@gmail.com. skoða allt

31ára kk í góðri vinnu óskar eftir íbúð til leigu á höfuðborgarsv. s: 7723626

Óska eftir 3-5 herb. íbúð til leigu í Grafavogi. Langtímaleiga, Hjón 50 ára með barn. Reglusemi og skilvísi heitið. Uppl. s. 691 9620.

Bílar til sölu

Opið mánud til fös 10 til 18
laugard frá 12 til 15
lokað á sunnud

567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN www.nyja.is
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK

Nú getur þú fjármagnað allt að 10 ára gamla Bíla hjá ERGO

MMC Lancer inform. Árgerð 2009, ekinn 48 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
Verð 2.690.000. Rnr.300015.

NISSAN Qashqai se. Árgerð 2009, ekinn 41 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
Verð 3.450.000. Rnr.111799.

LEXUS Rx400h. Árgerð 2007, ekinn 62 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
Verð 5.790.000. Rnr.217369.

MMC Pajero did gls. Árgerð 2003, ekinn 139 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.
Verð 2.690.000. Rnr.217261.

KIA Sorento ex. Árgerð 2008, ekinn 72 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.
Verð 3.690.000. Rnr.217373.

PEUGEOT 206. Árgerð 2006, ekinn 80 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
Verð 1.190.000. Rnr.217371.

M.BENZ C 300 4matic. Árgerð 2008, ekinn 41 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. LEÐUR, LÚGA OG FL
Verð 6.690.000. Rnr.111837.

M.BENZ E 200 cgi avantgarde. Árgerð 2010, ekinn 29 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
Verð 7.900.000. Rnr.111871.

BMW X5 3.0 sd bi-turbo. Árgerð 2008, ekinn 69 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.
Verð 9.850.000. LÆKKAÐ VERÐ ÁKV 7.000 Rnr.271951.

VW Polo trendline. Árgerð 2010, ekinn 44 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
ÁSETT VERÐ 1.890Þ Verð 1.690.000. MÖGUL 80% LÁN Rnr.217321.

HYUNDAI I20 gl. Árgerð 2010, ekinn 43 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
ÁSETT VERÐ 1.890Þ TILBOÐSVerð 1.690.000. MÖGUL 80% LÁN Rnr.111875.

SUZUKI Grand vitara lux . Árgerð 2010, ekinn 74 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
ÁSETT VERÐ 3.890 TILBOÐSVerð 3.490.000. MÖGUL 80% LÁN Rnr.217299.

JEEP Grand cherokee srt 8 Árgerð 2007, ekinn 10 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. GULLMOLI
Verð 4.990.000. Rnr.272012.

VW Golf trendline. Árgerð 2008, ekinn 55 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
Verð 2.290.000. Rnr.217376.

VW Polo comfortline. Árgerð 2008, ekinn 63 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
Verð 1.590.000. Rnr.217377.

VW Passat highline. Árgerð 2005, ekinn 94 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 1.990.000.** Rnr.111825.

PEUGEOT 307 xr. Árgerð 2006, ekinn 57 Þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 1.590.000.** Rnr.217040.

www.nyja.is
567 2277

Tilkynningar

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

Auglýsing um nýtt deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að nýju deiliskipulagi í Reykjavík.

Teigahverfi norðan Sundlaugavegar

Tillaga að deiliskipulagi fyrir Teigahverfi. Svæðið afmarkast af Sundlaugavegi til suðurs, Laugalæk til norðausturs og byggð norðvestan Laugarnesvegar. Deiliskipulagið er verndunarskipulag, en þó er gert ráð fyrir að heimilt verði að byggja við mörg húsanna innan byggingarreita. Verndun svæðis er á lóðum raðhúsa og verslunarhúsnæðis á austurhluta skipulagssvæðisins, en á vesturhlutanum er verndun byggðamynsturs, sjá skilgreiningu 6.0 á uppdrætti. Hvatt er til að halda yfirbragði hverfisins grænu og lagt til að gróðursett verði tré meðfram Laugalæk. Auk þess er lagt til að verslunarlóðir verði fegraðar og gefin heimild fyrir yfirbyggðu sölutorgi. Lögð verður áhersla á umferðaröryggi og stuðlað að hægari akstri með yfirborðsmeðhöndlun gatna. Gert er ráð fyrir nýjum hjólastíg meðfram Sundlaugavegi.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingum á deiliskipulagi í Reykjavík.

Öskjuhlíð Keiluhöll

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Öskjuhlíðar vegna lóðar Keiluhallarinnar. Í breytingunni felst að húsið er stækkað og í stað þess að tyrfa þak viðbyggingar til suðurs verður það málað í dökkum lit. Sýnilegur hluti veggs sem ber þak verður urðaður og gróðursett fyrir framan.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Lambhagaland við Vesturlandsveg

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Lambhagalands við Vesturlandsveg. Breytingin gengur út á skilgreiningu tveggja lóðarreita fyrir smádreifistöðvar, önnur vestan við Lund og hin við Lambhagaveg 23.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 12. október 2011 til og með 23. nóvember 2011**. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 23. nóvember 2011. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti**. Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 12. október 2011
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411



Lesendur gefa sér góðan tíma í Fréttablaðið

Það skiptir máli hvaða blað fólk gefur sér tíma til að lesa. Ný Prentmiðlakönnun Capacent Gallup staðfestir að lesendur á aldrinum 12-59 ára gefa sér lengri tíma til að lesa Fréttablaðið en Morgunblaðið. Við hlökkum til að færa ykkur fleiri góðar stundir í framtíðinni.

*Prentmiðlakönnun Capacent Gallup. Mældur er tími sem fer í lestur hvers eintaks Morgunblaðsins og Fréttablaðsins hjá lesendum á aldrinum 12–59 ára á öllu landinu.

Allt sem þú þarft...

Sumarbústaðir

Bjóðum sumarhús á tilboði í vetur!
Sumarhús 55fm, á verði frá = 3,480þ kr. Gesthús 24fm, á verði frá = 1,680þ kr. Sterk og vel einangruð hús. Með timburl eða báruáli. Val um liti. Fagmenn að verki. Húsin tekin út af byggingarfulltrúa. Upplýsingar 894 0048 Haraldur eða husogparket@gmail.com

Geymsluhúsnæði

Geymi tjaldvagna, fellihýsi ofl.

Ímynd gæða. Fjögurra stjörnu. 13 ára reynsla.

Í símaskrá ja.is undir;

geymsla asgeirs eirikssonar ehf.

Upplýsingar 897 1731 klettar@heimsnet.is

Vetrargeymsla fyrir ferðavagna!
Bílar, húsbílar, hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagnar og fl. Upphitað húsnæði, Uppl. í s. 899 0274 og 893 5574 og á www.husbilageymslan.net

Geymi tjaldvagna, fellihýsi og búslóðir.
Ímynd gæða. Fjögurra stjörnu. 14 ára reynsla. Í símaskrá ja.is undir: geymsla asgeirs eirikssonar ehf. Uppl. 897 1731 klettar@heimsnet.is

www.geymslaeitt.is
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500

Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

Leigumiðlanir

Leiguliðar ehf Fossaleyni 16
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir. Reykjavík, Hafnarfjörður, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes. Gæludýr velkomin.
Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440

Gisting

GISTING Í KAUPMANNAHÖFN

Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum.

Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga.
Verð frá 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð.

Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.copenhagenapartments.dk eða apartments.cph@gmail.com

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

Til leigu

Skrifstofuhúsnæði til leigu í Sandgerði

Til leigu og/eða sölu, skrifstofuhúsnæði á 1.hæð í Vörðunni við Miðnestorg, Sandgerði. Allt að 235m² (má skipta niður). Vel skipulagt og rúmgott, næg bílastæði og góð aðkoma í alla staði. **Upplýsingar: Gunnar 892-0125 gunnikef@gmail.com og Birgir 420-7555 birgir@sandgerdi.is.**

Tilkynningar

AUGLÝSING
um skipulagsreglur fyrir Akureyrarflugvöll.

Samkvæmt 59. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum, hefur innanríkisráðherra samþykkt þann 3. október 2011, skipulagsreglur fyrir Akureyrarflugvöll.

Uppkast að reglunum var til kynningar frá 23. maí 2011 til og með 21. júní 2011. Engar athugasemdir bárust.

Reglurnar má nálgast á heimasíðu innanríkisráðuneytisins, ***http://www.innanrikisraduneyti.is***, heimasíðu Flugmálastjórnar Íslands, ***http://www.caa.is***, og heimasíðu Isavia ohf. ***http://www.isavia.is***.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við ákvæði VII. kafla laga um loftferðir nr. 60/1998.

Reglurnar öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu, 3. október 2011.

Ögmundur Jónasson

Friðfinnur Skaptason

ATVINNA

Atvinna í boði

Kol ehf - hringjum út

Kvöld- og helgarvinna
Vegna aukinna verkefna vantar okkur öflugt og skemmtilegt fólk til úthringinga! Tímakaup og bónusar. 18 ára lágmarksaldur. Hringdu núna í síma 774 7400 kol@kol.is

Óska eftir smiðum til starfa í Stavanger. Einnig leitum við eftir trésmíðameistara í samstarf. sími +47 400 31 168 / info@handverkere.net

Vantar yfirvélstjóra á Kristbjörgu ís. Upplýsingar í síma 894 1899.

Leitum að öflugum einstaklingi til starfa í nýrri kjötvinnslu á Egilsstöðum. Aðeins kjötiðnaðarmaður eða maður vanur kjötskurði kemur til greina. Upplýsingar gefur Aðalbjörn í síma 471 2042, einnig er hægt að senda tölvupóst á adalbjorn.sau@gmail.com

Atvinna óskast

Maður frá Póllandi óskar eftir vinnu. Hörkuduglegur. Getur unnið hvar sem er á landinu. Sími 694 6518, Karolina.

Viðskiptatækifæri

Ertu 40 ára eða eldri ?
Leitum eftir jákvæðu samstarfsfólki við markaðssetningu á hinni eilífu æsku. LifeWave hefur slegið í gegn á heimsvísu. www.lw-global.com/is eða 564 5959.

TILKYNNINGAR

Einkamál

Konur í ævintýraleit. Enn er mikið um nýjar auglýsingar kvenna sem leita ævintýra á Rauða Torginu Stefnumót. Konur auglýsa frítt í s. 555-4321. Karlar hlusta á augl. kvenna í s. 905-2000 og 535-9920.

SÍMAÞJÓNUSTUR

Stefnumót
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (fritt karlar)
555 4321 (fritt konur)
Sögur
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
Spjalldömur
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

Tilkynningar

FÁKUR

Herrakvöld Fáks verður nk. laugardagskvöld. Glæsilegt villibráðarhlaðborð, Ari Eldjárn verður með uppistand. Miðasala í Reiðhöllinni í Víðidal. Allir velkomnir.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Atvinna

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



Hjúkrunarfræðingur

Starf hjúkrunarfræðings á skurð- og þvagfæralækningadeild er laust til umsóknar. Um er að ræða vaktavinnu, með sérstaka áherslu á næturvakir. Deildin þjónar einstaklingum sem glíma við sjúkdóma í efri hluta meltingarvegar og þvagfærum.
Í boði er góð einstaklingsaðlögun undir leiðsögn reyndra hjúkrunarfræðinga og frábært starfsumhverfi sem býður upp á möguleika til að dýpka þekkingu. Starfið er fjölbreytt og krefjandi.

Helstu verkefni og ábyrgð
Hjúkrunarfræðingurinn ákveður, skipuleggur og veitir hjúkrunarmeðferð í samráði við skjólstæðinga og ber ábyrgð á meðferð, samkvæmt starfslýsingu.

Hæfnikröfur
- Íslenskt hjúkrunarleyfi
- Góð samskiptahæfni
- Faglegur metnaður

Nánari upplýsingar
- Umsóknarfrestur er til og með 22. október 2011.
- Starfshlutfall er 80% og veitist starfið frá 1. nóvember 2011 eða eftir samkomulagi.
- Upplýsingar veitir Erla Dögg Ragnarsdóttir, deildarstjóri, netfang erladogg@landspitali.is, sími 543 7608.

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starf rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is, undir „laus störf". Ef ekki eru tök á að sækja um rafrænt má nálgast umsóknareyðublöð í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut og hjá mannauðssviði, Eiríksgötu 5. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Landspítali er reyklaus vinnustaður

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRA AF LANDSBYGGÐINNI

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

vísir

MYND/HARI

Þar segir að í lok ágúst hafi verið búið að færa niður lán heimila um alls 164 milljarða króna en þar af sé 131 milljarður vegna endurútreikninga á gengistryggðum lánum. Af þeim 131 milljarði voru 92 milljarðar vegna íbúðalána og 38 milljarðar vegna bílalána.

var ráð fyrir hærra neysluviðmiði leiddi að þeirri niðurstöðu að 17.800 heimili væru í vanda, eða 24 prósent heimila með íbúðaskuldir. Sérfræðingahópurinn skoðaði hins vegar ekki aðrar skuldir heimila en íbúðaskuldir.

Þær afskriftir sem framkvæmdar hafa verið og þau úrræði sem þegar hefur verið gripið til hafa sennilega að nokkru leyti fegrað þá stöðu sem dregin var upp í þessum tveimur greiningum. Samkvæmt tölum Seðlabanka Íslands urðu skuldir íslenskra heimila mestar árið 2008 þegar þær námu 127 prósentum af landsframleiðslu. Í lok mars á þessu ári höfðu þær lækkað niður í 110 prósent af landsframleiðslu. Sem hlutfall af ráðstöfunartekjum hafa skuldir heimilanna lækkað úr 237 prósentum af landsframleiðslu árið 2009 í 213 prósent á þessu ári, að því er fram kom í Morgunkorni Íslandsbanka í gær.

HVAÐ HEFUR VERIÐ GERT?

Ýmis úrræði hafa verið í boði fyrir skuldara frá hruni. Fyrstu úrræðin voru tímabundið leyfi fyrir úttekt séreignarsparnaðar, greiðslujöfnun og frysting lána. Greiðslujöfnun fól í raun í sér hægari hækkun mánaðarlegra afborgana en á móti lengdist í láninu, þó að hámarki um þrjú ár og félli það sem eftir stæði niður að þeim tíma loknum. Frysting fól aftur á móti í sér að hlé var gert á afborgunum tímabundið.

Umfangsmestu úrræðin sem í boði hafa verið er þó hin svokallaða 110 prósenta leið og sértæk skuldaaðlögun. Hafið var að bjóða 110 prósenta leiðina í upphafi þessa árs en hún felur í sér að séu íbúðaskuldir umtalsvert hærri en nemur verðmæti veðsettrar eignar býðst skuldara að fá eftirstöðvar lánsins færðar niður að 110 prósentum af verðmæti fasteignar. Lokað var fyrir umsóknir um 110 prósenta leiðina í lok júlí en alls bárust 15.594 umsóknir samkvæmt nýjustu tölum. Þar af var í lok ágúst búið að samþykkja 8.551 umsókn og nam niðurfærsla þeirra lána samtals 27,19 milljörðum króna. Áður höfðu bankar og sparisjóðir afgreitt 1.150 umsóknir samkvæmt eldri útgáfu úrræðisins og nam sú niðurfærsla 9,864 milljörðum króna.

Sérfræðingahópur um skuldavanda heimilanna taldi í skýrslu sinni að 110 prósenta leiðin gæti nýst allt að 15.203 heimilum og myndi kosta um 89 milljarða króna. Fjöldi umsókna bendir því til þess að stærstur hluti þeirra heimila hafi sóst eftir úrræðinu en enn er ekki orðið ljóst hve stór sá hópur sem fær úrræðið samþykkt verður að lokum.

Sértæk skuldaaðlögun er úrræði fyrir heimili í það alvarlegum vanda að 110 prósenta leiðin eða önnur vægari úrræði duga ekki. Þá eru skuldir og eignir lagaðar að greiðslugetu. Í lok ágúst höfðu 1.372 einstaklingar sótt um sértæka skuldaaðlögun og 894 fengið samþykki. Var heildarfjárhæð niðurfærslna 6,2 milljarðar króna. Ólíkt 110 prósenta leiðinni er enginn sérstakur gildistími á úrræðinu. Því má búast við því að umsóknum fjölgi en athygli vekur að talsvert færri hafa sótt um úrræðið en búist var við að þyrftu á því að halda í skýrslu sérfræðingahópsins. Þá var það talið geta nýst 2.605 heimilum og kosta lánveitendur á bilinu 18 til 26 milljarða króna. Því má telja líklegt að nokkur fjöldi heimila í alvarlegum skuldavandræðum hafi enn ekki fengið úrlausn sinna mála.

Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, lagði svokallaða Þjóðhagsáætlun 2012, skýrslu um efnahagsstefnu, fyrir Alþingi í síðustu viku. Þar var að finna umfjöllun um skuldaaðlögun heimila og fyrirtækja. Þar segir að endurskipulagning skulda heimila og fyrirtækja sé langt á veg komin. Slíkar aðgerðir séu hins vegar oft flóknar og tímafrekar, og enn fremur sé óhætt að fullyrða að verulegur árangur hafi náðst við skuldaaðlögun heimilanna þótt krefjandi verkefni séu fram undan.

Í skýrslunni er að finna nýjustu upplýsingar um afskriftir lána. Þar segir að í lok ágúst hafi verið búið að færa niður lán heimila um alls 164 milljarða króna en þar af sé 131 milljarður vegna endurútreikninga á gengistryggðum lánum. Af þeim 131 milljarði voru 92 milljarðar vegna íbúðalána og 38 milljarðar vegna bílalána.

AFSKRIFTASVIGRÚM

Í umræðunni um skuldavanda heimilanna hefur mikið verið rætt um hið svokallaða afskriftasvigrúm, það er hve mikið olnbogarými íslenskar fjármálastofnanir hafa til að afskrifa lán í lánasafni sínu. Þá er yfirleitt miðað við þann afslátt sem nýju bankarnir fengu af lánasöfnum gömlu bankanna í kjölfar bankahrunsins. Virði krafna bankanna á heimilin var bókfært með talsverðum afföllum en nákvæmar upplýsingar um afföllin hafa ekki verið birtar opinberlega.

Í svari Árna Páls Árnasonar, efnahags- og viðskiptaráðherra, við fyrirspurn á síðasta þingi um það hve háa fjárhæð húsnæðislán gömlu bankanna hefðu verið afskrifuð við kaup nýju bankanna, kom hins vegar fram að nýju bankarnir hefðu keypt húsnæðislánin á að meðaltali 72 prósentum af kröfuvirði við yfirfærsluna frá gömlu bönkunum. Afföllin hafi því samtals verið 90 milljarðar króna miðað við upphaflegan efnahagsreikning nýju bankanna. Sé það rétt er ljóst að afskriftir á íbúðalánum eru þegar orðnar meiri en sem nemur þessu svigrúmi, aðallega vegna endurreikninga á gengistryggðum lánum. Því hefur þó verið haldið fram að svigrúmið hafi verið talsvert meira. Ljóst er hins vegar að endurútreikningar á gengistryggðum lánum hafa verulega gengið á afskriftasvigrúmið og þótt endurreiknuð lán hafi verið skuldurum til hagsbóta hafa þeir endurreikningar vitaskuld ekki gagnast þeim meirihluta skuldara sem tók ekki gengistryggð lán.

Bankarnir lýstu því yfir í nóvember á síðasta ári að afskriftasvigrúmið væri orðið fullnýtt. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra kallaði hins vegar nýverið saman sérfræðingahópinn, sem vann skýrslu um skuldavanda heimilanna í fyrra, og er honum nú ætlað að meta hvort þetta svigrúm til afskrifta hafi verið nýtt heimilum landsins til hagsbóta. Úr því verður því varla skorið hér.

Sé það hins vegar rétt að afskriftasvigrúmið sé fullnýtt er ljóst að frekari afskriftir verða einungis framkvæmdar á kostnað eigenda fjármálastofnana. Í tilfelli Íbúðalánasjóðs eru það íslenskir skattgreiðendur en þar að auki á ríkissjóður 81,3 prósenta hlut í Landsbankanum, 13 prósenta hlut í Arion banka og 5 prósenta hlut í Íslandsbanka auk hluta í nokkrum sparisjóðum. Því er ljóst að mikil niðurfelling skulda umfram það sem þegar hefur verð gert, gæti orðið ríkissjóði ansi kostnaðarsöm.

NOKKUR FJÖLDI SENNILEGA ENN Í VANDA

Af opinberum gögnum er ljóst að ýmislegt hefur áunnist í glímunni við skuldavanda heimilanna. Þær skuldaniðurfærslur sem þegar hefur verið ráðist í hafa hjálpað þúsundum heimila við að standa undir afborgunum og létt undir með þúsundum öðrum. Líklegt má hins vegar telja að enn sé töluverður fjöldi heimila í greiðsluvandræðum og verður forvitnilegt að sjá hvernig og hvort komið verður til móts við þau heimili á næstu misserum.

NÝJUSTU TÖLUR UM NIÐURFÆRSLUR



Samkvæmt Þjóðhagsáætlun 2012 sem lögð var fyrir Alþingi í síðustu viku

sjavarutvegur@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Ragnar Guðjónsson hefur starfað við fjármögnun sjávarútvegs í 40 ár. Ragnar er viðskiptastjóri í sjávarútvegsteymi Íslandsbanka.

Við erum með hugann við það sem þú ert að gera

Okkar vinna snýst um að þín vinna gangi vel. Við leggjum okkur fram um að setja okkur vel inn í það sem þú ert að gera, og þó við kunnum kannski ekki handtökin í þínu starfi jafn vel og þú, þá vitum við hvað starfið gengur út á.

Starfsfólk Íslandsbanka býr yfir áratuga-reynslu í þjónustu við sjávarútveginn og hjá bankanum starfar stór hópur fólks með sérþekkingu á greininni. Þannig getum við ávallt tryggt fyrirtækjum í þessari undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar þá bankaþjónustu sem hún þarfnast.

Þekking sprettur af áhuga.

Íslandsbanki

HVITA HUSIÐ / SÍA 11-1098

SÍMANÚMER MARKAÐARINS: 512 5000, fax: 512 5301, ritstjorn@markadurinn.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

BANKAHÓLFIÐ

Már á ferð og flugi

Már Guðmundsson seðlabankastjóri hefur sannarlega gert víðreist síðustu mánuði þar sem hann hefur farið víða um Evrópu og flutt erindi um margs konar málefni. Hann hefur meðal annars fjallað um þann lærdóm sem hægt sé að draga af fjármálakreppunni, bæði hvað varðar Ísland og svo í víðara samhengi. Síðast í upphafi þessa mánaðar flutti hann ræðu á ráðstefnu OECD í París um kreppuviðbrögð og notkun ríkisábyrgða.

Jón Guðni stýrir fjármálasviði

Jón Guðni Ómarsson hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Fjármálasviðs Íslandsbanka og mun taka við af Sigrúnu Rögnu Ólafsdóttur. Jón Guðni hefur starfað hjá Íslandsbanka og fyrirrennurum í níu ár. Síðastliðin þrjú ár hefur hann verið forstöðumaður fjárstýringar.

Ömmi í heimsókn til sérstaks

Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, hefur aldeilis mikið á sinni könnu við að reyna að greiða úr mörgum þeim flóknu vafamálum sem enn liggja fyrir, þremur árum eftir hrun. Alls hafa um 180 mál borist embættinu en aðeins tvö hafa farið fyrir dóm enn sem komið er. Ögmundur Jónasson, innanríkisráðherra og yfirmaður Ólafs, leit við í heimsókn hjá embættinu á dögunum og segir í frétt á heimasíðu ráðuneytisins að þar hafi ráðherra fengið að vita að um tíu mál væru nú langt á veg komin.

2.019 milljarðar króna var hrein eign íslensku lífeyrissjóðanna í lok ágúst. Hún minnkaði um 24 milljarða milli mánaða en hafði aldrei verið jafn há og í júlí.

245 krónur fyrir evruna er aflandsgengi krónunnar en það hefur veikst nokkuð síðustu mánuði

54,9% eru líkurnar á því að niðursveifla hefjist aftur í Bandaríkjunum árið 2012 samkvæmt veðmálamarkaðnum Intrade

ÍÞRÓTTIR Á ÞÍNUM HEIMAVELLI

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir.

vísir

ICELAND AIRWAVES '11
October 12-16 FOUNDING SPONSOR ICELANDAIR

**FLUGSKÝLI 4, ÁRIÐ 1999.
FYRSTA ICELAND AIRWAVES
HÁTÍÐIN HALDIN.**

**2011
MET SLEGIÐ Í KOMU ERLENDRA
FERÐAMANNA Á HÁTÍÐINA.**

Icelandair er stofnandi og aðalstyrktaraðili
Iceland Airwaves.

ICELANDAIR

tímamót

timamot@frettabladid.is

43 **HUGH JACKMAN LEIKARI** er 43 ára.
„Að leika á Broadway er nútímaútgáfa þess að vera munkur.“

STEINUNN SIGURÐARDÓTTIR FATAHÖNNUÐUR: FÉKK INDRIÐAVERÐLAUNIN

Tvíþættur heiður og gleði

„Þetta er mikill heiður og mjög gaman,“ segir Steinunn Sigurðardóttir fatahönnuður sem á laugardag hlaut ný verðlaun Fatahönnunarfélags Íslands, Indriðaverðlaunin. Verðlaunin sem eru kennd við klæðskerann Indriða Guðmundsson heitinn, sem þekktur var fyrst og fremst fyrir gæði og fagmennsku, verða veitt annað hvert ár framvegis og í ár hlaut Steinunn þau sem sá fatahönnuður sem þykir hafa skarað fram úr á árunum 2009-2011.

Steinunn segir heiðurinn tvíþættan. „Í fyrsta lagi þá eru það meðlimir Fatahönnunarfélagsins sem tilnefna til verðlaunanna og það er mikill heiður að fá viðurkenningu úr þeim geira. Í öðru lagi þá er það náttúrulega það sem Indriði stóð fyrir sem var fagmennska og gæði,“ segir Steinunn. „Indriði var einn af frumkvöðlunum hér í karlmannafatnaði og vann með einstaklega flottri verksmiðju á Ítalíu sem leggur ofuráherslu á gæði. Hjá þeim skiptir hálfur millimetri máli í sníðamennskunni.“

Steinunn segir skemmtilegt að segja frá því að þegar verið var að vinna að stefnumótun fyrir fatahönnuði í kringum árið 2000 hafi Indriði komið fram með þá hugmynd að veita verðlaun fyrir fatahönnun. „Ég vil þakka Fatahönnunarfélaginu fyrir það að hafa hrint þeirri hugmynd hans í framkvæmd. Ég þekkti Indriða og það var tilfinningaþrungið augnablik þegar ég tók við verðlaununum á laugardaginn.“

Steinunn tekur þátt í Norræna fatahönnunartvíæringnum í Seattle sem hófst 30. september og er mjög hrifin af þeirri framkvæmd. „Þarna er tíska tvinnuð saman við myndlist sem mér finnst mjög áhugavert. Allt safnið var opnað fyrir tískunni þannig að þetta varð eins og innsetning sem var alveg frábært að horfa á. Þetta var mjög gott framtak sem opnaði augu Bandaríkjamanna fyrir hönnun frá Íslandi, Færeyjum og Grænlandi og sérstaklega gaman að þessi sýning skuli vera í gangi á tíu ára afmæli Fatahönnunarfélagsins. Hún sýnir hvað fatahönnun hér er komin langt á skömmum tíma. Hún er búin að slíta barnsskónum og komin á fullt skrið og hér eru mjög margir fatahönnuðir að gera frábæra hluti. Og Reykjavík Runway og allt þetta sem búið er að vera í gangi á þessu ári sannar það hversu mikil gróska er í fatahönnuninni hér.“

Steinunn segist ekki í vafa um að Indriðaverðlaunin verði fatahönnuðum hvatning til enn frekari afreka. „Ég get alveg séð þessi verðlaun verða stór og mikil eftir nokkur ár þegar nýliði ársins kemur fram, aukahlutir verða viðurkenndir, blaðagreinar og svo framvegis. Fatahönnunarfélagið er komið það langt að það er kominn tími til að breikka viðmiðin.“

fridrikab@frettabladid.is

HANDHAFI INDRIÐAVERÐLAUNANNA „Það var tilfinningaþrungið augnablik þegar ég tók við verðlaununum á laugardaginn,“ segir Steinunn Sigurðardóttir fatahönnuður. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

---

†

Faðir okkar,
Erlingur E. Halldórsson
rithöfundur,
er látinn.

Kristján Erlingsson
Vigdís Erlingsdóttir

---

†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Hanna Vigdís Sigurðardóttir
frá Oddsstöðum í Lundarreykjadal,

andaðist föstudaginn 7. október á Dvalarheimili aldraðra í Borgarnesi. Útförin fer fram frá Lundarkirkju laugardaginn 15. október kl. 12.00.

Ragnar Sveinn Olgeirsson
Sigurður Oddur Ragnarsson — **Guðbjörg Ólafsdóttir**
Olgeir Helgi Ragnarsson — **Theodóra Þorsteinsdóttir**
og ömmubörn.

---

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Bryndís Sveinsdóttir
Sunnuvegi 9, Selfossi,

lést mánudaginn 10. október. Útförin fer fram frá Selfosskirkju laugardaginn 15. október kl. 11.00.

Ingvar Jónsson — **Þórdís Kristjánsdóttir**
Þórir Jónsson
Pálmi Jónsson — **Guðrún Elíasdóttir**
Guðmundur Jónsson — **Áslaug Pálsdóttir**
Haukur Jónsson — **Aldís Anna Nielsen**
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Okkar ástkæri
Þorsteinn Steingrímsson
Eyjabakka 14, Reykjavík,

sem lést á heimili sínu miðvikudaginn 6. október, verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju, fimmtudaginn 13. október kl. 13.00.

Kristrún Ellertsdóttir
Kolbrún Þorsteinsdóttir — **Matthías Loftsson**
Þorsteinn Rúnar Kjartansson — **Arna Huld Sigurðardóttir**
Lilja Björg Kjartansdóttir — **Erlendur Ingi Jónsson**
og barnabarnabörn.

---

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, tengdasonur, afi og langafi,
Arnfinnur Ingvar Sigurðsson
Flétturima 38, Reykjavík,

lést laugardaginn 8. október. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 14. október kl. 15.00. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Landspítalans á deild11G og líknardeild Landakotsspítala fyrir kærleiksríka umönnun.

Sjöfn Arnfinnsdóttir
Snorri Arnfinnsson — **Ósk Gunnarsdóttir**
Skúli Arnfinnsson — **Sólrún Ingimundardóttir**
María Kristjánsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Björn Andrés Eiðsson
húsasmíðameistari, Sléttuvegi 15,

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir föstudaginn 7. október. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 14. október kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Minningarsjóð Eirar.

Sigurrós Gísladóttir
Svava Björnsdóttir — **Sigurbjörn Björnsson**
Eiður Björnsson — **María M. Guðmundsdóttir**
Gísli Björnsson — **Anna D. Tryggvadóttir**
Anna Björnsdóttir — **Róbert B. Agnarsson**
Sigurrós Birna Björnsdóttir — **Guðmundur Kr. Hallgrímsson**
afabörn og langafabörn.

---

†

Ástkær faðir okkar, tengafaðir, afi og kær vinur,
Adolf L. Steinsson
Jaðarsbraut 25, Akranesi,

andaðist á Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi föstudaginn 7. október sl. Útförin fer fram frá Háteigskirkju þriðjudaginn 18. október og hefst athöfnin kl. 15.00.

Ólafur Adolfsson — **Steinar Adolfsson**
Svandís Erla Ólafsdóttir — **Hafrún Jóhannesdóttir**
Arnar Steinn Ólafsson — **Alexandra Berg**
Stefanía Berg
Arna Berg
Hansína Jóna Traustadóttir

---

†

Ástkær eiginmaður minn og besti vinur, faðir okkar, sonur, bróðir, mágur og tengdasonur,
Þorbergur Auðunn Viðarsson
Kristnibraut 35, Reykjavík,

lést aðfaranótt þriðjudagsins 4. október í faðmi ástvina sinna á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Útför fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 13. október kl. 13.00.

Fyrir hönd aðstandenda,
Auður Magnúsdóttir
Óttar Ingi Þorbergsson
Elísabet Huld Þorbergsdóttir
Laufey Eva Stefánsdóttir

---

†

Hjartkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,
Helga Sigríður Ólafsdóttir
áður Flókagötu 16a og Hjallabraut 33,

lést 29. september á Hjúkrunarheimilinu Eir. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Starfsfólki á deild 2 suður á Eir sem og starfsfólki heimahjúkrunarinnar á Sólvangi er þökkuð öll aðstoð og aðhlynning.

Fyrir hönd aðstandenda,
Jón Ólafur Sigurðsson — **Ragnheiður Þórðardóttir**
Guðný Sjöfn Sigurðardóttir
Þórarinn Sigurðsson

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

FIMMTUDAGUR OPNUM KLUKKAN ELLEFU

189 KR. 2 LTR.

PEPSI & PEPSI MAX 2 LTR

1498 KR. 900G

EUROSHOPPER • 900 GRÖMM Í POKA

FROSNAR KJÚKLINGABRINGUR

129 KR. 1 LTR.

79 KR. 1/2 LTR

OS BRAUÐOSTUR

TILBOÐ

998 KR.KG

VERÐ ÁÐUR 1298 KR.KG

159 KR. 385G

MYLLU HEIMILISBRAUÐ

Barilla

SPAGHETTI 1 KG

249 KR.

998 KR. KG

FERSKUR ÚRB. GRÍSAHNAKKI

598 KR. KG

FERSKUR GRÍSABÓGUR

898 KR. KG

FERSKT BLANDAÐ HAKK

40% NAUT • 40% LAMB • 20% GRÍS

MEIRA KJÖT
MINNA BEIN

1395 KR. KG

SÉRSKORIÐ FERSKT LAMBALÆRI

298 KR. 300 ML

OPERA BLEIK HANDSÁPA

1195 KR. KG

FERSKT NAUTAVEISLU 100% NAUTAHAKK

1395 KR. KG

Grill læri er frábær nýjung frá SS. Klofið læri án leggs sem er aðeins 40 mínútur í eldun. Jöfn þykktin skilar ljúffengri og jafn eldaðri steik

JURTAKRYDDAÐ GRILL LAMBALÆRI

598 KR. PK1

NAUTAVEISLU FJÓRIR FERSKIR

100% NAUTABORGARAR MEÐ BRAUÐI

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

krossgáta



LÁRÉTT
2. blöðru, **6.** hvort, **8.** léreft, **9.** meðal, **11.** í röð, **12.** toga, **14.** splæs, **16.** pot, **17.** aur, **18.** fát, **20.** ekki heldur, **21.** þjappaði.

LÓÐRÉTT
1. trúi, **3.** belti, **4.** land, **5.** sár, **7.** einn, **10.** flík, **13.** útdeildi, **15.** felldi tár, **16.** einatt, **19.** svörð.

LAUSN
LÁRÉTT: **2.** bólu, **6.** ef, **8.** lín, **9.** lyf, **11.** bd, **12.** draga, **14.** stang, **16.** ot, **17.** for, **18.** fum, **20.** né, **21.** tróð.
LÓÐRÉTT: **1.** held, **3.** ól, **4.** Líbanon, **5.** und, **7.** fyrstur, **10.** fat, **13.** gaf, **15.** grát, **16.** oft, **19.** mó.

Ökuleikni á rútum og trukkum

Laugardaginn 15. október nk verður haldin opin Íslandsmeistarakeppni í Ökuleikni á rútum og trukkum. Keppnin fer fram á svæði Ökuskóla 3 við Borgartún í Reykjavík. Rútukeppnin hefst kl. 12 og trukkakeppnin kl. 14. Skráning og nánari upplýsingar eru á www.brautin.is og í síma 588 9070.

Athugið að meirapróf er skilyrði fyrir þátttöku

ÖKULEIKNI 2011

Brautin - bindindisfélag ökumanna

Skúmaskot bókmenntaþjóðarinnar

BAKÞANKAR
Sifjar Sigmarsdóttur

Þegar ég var tólf fór ég um allt með Stríð og frið á bakinu. Klárlega staurblind á hvað var félagslega svalt meðal jafnaldra minna þóttist ég með puttann á púlsinum þegar kom að vali á bókmenntum sem flott væri að lesa. Einhverju sinni í frímínútum er ég virtist óvenjuniðursokkin í þennan heim rússneskra aðalsmanna rak skólafélagi óvænt nefið ofan í doðrantinn. Í ljós kom að ekki var allt sem sýndist. Inni í fagurlega innbundnu stórvirkinu var opin önnur bók. Tolstoj mátti snúa sér í gröfinni er hann vék fyrir bókmenntaverki sem ég hafði laumast til að fá lánað á skólabókasafninu: Tár, bros og takkaskór eftir Þorgrím Þráinsson.

Í DAG hefst Bókasýningin í Frankfurt þar sem Ísland er heiðursgestur. Þar verður fagnað því besta, fegursta, lífseigasta og vinsælasta sem skrifað hefur verið á íslenskri tungu. Nýlegar fréttir af bágum lesskilningi íslenskra unglingsdrengja og að því er virðist hægum dauða skólabókasafnsins í reykvískum skólum varpa þó óneitanlega skugga á hátíðarhöldin. Grunnforsenda áframhaldandi bókmenningar hér á landi hlýtur að vera að börn læri að lesa. Það þarf þó meira til.

FYRIR NOKKRUM árum birtist í Morgunblaðinu viðtal við fyrrnefndan unglingabókahöfund sem setið hefur í mér síðan. Þar greindi Þorgrímur frá því að á þeim 20 árum sem hann hafði sótt um starfslaun listamanna í launasjóð rithöfunda hefði hann 19 sinnum fengið neitun.

TIL AÐ þær háu bókmenntir sem kynntar verða í Frankfurt í vikunni eigi sér framtíð er ekki nóg að börn dagsins í dag kunni að lesa. Þau þurfa líka að vilja lesa. Lestur sem dægradvöl á í vök að verjast gegn skemmtun á borð við sjónvarp og tölvuleiki. Af mörgum er lestur ekki einu sinni talinn til dægradvalar. Hann er álitinn verkfæri. Tól sem maður notar til að útskrifast úr skóla og sinna vinnu, rétt eins og kústur er áhald sem maður sópar gólf með.

ÞÓTT ÞAÐ hafi vissulega göfgað tólf ára andann að lesa Tolstoj var það með jafnöldrum mínum í bókum Þorgríms Þráinssonar sem ég gleymdi mér. Það var við lestur íslenskra barnabóka sem gerðust í þeim reynsluheimi sem ég þekkti að mér varð ljóst að lestur var ekki aðeins „til gagns“ heldur einnig gamans. Úr þeim útskrifaðist ég svo yfir í suma þeirra höfunda sem fagnað verður í Frankfurt í vikunni. Það útskrifast hins vegar enginn úr tölvuleiknum „Grand Theft Auto“ yfir í Halldór Laxness. Gleymum því ekki að minnast þessarar mikilvægu bókmenntagreinar um leið og stórvirkjum íslenskra bókmennta er fagnað. Barnabókmenntir eru ekki skúmaskot hverrar bókmenntaþjóðar heldur grunnur hennar.

myndasögur

Pondus
Eftir Frode Øverli



Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið
Eftir Tony Lopes

Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

SÁU MYNDIR AF LAUSAGÖNGU Heimir Sverrisson, Chloe Anna Bergmann Aronsdóttir, Aron Bergmann og Ísmey Myrra Bergmann Aronsdóttir mættu á opnunina.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Góðir gestir á opnun Kára Sturlu

Tónleikahaldarinn Kári Sturluson opnaði sína fyrstu ljósmyndasýningu á mánudaginn í Kex Hosteli. Góðir gestir mættu á opnunina og samfögnuðu með honum.

Sýningin nefnist Lausaganga ferðamanna í borgarlandinu og stendur yfir til 18. október. Þar sýnir Kári 21 ljósmynd sem hann tók á Blackberry-símann sinn í Reykjavík í sumar af ferðamönnum á gangi um Reykjavík.

Lausaganga ferðamanna er fyrsta ljósmyndasýning Kára Sturlusonar tónleikahaldara.

Sigrún Erla Sigurðardóttir, Bríet Brekadóttir og Steinunn Þórhallsdóttir voru á meðal gesta.

Skúli Geir Jónsson, Ingibjörg Magnúsdóttir og Svanhildur Másdóttir voru brosmild.

LYFJA
– Lifið heil
www.lyfja.is
+20% afsláttur af Efalex
Eflir og styrkir hugsun, einbeitingu, sjón og hormónajafnvægi.
Gildir til 18. október.
Lægra verð í Lyfju
ÍSLENSKA/SÍA/LYF 56589 10/11

Tækniþróunarsjóður
„Betri lausnir fyrir minna fé“
Kynningarfundur 14. október

Tækniþróunarsjóður og Samtök iðnaðarins boða til opins kynningarfundar um markáætlun um klasasamstarf, föstudaginn 14. október kl. 8:30 - 10:00 í Húsi atvinnulífsins, Borgartúni 35.

Umsóknarfrestur er til 1. nóvember nk.

Starfsmenn Rannís kynna markáætlun um þróunarverkefni í samstarfi við opinbera kaupendur á sviði menntamála, heilbrigðismála og orku- og umhverfismála og svara fyrirspurnum.

Davíð Lúðvíksson, forstöðumaður hjá Samtökum iðnaðarins, stýrir fundinum.
Boðið verður upp á kaffiveitingar.

Tækniþróunarsjóður heyrir undir iðnaðarráðherra og starfar skv. lögum um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun, nr 75/2007. Sjóðurinn, sem er í vörslu Rannís, fjármagnar nýsköpunarverkefni í samræmi við meginstefnu Vísinda- og tækniráðs. Umsækjendur geta verið fyrirtæki, einstaklingar, rannsóknastofnanir og háskólar.

Tækniþróunarsjóður
SI Samtök iðnaðarins
Iðnaðarráðuneytið
rannís
Laugavegi 13, 101 Reykjavík
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is
HNOTSKÓGUR grafisk hönnun

Sena
er í viðskiptum hjá okkur

Björn Sigurðsson og félagar hjá Senu sjá Íslendingum fyrir nýrri tónlist, kvikmyndum, tölvuleikjum og fjölbreyttri skemmtun árið um kring. Síminn stoppar ekki, hjólin snúast, ný tækifæri bjóðast og nýtt samstarf verður til. Þannig gerast hlutirnir.
Þess vegna er Sena í viðskiptum hjá okkur.

MP BANKI
Ármúla 13a | Borgartúni 26 | 540 3200 | www.mp.is
Fíton/SÍA

HVERFISKAFFI Í GERÐUBERGI Elsa Hrafnhildur Yeoman fer yfir sýn stýrihópsins 111 - Reykjavík á verkefni sín, núverandi stöðu og framtíðarverkefni í Breiðholtinu í kvöld klukkan 20 í Gerðuberg. Arkitektarnir Gunnar Sigurðsson og Ástríður Magnúsdóttir kynna vinnu við nýja hönnun á göngustígnum langa í Fellahverfi og einnig verður hvatt til almennrar umræðu og kallað eftir ábendingum frá íbúum um hvaða lausnir og endurbætur þeir vilja sjá í Breiðholtinu.

FYRSTA HLUTVERKIÐ Sigurður Skúlason var 21 árs þegar hann lék í sinni fyrstu stuttmynd. Myndin var hins vegar ekki kláruð fyrr en nýlega. Hér er hann í hlutverki einnar af þremur aðalpersónum myndarinnar.

Heimildarmynd um stuttmynd sem aldrei varð til

Sigurður Skúlason leikari lék í sinni fyrstu bíómynd þegar hann var 21 árs. Myndin var ekki kláruð fyrr en nýlega, rúmum 40 árum síðar. Heimildarmyndin Paradox, sem fjallar um það ferli, verður sýnd í Bíó Paradís á næstunni.

„Þetta vildi þannig til að Sigurður fór að segja mér frá stuttmynd sem hann lék einu sinni í, árið 1967 þegar hann var 21 árs og nýútskrifaður leikari. Myndin hafði verið tekin upp, en aldrei klippt eða hljóðsett," segir Hafsteinn Gunnar Sigurðsson kvikmyndaleikstjóri. „Myndin hafði sótt á Sigurð í öll þessi ár, þar til hann fékk loks filmurnar í sínar hendur og lét yfirfæra þær á stafrænt form. Þegar hann sýndi mér þetta varð ég strax mjög hrifinn, enda er þetta mjög fallegt svarthvítt myndefni. Þeir Níels Óskarsson og Þröstur Magnússon, sem gerðu upphaflegu myndina, eiga hrós skilið fyrir að hafa hrint þessu í framkvæmd á þessum tíma, þegar stuttmyndagerð var fáheyrð hér á landi."

LEIKSTJÓRAR Hafsteinn Gunnar Sigurðsson og Sigurður Skúlason leikstýra heimildarmyndinni Paradox, sem fjallar um stuttmynd sem Sigurður lék í ungur að árum en var aldrei kláruð.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hafsteinn og Sigurður ákváðu að gera heimildarmynd um það ferli þegar myndin er kláruð, rúmum fjörutíu árum eftir að hún var tekin upp. Þeir fengu til liðs við sig þá Daníel Bjarnason tónskáld og Kristján Loðmfjörð klippara til að eftirvinna myndina. „Úr varð mjög skemmtileg atburðarás. Það voru ekki allir sammála um hvernig ætti að koma verkinu heim og saman og ólík sjónarmið ólíkra kynslóða í gangi. Kristján og Daníel voru til að mynda hrifnir af aldri filmunnar og voru að vinna með ryk og rispur á henni, á meðan þeir Níels og Þröstur voru frekar til í að láta hreinsa upp myndina. Þetta endurspeglar meðal annars ólík viðhorf ólíkra kynslóða sem koma fram í myndinni."

Í lok heimildarmyndarinnar gefur svo að líta stuttmyndina eftir að búið er að glæða hana lífi. Paradox var frumsýnd á heimildarmyndahátíðinni Skjaldborg í sumar og jafnframt sýnd á Reykjavík International Film festival, RIFF, sem lauk nú í byrjun október. Á föstudaginn kemur hún í almennar sýningar í Bíó Paradís. Þess má geta að þar er einnig önnur kvikmynd eftir Hafstein í sýningum, Á annan veg, sem er leikin bíómynd í fullri lengd.

holmfridur@frettabladid.is



nettó

Kræsingar & kostakjör

HEILSU-DAGAR 25% afsláttur

Í NETTÓ

Kynnu þér frábært úrval af gæða heilsuvörum

VÍTAMÍN FYRIR VETURINN

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavixl.

Verið velkomin í Nettó

Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær - Borgarnes

Tilboðin gilda 11. - 25. okt

eða meðan birgðir endast

Vilja heimsyfirráð á netinu

Vefsíðan Live Project ætlar að gera tónlistarhátíðinni Iceland Airwaves góð skil. Framtíðarsýn stofnenda síðunnar er að gera hana þá skemmtilegustu á netinu.

Það verður nóg að gerast á íslensku vefsíðunni Live Project í tengslum við tónlistarhátíðina Iceland Airwaves sem hefst í dag. Live Project er rauntíma myndbrota- og ljósmyndasíða þar sem allir geta deilt upplifun sinni í beinni útsendingu. Mennirnir á bak við hana eru Benedikt Freyr Jónsson, Hörður Kristbjörnsson og Daníel Freyr Atlason.

Um fimmtán manns starfa við síðuna meðan á Airwaves stendur til að fanga stemninguna á tónleikum. Mest áhersla er lögð á að taka upp efni með íslensku hljómsveitunum. Að auki eru gestir Airwaves hvattir til að setja á síðuna eigin upplifun af hátíðinni. „Það verður öllu safnað saman í tímaröð í beinni útsendingu og það geta allir tekið þátt með því að deila sínu efni," segir Hörður.

Live Project býður upp á þá nýjung á Airwaves að fólk getur leigt sér einkaherbergi á Kex Hosteli og farið þar í alvöru karóki. Fólkið er einnig hvatt til að setja skemmtileg karóki-myndbrot úr herberginu inn á síðuna. Á skemmtistaðnum Austur verður Icelandair með fjölmiðlamiðstöð og þar verða sýndar beinar útsendingar í gegnum Live Project. Sérstakt pláss fyrir vefsíðuna verður einnig á Visir.is.

Live Project hefur áður verið á Hróarskelduhátíðinni og á Popaganda í Svíþjóð. „Það hefur verið rosalega vel tekið í þetta," segir Hörður. „Þetta er líka svo skemmtilegt. Það er gaman að horfa á þetta bæði á meðan hátíðin er í gangi og eftir hana."

LIVE PROJECT Benedikt Freyr Jónsson, Hörður Kristbjörnsson og Daníel Freyr Atlason sem standa að Live Project. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Við stefnum á að gera þetta að skemmtilegustu vefsíðu internetsins.

Spurður hvert Live Project stefni í framtíðinni segir hann: „Við viljum verða einu sinni til tvisvar í mánuði með útsendingar héðan og þaðan úr heiminum. Við stefnum á að vera hin eina sanna lýðútsendingarsíða hátíða."

Hingað til hafa þeir félagar fjármagnað vefsíðuna sjálfir, með hjálp Símans, Icelandair og fleiri aðila. Þeirra von er sú að vefsíðan eigi eftir að festa sig í sessi úti um allan heim og meiri peningur komi þá í kassann „Við stefnum á að þetta verði okkar lífsviðurværi. Við stefnum á að gera þetta að skemmtilegustu vefsíðu internetsins. Það er okkar sýn," segir Hörður. „Ég er búinn að lofa stofnmeðlimi mínum Benz ef við myndum meika það. Daníel Freyr er mikill aðdáandi Benz og honum var lofað þessu í upphafi."

Slóð síðunnar á netinu er Liveproject.me.

freyr@frettabladid.is

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ

SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

WHAT´S YOUR NUMBER	KL. 8 - 10.20	12
KILLER ELITE	KL. 8 - 10.30	16
KILLER ELITE LÚXUS	KL. 8 - 10.30	16
RAUÐHETTA 2 ÍSL	KL. 4	L
RAUÐHETTA 2 3D ÍSL	KL. 4	L
ELDFJALL	KL. 5.45	L
ABDUCTION	KL. 8 - 10.20	12
JOHNNY ENGLISH REBORN	KL. 5.45 - 10.20	7
SPY KIDS 4 IN 4D	KL. 3.30	L
STRUMPARNIR 3D ÍSL	KL.3.30	L

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

WHAT´S YOUR NUMBER	KL. 5.40 - 8 - 10.20	12
I DON´T KNOW HOW SHE DOES IT	KL. 5.40	L
PROJECT NIM	KL. 10.20	L
BOBBY FISHER	KL. 6 - 10.15	L
ELDFJALL	KL. 5.45 - 8 - 10.15	L

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

WHAT´S YOUR NUMBER	KL. 8 - 10	12
KILLER ELITE	KL. 8 - 10	16
JOHNNY ENGLISH REBORN	KL. 6	7
ELDFJALL	KL. 6	L

facebook / smarabio • facebook / haskolabio

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

KILLER ELITE	5.50, 8 og 10.20(POWER)
ABDUCTION	8 og 10.20
RAUÐHETTA 2 - 3D	6 - ISL TAL
JOHNNY ENGLISH	6, 8 og 10.20

SAMBÍÓIN

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

REAL STEEL	kl. 6 - 8 - 10:40	2D	12
REAL STEEL Luxus VIP	kl. 8 - 10:40	2D	VIP
CONTAGION	kl. 8 - 10:40	2D	12
CONTAGION Luxus VIP	kl. 5:50	2D	VIP
HRAFNAR, SÓLEYJAR OG MYRRA	kl. 6	2D	L
JOHNNY ENGLISH REBORN	kl. 5:50 - 8 - 10:10	2D	L
KONUNGUR LJÓNANNA - 3D M/ísl. tali	kl. 6	3D	L
DRIVE	kl. 8 - 10:10	2D	16
ALGJÖR SVEPPI	kl. 6	2D	L
CRAZY, STUPID, LOVE	kl. 8:30	2D	7
HORRIBLE BOSSES	kl. 10:40	2D	12

SAMBÍÓIN AKUREYRI

KONUNGUR LJÓNANNA 3D	kl. 6	3D	L
REAL STEAL	kl. 8	2D	12
CONTAGION	kl. 10:10	2D	16
ALGJÖR SVEPPI OG TÖFRASKÁPURINN	kl. 6	2D	L
HRAFNAR SÓLEYJAR OG MYRRA	kl. 8	2D	L
SHARK NIGHT	kl. 10:10	3D	16

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

REAL STEEL	kl. 5:20 - 8 - 10:40	2D	12
THE LION KING M/ísl. tali	kl. 5:30	3D	L
ALGJÖR SVEPPI	kl. 5:30	2D	L
CONTAGION	kl. 8 - 10:30	2D	16
CRAZY, STUPID, LOVE	kl. 8	2D	7
SHARK NIGHT	kl. 10:30	3D	16
DRIVE	kl. 8 - 10:20	2D	16

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

REAL STEEL	kl. 5:30 - 8 - 10:40	2D	12
CONTAGION	kl. 8 - 10:20	2D	12
KONUNGUR LJÓNANNA - 3D M/ísl. tali	kl. 6	3D	L
THE LION KING - 3D íslenskt M/ Ensku. Tali	kl. 8	3D	L
DRIVE	kl. 10	2D	16
ALGJÖR SVEPPI	kl. 6	2D	L

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

REEL STEEL	kl. 8 - 10:10	12
JOHNNY ENGLISH REBORN	kl. 8	L
ABDUCTION	kl. 10:10	12

Í SMÁRABÍÓ, HÁSKÓLABÍÓ OG BORGARBÍÓ AKUREYRI!

2 FYRIR 1 TILBOÐ NOVA ALLA MIÐVIKU- OG FIMMTUD.

2 FYRIR 1 Í BÍÓ

M.NOVA.IS

SMS

Stærsti skemmtistaður í heimi! NOVA

TÉKKAÐU Á TILBOÐINU Á M.NOVA.IS. GILDIR Á ALLAR SÝNINGAR, ÍSLENSKAR OG 3D. GILDIR EKKI Í LÚXUSSAL!

BÍÓ★PARADÍS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is

MIÐVIKUDAGUR: ICELAND AIRWAVES DAGAR: EVERYTHING, EVERYWHERE, ALL THE TIME / BACKYARD / ROKK Í REYKJAVÍK / GARGANDI SNILLD 16:00 ■ Í NAFNI FRIÐAR 18:00 ■ CARLOS 20:00 ■ AÐFÖR AÐ LÖGUM 20:00, 22:10 ■ JÓN OG SÉRA JÓN 20:00, 20:00 ■ *SVÍNASTÍAN* 18:00, 22:00 ■ THORS SAGA 18:00 ■ Á ANNAN VEG 20:00 ■ ANDLIT NORÐURSINS (síðustu sýningar) 18:00 ÍSLENSKUR TEXTI. *ENGLISH SUBTITLES.*

VERTU FASTAGESTUR!

Myndform tryggir sér gullnámu

„Þetta gerðist í sumar og var virkilega stór biti fyrir okkur. Þeir verða með fullt af stórum og dýrum myndum og ætla sér stóra hluti á næstu árum," segir Geir Gunnarsson hjá dreifingarfyrirtækinu Myndform. Fyrirtækið náði nýlega samningum við framleiðslufyrirtækið MGM og tryggði sér þar með dreifingarréttinn að næstu James Bond-mynd, Robocop og Hobbitanum.

Myndform hefur verið litli aðilinn á bíódreifingar-markaðinum þar sem Sena og Sambíóin hafa ráðið ríkjum. Myndform hefur hins vegar verið að sækja í sig veðrið og náði nýlega að tryggja sér öll viðskipti Universal sem þýðir að það mun meðal annars dreifa Contraband, fyrstu Hollywood-kvikmynd Baltasars Kormáks.

MGM varð næstum gjaldþrota árið 2010 en nýir aðilar, Spyglass, tóku yfir fyrirtækið og ætla sér stóra hluti. Ljóst er Myndform hefur komist í feitt með samningnum við MGM því á næsta ári verður hálf öld liðin frá því að fyrsta Bond-myndin var frumsýnd. Og ef marka má áhorfstölur síðustu þriggja Bond-mynda er ljóst að menn þurfa ekki að hafa miklar áhyggjur af aðsókn: rúmlega 62 þúsund sáu Die Another Day, 55 þúsund Casino Royal og 63 þúsund Quantum of Solace.

- fgg

NÝIR DREIFINGARAÐILAR James Bond hefur fundið sér nýtt heimili á Íslandi, Laugarásbíó.

Nothæft af haugunum

Bíó ★★★

Real Steel

Leikstjórn: Shawn Levy

Aðalhlutverk: Hugh Jackman, Dakota Goyo, Evangeline Lilly, Kevin Durand, Hope Davis, James Rebhorn

Bardagavélmennið Atom er samsett úr gömlu brotajárni og varahlutum úr öðrum vélmennum. Að sama skapi er kvikmyndin Real Steel byggð á meira en 50 ára gamalli smásögu og fær að láni stemninguna úr Stallone-stórvirkjunum Rocky og Over the Top. Ryðgaður en vel nothæfur samtíningur, alveg eins og vélmennið.

Hugh Jackman leikur Charlie Kenton, misheppnaðan fyrrum hnefaleikamann, sem virðist aldrei hafa gert neitt rétt. Kenton er aumingi og ónytjungur og situr uppi með 11 ára gamlan son sinn eftir að barnsmóðir hans deyr. Þeir deila þó áhuga sínum á bardagavélmennum og stráksgemlingurinn hirðir fyrrnefndan Atom af ruslahaugunum, föðurnum til mikillar gremju. Að sjálfsögðu reynist vélmennið ekki eins galið og útlit var fyrir í fyrstu, og smám saman minnka illindin milli feðganna.

Real Steel er formúlumynd frá A til Ö. Áhorfandinn er yfirleitt skrefinu á undan myndinni, en Hugh Jackman og vélmennin eru nægilega skemmtileg til að halda athygli hans. Þá eru tæknibrellurnar sérstaklega vel heppnaðar og aldrei yfirgengilegar. Útkoman er hin sæmilegasta fjölskylduskemmtun.

Haukur Viðar Alfreðsson

Niðurstaða: Töluvert síðri en Rocky, en aðeins betri en Over the Top.

Tónlist ★★★

Mood

Beggi Smári

Bestur í blúsnum

Beggi Smári hefur í nokkur ár starfrækt hljómsveitina Mood, sem þessi fyrsta sólóplata hans er nefnd eftir. Beggi er góður blústónlistarmaður eins og heyra má í Don´t Believe It´s True, Let Me Know og í lögunum What! og Moody Rudy þar sem gítarleikur hans er sérlega flottur.

Beggi bregður sér í ballöðugírinn af og til en tekst ekki alveg eins vel upp þar. Warm & Strong er sæmileg poppballaða en It Hurts Me Too, No Sense og Wait For Me lítt eftirminnileg, þó svo að sólóið í því síðastnefnda sé reyndar fallegt. Peace er svo mjög flott ósungið blúslag sem endar þennan ágæta frumburð Begga á fagmannlegan hátt.

Freyr Bjarnason

Niðurstaða: Blúslög Begga eru fyrirtak en poppballöðurnar ekki eins áhugaverðar.

Hádegishlaðborð með Latabæ:
26. og 27. nóvember. 3. og 4. desember.
Bókaðu núna á hotelsaga@hotelsaga.is, eða í síma 525 9930.
www.hotelsaga.is

Radisson BLU
SAGA HOTEL, REYKJAVIK

sport

sport@frettabladid.is

HELGI MÁR MAGNÚSSON , leikmaður sænska liðsins 08 Stockholm, fagnaði sigri á móti Íslendingunum í Sundsvall í sænsku úrvalsdeildinni í gærkvöldi. Helgi Már var með 16 stig og 7 fráköst í 75-74 sigri . Jakob Örn Sigurðarson skoraði 22 stig fyrir Sundsvall, Pavel Ermolinskji var með 11 stig og Hlynur Bæringsson bætti við 8 stigum og 11 fráköstum. Brynjar Þór Björnsson skoraði 5 stig í 986-84 sigri Jämtland á LF Basket og Logi Gunnarsson var með 11 stig í 84-71 tapi Solna á móti Södertälje.

Danir og Svíar inn á EM

Fimm þjóðir tryggðu sér sæti í úrslitakeppni EM í fótbolta á lokakvöldi riðlakeppninnar í gær og þar á meðal voru tvær Norðurlandaþjóðir. Danir unnu 2-1 sigur á Portúgal á Parken og Svíar skelltu Hollendingum í Solna.

FÓTBOLTI Rússar, Danir, Grikkir, Frakkar og Svíar tryggðu sér sæti í úrslitakeppni EM í gærkvöldi á lokakvöldi undankeppni EM 2012 sem fram fer í Póllandi og Úkraínu næsta sumar. Frændur okkar Danir og Norðmenn unnu frábæra sigra og þá tryggðu bæði Grikkir og Frakkar sér sætið með dramatískum hætti.

Rússland, Grikkland, Danmörk og Frakkland tryggðu sér sigur í sínum riðlum og bætast þar með í hóp með Þýskalandi, Ítalíu, Spáni, Hollandi og Englandi sem voru búin að vinna sína riðla fyrir leiki gær kvöldsins. Svíar komust einnig á EM sem sú þjóð sem var með bestan árangur af þeim sem enduðu í 2. sæti í sínum riðli.

Danir unnu 2-1 sigur á Portúgal á Parken. Danir voru ekki í alltof góðri stöðu fyrir haustleikina en unnu bæði Norðmenn og Portúgal með sannfærandi hætti á Parken sem vóg þungt. Michael Krohn-Dehli og Nicklas Bendtner komu Dönum í 2-0 á móti slöku portúgölsku liði í gær en Cristiano Ronaldo minnkaði muninn með frábæru marki beint úr aukaspyrnu í uppbótartíma.

Danir litu ekki vel út í naumum sigri á Íslandi fyrir ári síðan en þeir fóru í gang á lokasprettinum og tryggðu sér sigur í riðlinum með því að vinna fjóra síðustu leiki sína. Portúgalir héldu 2. sætinu á markatölu en Norðmenn náðu þeim með 3-1 sigri á Kýpur í gær.

FRÁBÆRIR Á LOKAKAFLANUM Danir tryggðu sér sigur í okkar riðli í gær. MYND/AFP

Svíar unnu glæsilegan 3-2 sigur á Hollendingum sem voru búnir að vinna alla níu leiki sína í undankeppninni. Hollendingar voru búnir að tryggja sér sigur í riðlinum enn hefðu Svíar ekki unnið þá var sætið Portúgala.

Kim Källström kom Svíum í 1-0 en Klaas-Jan Huntelaar Dirk Kuyt komu Hollandi í 2-1. Svíar svöruðu þá með tveimur mörkum á tveimur mínútum. Það fyrra skoraði Sebastian Larsson á 52. mínútu og það síðara skoraði Ola Toivonen mínútu síðar.

Samir Nasri tryggði Frökkum sæti á EM þegar hann tryggði sínum mönnum 1-1 jafntefli á móti Bosníu með marki úr víti tólf mínútum fyrir leikslok. Liðsfélagi hans hjá Manchester City, Edin Dzeko, hafði komið Bosníu í 1-0 á 40. mínútu en þau úrslit hefðu komið Bosníumönnum á EM.

Angelos Charisteas, sá sami og tryggði Grikkjum Evrópumeistaratitilinn 2004, skoraði sigurmark Grikkja í Georgíu. Georgíumenn voru 1-0 yfir þegar 78 mínútur voru liðnar af leiknum en Grikkir skoruðu tvö mörk á síðustu ellefu mínútunum og tryggði sér efsta sætið á kostnað Króata. ooj@frettabladid.is

ÁFRAM FAGNAÐ Í VESTURBÆ KR varð Íslandsmeistari í vor. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Spáin fyrir körfuboltaveturinn:

KR og Keflavík verja titlana

KÖRFUBOLTI KR og Keflavík munu verja Íslandsmeistaratitlana sína samkvæmt árlegri spá forráðamanna, fyrirliða og þjálfara liðanna í Iceland Express-deildunum og skipti það engu þótt bæði lið hefðu tapað í Meistarakeppninni á sunnudaginn.

Njarðvík er spáð falli úr Iceland Express-deild karla ásamt nýliðum Vals en hjá konunum er Fjölni spáð falli.

Hér fyrir neðan má sjá hvar liðin enda samkvæmt spám. - óój

Iceland Express karla:

1. KR 395	2. Grindavík 374
3. Stjarnan 373	4. Snæfell 328
5. Keflavík 293	6. ÍR 244
7. Þór Þ. 169	8. Haukar 149
9. Fjölnir 145	10. Tindastóll 136
11. Njarðvík 134	12. Valur 71

Iceland Express kvenna:

1. Keflavík 166	2. KR 163
3. Haukar 135	3. Valur 135
5. Snæfell 90	6. UMFN 84
7. Hamar 54	8. Fjölnir 37

ENDURNÝJUN OG VIÐHALD
Löggiltur rafverktaki
Sími:
696 5606
rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
Síðumúli 34 • 108 Reykjavík
Sími 696 5606 • rafsol@rafsol.is

Zoran Daníel Ljubicic var í gær ráðinn þjálfari Keflavíkur í Pepsi-deild karla:

Með marga strákana síðan í 4. flokki

FÓTBOLTI Zoran Daníel Ljubicic var kynntur sem næsti þjálfari Keflavíkur á blaðamannafundi í gær. Zoran, sem er 47 ára gamall og fyrrverandi leikmaður félagsins, hefur þjálfað yngri flokka Keflavíkur síðustu ár og gerði 2. flokk félagsins að bikarmeisturum í sumar.

„Það eru spennandi strákar í þessu liði og marga þeirra er ég búinn að vera að vinna með síðan í fjórða flokki. Ég er mjög ánægður með að fá þetta tækifæri,“ sagði Zoran Daníel Ljubicic í gær. „Við ætlum að skoða betur leikstílinn og ég er á því að við getum gert betur en síðasta sumar. Ég vona að ég geti lagt meiri áherslu á sóknarboltann en það mun bara koma í ljós,“ sagði Zoran Daníel sem leggur áherslu á að hann ætli að byggja upp nýtt og ætli að fara rólega í markmiðssetningu.

Hann er hins vegar bjartsýnn á að halda öllum leikmönnum hjá félaginu. - óój

ZORAN DANÍEL LJUBIC.

ÚRSLIT Í GÆR

Undankeppni EM 2012

A-RIÐILL

Kasakstan - Austurrík 0-0
Þýskaland - Belgía 3-1
1-0 Mesut Özil (30.), 2-0 Andre Schürrle (33.), 3-0 Mario Gomez (48.), 3-1 Fellaini (86.)
Tyrkland - Aserbaídsjan 1-0
Lokastaðan: Þýskaland 30, Tyrkland 17, Belgía 15, Austurríki 12, Aserbaídsjan 7, Kasakstan 4.

B-RIÐILL

Írland-Armenía 2-1
1-0 Sjálfsmark (43.), 2-0 Richard Dunne (60.), 2-1 Henrik Mkhitaryan (62.)
Rússland - Andorra 6-0
1-0 Alan Dzagoev (5.), 2-0 Andrei Arshavin (26.), 3-0 Roman Pavlyuchenko (30.), 4-0 Alan Dzagoev (44.), 5-0 Denis Glushakov (59.), 6-0 Diniyar Bilyaletdinov (78.)
Makedónía-Slóvakía 1-1
Lokastaðan: Rússland 23, Írland 21, Armenía 17, Slóvakía 15, Makedónía 8, Andorra 0.

C-RIÐILL

Ítalía-Norður Írland 3-0
1-0 Antonio Cassano (21.), 2-0 Antonio Cassano (53.), 3-0 Sjálfsmark (74.)
Slóvenía - Serbía 1-0
Lokastaðan: Ítalía 26, Eistland 16, Serbía 15, Slóvenía 14, Norður-Írland 9, Færeyjar 4.

D-RIÐILL

Albanía - Rúmenía 1-1
Frakkland - Bosnía 1-1
0-1 Edin Dzeko (40.), 1-1 Samir Nasri (78.)
Lokastaðan: Frakkland, Bosnía, Rúmenía 14, Hvíta-Rússland 13, Albanía 9, Lúxemborg.

E-RIÐILL

Moldóva - San Marínó 4-0
Ungverjaland - Finnland 0-0
Svíþjóð - Holland 3-2
1-0 Kim Källström (14.), 1-1 Klaas-Jan Huntelaar (23.), 1-2 Dirk Kuyt (50.), 2-2 Sebastian Larsson (52.), 3-2 Ola Toivonen (53.).
Lokastaðan: Holland 27, Svíþjóð 24, Ungverjal. 19, Finnland 10, Moldóva 9, San Marínó 0.

F-RIÐILL

Malta - Ísrael 0-2
Georgía - Grikkland 1-2
Króatía - Lettland 2-0
Lokastaðan: Grikkland 24, Króatía 22, Ísrael 16, Lettland 11, Georgía 10, Malta 1.

G-RIÐILL

Búlgaría - Wales 0-1
0-1 Gareth Bale (45.)
Sviss - Svartfjallaland 2-0
Lokastaðan: England 18, Svartfjallaland12, Sviss 11, Wales 9, Búlgaría 5.

H-RIÐILL

Danmörk - Portúgal 2-1
1-0 Michael Krohn-Dehli (13.), 2-0 Nicklas Bendtner (63.), 2-1 Cristiano Ronaldo (90.+2)
Noregur - Kýpur 3-1
1-0 Morten Gamst Pedersen (26.), 2-0 John Carew (34.), 2-1 Okkas (41.), 3-1 Tom Høgli (65.)
Lokastaðan: Danmörk 19, Portúgal 16, Noregur 16, Ísland 4, Kýpur 2.

I-RIÐILL

Spánn - Skotland 3-1
1-0 David Silva (6.), 2-0 David Silva (44.), 3-0 David Villa (54.), 3-1 David Goodwillie (66.)
Litháen - Tékkland 1-4
Lokastaðan: Spánn 24, Tékkland 13, Skotland 11, Litháen 5, Liechtenstein 4.

SPENNAN MAGNAST

N1-deild karla
Fim. 13. okt. | N1-deild karla
Haukar - Akureyri
Ásvellir | Kl. 18.30
Fim. 13. okt. | N1-deild karla
Valur - Fram
Vodafone-höllin | Kl. 19.30
Fim. 13. okt. | N1-deild karla
HK - FH
Digranes | Kl. 19.30
Sun. 16. okt. | N1-deild karla
Grótta - Afturelding
Seltjarnarnes | Kl. 15.45

N1-deild kvenna
Mið. 12. okt. | N1-deild kvenna
FH - Fram
Kaplakriki | Kl. 18.30
Fös. 14. okt. | N1-deild kvenna
Stjarnan - HK
Mýrin | Kl. 18.00
Mið. 12. okt. | N1-deild kvenna
Grótta - Valur
Seltjarnarnes | Kl. 19.30
Fös. 14. okt. | N1-deild kvenna
Fram-Haukar
Framhús | Kl. 20.00

HVAÐ VILT ÞÚ?

NÁMSKEIÐAÖNNIN HEFST 17. OKTÓBER

ATH! Innifalið í námskeiðagjaldi er ótakarmarkaður aðgangur að tækjasal og opnum hóptímum.

FIT PILATES

SLÉTTUR MAGI OG STINNUR RASS!

Fit Pilates eru styrktar- og brennsluæfingar á boltum og með handlóð. Fit Pilates lengir og styrkir "core" voða líkamans.

6 VIKNA NÁMSKEIÐ

1. MÁN + MIÐ + FÖS
kl: 16.30 (Kennarar: Hildur & Gummi)

Þú hefur val um að mæta 2x eða 3x í viku

2X Í VIKU: 18.900 KR. / 3X Í VIKU: 1.900 KR.

2. ÞRI + FIM
kl: 19.30 (Kennari: Rakel)

VERÐ: 18.900 KR.

ZUMBA Í SPORTHÚSINU OG MOSFELLSBÆ

DANSAÐU ÞIG Í FORM!

Zumba er samblanda af dansi og fitness þar sem notast er við suður ameríska tónlist. Skemmtun og gleði alla leið!

6 VIKNA NÁMSKEIÐ

Mosfellsbæ (kennt í Krikaskóla) 17. okt.

MÁN + MIÐ	**kl: 18.00**

VERÐ: 12.900 KR.

Í Sporthúsinu 17. & 18. okt.

1. MÁN + MIÐ	**kl: 19.40** (Kennari: Berglind)
2. MÁN + MIÐ	**kl: 20.40** (Kennari: Berglind)
3. ÞRI + FIM	**kl: 16.30** (Kennari: Bára)
4. ÞRI + FIM	**kl: 18.30** (Kennari: Bára)

VERÐ: 14.900 KR.

HÓPÞJÁLFUN

FYRIR KARLA OG KONUR

Frábær kostur fyrir þá sem vilja aðhald og átök í skemmtilegum félagskap. Tilvalið fyrir byrjendur sem og lengra komna, þar sem þjálfunin er einstklingsmiðuð og farið er yfir hvernig á að æfa á öruggan og réttan hátt. Öflugar æfingar sem hjálpa þér að ná þínu markmiði og hámarksárangri!

3 HÓPTÍMAR, MEÐ ÞJÁLFARA, Í VIKU
ÞÚ HEFUR VAL UM EFTIRFARANDI TÍMA:

MÁN	MIÐ	FIM	FÖS
06.00	06.00		06.00
17.30	17.30	17.30	
18.30	18.30	18.30	

(Þjálfarar: Lára & Gummi)

VERÐSKRÁ:

4 vikur	15.900 kr.
6 mán áskrift	12.490 kr.
12 mán áskrift	9.900 kr.

Skráning í s: 564-4050, á heimasíðu Sporthússins
www.sporthusid.is eða gunnhildur@sporthusid.is

SPORTHÚSIÐ

heilsurækt fyrir alla

DALSMÁRA 9 - 11 • 201 KÓPAVOGI • S. 564 4050

FÖÐURLÁNDIÐ AUGLÝSINGASTOFA

dagskrá

> Stöð 2 kl. 21.20
Grey's Anatomy

Dramatíkin heldur áfram á sjúkrahúsinu eftir stórslys í miðborg Seattle. Það er ekki síður dramatík í sambandinu hjá Meredith og Derek og það gæti haft alvarlegar afleiðingar. Alex kemst að því að hann er ekki vinsæll eftir að hann klagaði Meredith.

VIÐ TÆKIÐ ATLI FANNAR BJARKASON Í NOSTALGÍU

Kunnugleg hljóð bleika fílsins

Heimsendir á Stöð 2 lofar góðu. Ragnar Bragason og félagar stíga út fyrir þægindarammann í þetta skipti og róa á allt önnur mið en í vaktarseríunum. Það er gaman að sjá fólk taka áhættu.

Við fyrstu sýn virðist Heimsendir ekki ætla að vera eins fyndnir þættir og t.d. Fangavaktin, en það er ósanngjarnt, en á sama tíma óhjákvæmilegt, að bera þættina tvo saman. Ég ætla samt að bíða eftir öðrum þætti áður en ég felli dóm um húmorinn. Fyrsti þátturinn fer yfirleitt í kynningu á persónunum. Eftir það getur fjörið hafist.

Ég fékk smá nostalgíusjokk við áhorfið á Heimsenda, sem hafði ekkert að gera með efnistök þáttanna, persónurnar eða leikarana. Ég er ekki heldur að tala um Volvo-löggubílinn sem Halldór Gylfa var fluttur í eða vöðvatrölliið sem lítur út eins og Jón Páll Sigmarsson heitinn. Ég er að tala um hljóðin í bleika fílnum, sem voru nákvæmlega þau sömu og í Simpsons-þætti úr fimmtu seríu. Þegar Bart eignaðist fílinn Trampa. Hvort hljóðmenn Heimsenda voru að vísa í gömlu snilldina veit ég ekki, en ég mun allavega minnast gömlu tímanna fyrir framan sjónvarpið þegar bleiki fíllinn lætur sjá sig aftur að Heimsenda…

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Kynslóðir mætast **14.00** Fréttir **14.03** Gullfiskurinn **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Hraunfólkið **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Rykkorn í óendanlegum geimi **21.10** Út um græna grundu **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Bak við stjörnurnar **23.05** Flakk **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

RÚV

15.20 360 gráður
15.50 Djöflaeyjan (e)
16.35 Leiðarljós (Guiding Light)
17.20 Loftslagsvinir (10:10) (Klima nørd) (e) Hvað er að gerast í loftslagsmálum? Og hvað getum við gert?
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Disneystundin
18.01 Finnbogi og Felix (1:26)
18.23 Sígildar teiknimyndir (1:42)
18.30 Gló magnaða (27:52)
18.54 Víkingalottó
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
20.15 Læknamiðstöðin (Private Practice) Bandarísk þáttaröð um líf og starf lækna í Santa Monica í Kaliforníu. Meðal leikenda eru Kate Walsh, Taye Diggs, KaDee Strickland, Hector Elizondo, Tim Daly og Paul Adelstein.
21.05 Kiljan Í umsjón Egils Helgasonar.
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 Baráttan gegn kjarnorkuvopnum (In My Lifetime: A Presentation of the Nuclear World Project) Ný bandarísk heimildamynd um kjarnorkuvopn og baráttuna gegn þeim í 65 ár.
00.15 Landinn (e)
00.45 Kastljós (e)
01.15 Fréttir
01.25 Dagskrárlok

BÍÓ

08.00 Picture This
10.00 Sisterhood of the Traveling Pants 2
12.00 Unstable Fables: Tortoise vs. Hare
14.00 Picture This
16.00 Sisterhood of the Traveling Pants 2
18.00 Unstable Fables: Tortoise vs. Hare
20.00 Quantum of Solace
22.00 Fast & Furious
00.00 Ocean's Twelve
02.05 Body of Lies
04.10 Fast & Furious
06.00 The Ugly Truth

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 Doctors (50:175)
10.15 Cold Case (16:22)
11.00 Glee (15:22)
11.45 Grey's Anatomy (2:22)
12.35 Nágrannar
13.00 In Treatment (51:78)
13.25 Ally McBeal (2:22)
14.10 Ghost Whisperer (9:22)
14.55 iCarly (34:45)
15.25 Barnatími Stöðvar 2
17.05 Bold and the Beautiful
17.30 Nágrannar
17.55 Simpsons
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.11 Veður
19.20 Næturvaktin
19.50 Ástríður (11:12)
20.15 Borgarilmur (8:8) Í Halifax skoðar Ilmur þá fáu hluti sem skolaði á land eftir Titanic-slysið, lærir á brimbretti hjá einni færustu brimbrettakonu heims, marserar fyrir her hans hátignar og raftar við ótrúlegar og einstakar aðstæður.
20.55 Cougar Town (13:22) Önnur þáttaröðin af þessum gamanþætti með Courtney Cox í hlutverki einstæðrar móður.
21.20 Grey's Anatomy (2:22) Áttunda sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grace-spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar. Flókið einkalíf ungu læknanna á það til að gera starfið enn þá erfiðara.
22.05 True Blood (12:12)
23.00 Satisfaction (5:10)
23.50 The Closer (11:15)
00.35 The Good Guys (11:20)
01.20 Sons of Anarchy (11:13)
02.05 Zombie Strippers
03.35 Medium (21:22)
04.20 Cold Case (16:22)
05.05 Simpsons
05.30 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*

07.00 Danmörk - Portúgal
16.25 F1: Við endamarkið
16.55 Danmörk - Portúgal
18.40 Þýski handboltinn: Hamburg - Flensburg
20.00 Iceland Express deildin - upphitun
21.00 EAS þrekmótaröðin
21.30 Into the Wind Stórmerkileg mynd um ævi Terry Fox, sem greindist með krabbamein 18 ára og missti í kjölfarið hægri fót við hné. Hann gafst ekki upp og þremur árum síðar hljóp hann þvert yfir Kanada frá Austurströndinni til Kyrrahafsstrandarinnar.
22.25 Portúgal - Ísland
00.10 Iceland Express deildin - upphitun

SPORT 2 *enski boltinn*

18.15 Arsenal - Liverpool
20.05 Premier League Review 2011/12
21.05 Garrincha
21.35 Football League Show
22.05 Sunnudagsmessan
23.20 Fulham - Man. City

EXTRA

19.30 The Doctors (132:175)
20.15 Gilmore Girls (11:22)
21.00 Fréttir Stöðvar 2
21.25 Ísland í dag
21.50 Mike & Molly (5:24) Stórskemmtilegir rómantískir gamanþættir úr smiðju Chuck Lorre og fjalla um Mike og Molly, tvo ofurvenjulega og viðkunnanlega einstaklinga sem kynnast á fundi fyrir fólk sem glímir við matarfíkn, og verða ástfangin upp fyrir haus.
22.15 Chuck (4:24)
23.05 Terra Nova
23.50 Community (1:25)
00.15 Næturvaktin
00.45 Ástríður (11:12)
01.10 Gilmore Girls (11:22)
01.55 The Doctors (132:175)
02.40 Fréttir Stöðvar 2
03.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Rachael Ray (e)
08.45 Pepsi MAX tónlist
16.00 Outsourced (5:22) (e)
16.25 The Marriage Ref (7:10) (e)
17.10 Rachael Ray
17.55 Málið: Geiri í Goldfinger (1:4) (e)
18.25 Nýtt útlit (5:12) (e)
18.55 America's Funniest Home Videos - OPIÐ (42:50)
19.20 Everybody Loves Raymond - OPIÐ
19.45 Will & Grace - OPIÐ (22:24)
20.10 Friday Night Lights (8:13) Dramatísk þáttaröð um unglinga í smábæ í Texas. Þar snýst allt lífið um árangur fótboltaliðs skólans og það er mikið álag á ungum herðum.
21.00 Life Unexpected (6:13) Bandarísk þáttaröð sem notið hefur mikilla vinsælda. Cate og Ryan ætla að bæta fyrir það að þau hafi ekki náð að fara í almennilega brúðkaupsferð með því að gista á hóteli í bænum.
21.45 Tobba (4:12) Hin eina sanna Tobba Marinósdóttir er óhrædd við að segja skoðun sína og kafa ofan í óþægileg mál til að komast að kjarnanum.
22.15 CSI: Miami (2:22)
23.05 Jimmy Kimmel
23.50 The Borgias (7:9) (e)
00.40 HA? (3:12) (e)
01.30 Nurse Jackie (2:12) (e)
02.00 Will & Grace (22:24) (e)
02.20 Everybody Loves Raymond (e)
02.40 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

06.00 ESPN America **08.10** Frys.com Open (2:4) **11.10** Golfing World **12.00** Golfing World **12.55** Frys.com Open (2:4) **16.00** Ryder Cup Official Film 2002 **18.00** Golfing World **18.50** Inside the PGA Tour (40:45) **19.20** LPGA Highlights (16:20) **20.40** Champions Tour - Highlights (20:25) **21.35** Inside the PGA Tour (41:45) **22.00** Golfing World **22.50** PGA Tour - Highlights (36:45) **23.45** ESPN America

N4

18.15 Að norðan

BBC entertainment

11.30 Fawlty Towers **12.05** ,Allo ,Allo! **12.30** ,Allo ,Allo! **12.55** The Inspector Lynley Mysteries **13.40** The Inspector Lynley Mysteries **14.30** Keeping Up Appearances **15.00** Keeping Up Appearances **15.30** ,Allo ,Allo! **15.55** ,Allo ,Allo! **16.20** Fawlty Towers **16.55** Fawlty Towers **17.25** New Tricks **18.20** New Tricks **19.10** Top Gear **20.00** Live at the Apollo **20.45** QI **21.15** The Thick of It **21.50** Skavlan **22.40** The Graham Norton Show **23.25** Top Gear **00.20** Live at the Apollo **01.05** QI **01.35** The Thick of It **02.05** Skavlan

DR 1

11.05 Vores Liv: Skattejægerne **11.35** Aftenshowet **12.30** Hammerslag **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Himmelblå **14.00** Benjamin Bjørn **14.15** Den travle by **14.30** Shanes verden **15.00** Hercule Poirot **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Vores Liv: Hos Lægen **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Broen **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** Damages **20.40** Damages **21.20** Onsdags Lotto **21.25** OBS **21.30** Ved du hvem du er? **04.00** Molly Monster **04.05** Chiro

NRK 1

12.00 Nyheter **12.05** Norge rundt **12.30** Folk **13.00** Nyheter **13.10** Dallas **14.00** Nyheter **14.10** Matador **15.00** Nyheter **15.10** Tingenes tilstand **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** FBI **18.15** Valpekullet **18.45** Vikinglotto **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.40** House **20.20** Migrapolis **20.50** Billedbrev **21.00** Kveldsnytt **21.15** Nasjonalgalleriet **21.45** Jimmys matfabrikk **22.15** Folk i farta **22.45** Jobben er livet

svt1

12.05 Sångpärlor **12.15** Anslagstavlan **12.20** Världens Barn **12.25** East is East **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.30** Vem tror du att du är? **15.30** Sverige idag **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Världens Barn **19.05** Bron **20.05** True Blood **20.55** Bored to Death **21.20** John Adams **22.30** Rapport **22.35** Skavlan **23.35** Landet Brunsås **00.05** Rapport **00.10** Dox

INN

20.00 Björn Bjarnason **20.30** Tölvur tækni og vísindi **21.00** Fiskikóngurinn **21.30** Gunnar Dal

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM

FM 88,5 XA-Radíó	**FM 90,9** Gullbylgjan	**FM 93,5** Rás 1	**FM 96,3** FM Suðurland	**FM 97,7** X-ið	**FM 99,4** Útvarp Saga	**FM 102,9** Lindin
FM 90,1 Rás 2	**FM 91,9** Kaninn	**FM 95,7** FM957	**FM 96,7** Létt Bylgjan	**FM 98,9** Bylgjan	**FM 102,2** Útvarp Latibær	**FM 105,5** Útvarp Boðun

Á MORGUN

FYLGIRIT MEÐ FRÉTTABLAÐINU Á MORGUN

MUGISON ER HERRA ÍSLAND

Óttarr Proppé um Abba
Nonni Kjuði og Logi Pedro taka Rokkprófið
+ fréttir, plötudómar og tónleikar

TOSHIBA

LED DAGAR

ÖRÞUNN TOSHIBA LED SJÓNVÖRP Á FRÁBÆRU TILBOÐI

Toshiba 32VL733N
32" Full HD LED LCD sjónvarp með 1920x1080p upplausn, 50.000:1 skerpu, 24p playback, Progressive scan, háskerpu stafrænum DVB-T/C móttakara, Digital Plus, Wi-Fi Ready, USB, 4x HDMI, 2x Scart, LAN, VGA tengi, SD kortalesara ofl.

TILBOÐ ▶ 99.990
FULLT VERÐ kr. 129.990

Jacob Jensen Design

Toshiba 40VL748N
40" FHD LED LCD sjónvarp með 1920x1080p upplausn, 7.000.000:1 skerpu, 100 Hz Active Vision, Ambient Light Sensor, 6ms svartíma, stafrænum DVB-T/C móttakara, IPTV YouTube aðgangur, Wi-Fi Ready, Auto Backlight Contro, Ambient Light Sensor, 2x USB 2.0, 4x HDMI, 2x Scart, VGA tengi ofl. 29mm á þykkt. Jacob Jensen Design.

TILBOÐ ▶ 149.990
FULLT VERÐ kr. 219.990

Toshiba 22SL738N
22" HD LED LCD sjónvarp með 1366x768p upplausn, 1000.000:1 skerpu, 9ms svartíma, DVB-T/C móttakara, Digital Noise Reduction, 6w RMS Nicam Stereo Bass Boost hljóðkerfi, USB 2.0, 2x HDMI, Scart, CI+, VGA tengi ofl.

TILBOÐ ▶ 59.990
FULLT VERÐ kr. 79.990

Toshiba 26DL833N
26" LCD LED EDGE sjónvarp með innbyggðum DVD spilara (DivX), 1366x768p upplausn, 3000.000:1 skerpu, 8ms svartíma, DVB-T/C móttakara, Digital Noise Reduction, 3D Digital Comb Filter, USB 2.0, 2x HDMI, Scart, VGA tengi ofl.

TILBOÐ ▶ 79.990
FULLT VERÐ kr. 99.990

Toshiba 32DL833N
32" LCD LED EDGE sjónvarp með innbyggðum DVD spilara (DivX), 1366x768p upplausn, 3000.000:1 skerpu, 8ms svartíma, DVB-T/C móttakara, Digital Noise Reduction, 3D Digital Comb Filter, USB 2.0, 2x HDMI, Scart, VGA tengi ofl.

TILBOÐ ▶ 129.990
FULLT VERÐ kr. 149.990

Toshiba 42HL833N
42" LCD LED EDGE sjónvarp með 1920x1080p upplausn, 3000.000:1 skerpu, 8ms svartíma, DVB-T/C móttakara, Digital Noise Reduction, 3D Digital Comb Filter, USB, 2x HDMI, Scart, VGA tengi ofl.

TILBOÐ ▶ 169.990
FULLT VERÐ kr. 229.990

Alltaf gæði og góð kaup!
STOFNAÐ 1971

Sjónvarpsmiðstöðin 40 ára

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Nettó, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Heimilistæki, Reykjanesbæ. Hagkaup, Njarðvík.

BESTI BITINN Í BÆNUM

„Ég mæli með Durum á horni Laugavegs og Frakkastígs. Fékk mér dönerkebab-vefju þar um daginn sem var frábær. Murat er alveg með þetta.“

Ari Eldjárn, meðlimur grínhópsins Mið-Ísland.

Liv Tyler naut lífsins í Þríhnúkagíg

Bandaríska leikkonan Liv Tyler brá undir sig betri fætinum seinnipart mánudags og fór ásamt kærastanum sínum, ljósmyndaranum Theo Wenner, og tveimur öðrum vinum sínum að skoða hinn magnaða Þríhnúkagíg í Bláfjöllum. Tyler flaug þangað í þyrlu frá Þyrluþjónustunni samkvæmt heimildum Fréttablaðsins og skoðaði þetta mikla náttúruundur en ferðalagið niður á botn gígsins tekur í kringum tólf mínútur með lyftu.

Þrátt fyrir mikla frægð hefur Tyler og hennar föruneyti haft hægt um sig en það var statt hér vegna friðarsúlu Yoko Ono. Vísir. is greindi þó frá því að hún hefði verið stödd á skemmtistaðnum B5 þar sem einnig voru Sean Parker, stofnandi Napster og einn aðaleigandi Facebook, Sean Lennon og móðir hans, Yoko Ono. Þá var sagt frá því á vef DV að Tyler hefði verið hin alþýðlegasta þegar hún hitti tvo aðdáendur á veitinga- og skemmtistaðnum Prikinu. Liv Tyler og föruneyti eru nú farin af landi brott. - fgg

ÁLFADROTTNING Á ÍSLANDI Liv Tyler kom hingað til lands í tengslum við friðarsúlu Yoko Ono í Viðey ásamt kærasta sínum. Þau eru nú farin af landi brott samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

20% afsláttur af heyrnartólum

Ef þú ert hjá Símanum getur þú keypt þér heyrnartól með 20% afslætti í dag. Magnaður miðvikudagur!

Síminn

Gildir á meðan birgðir endast.

SVERRIR ÞÓR SVERRISSON: FÍNT AÐ VERA KÓNGUR EINN DAG

Sveppi og Þorsteinn mala gull í kvikmyndahúsunum

Sverrir Þór Sverrisson og Þorsteinn Guðmundsson eru kóngarnir í íslenskri kvikmyndagerð það sem af er þessu ári. Okkar eigin Osló og Algjör Sveppi og töfraskápurinn eru einu íslensku myndirnar sem hafa náð að rjúfa 10 þúsund og 20 þúsund gesta múrinn en tíu íslenskar myndir verða væntanlega frumsýndar á þessu ári.

„Jú, það er fínt að vera bíókóngur, þó ekki sé nema í einn dag,“ segir Sverrir Þór í samtali við Fréttablaðið en kvikmyndin Algjör Sveppi og töfraskápurinn hefur fengið flesta gestina á þessu ári eða rúmlega 27 þúsund. Algjör Sveppi hefur því selt miða fyrir rúmar 27 milljónir. Sverrir viðurkennir að aðsóknin sé vissulega hvetjandi og fái hann til að velta því fyrir sér hvort ekki sé ráð að gera bara fjórðu Sveppa-myndina. En ekkert hefur verið gefið út um hvort Algjör Sveppi og töfraskápurinn sé síðasta Sveppa-myndin. „Maður ætti auðvitað ekki einu sinni að hugsa um þetta. Og ég sjálfur treysti mér alveg til að leika áfram barn.“

Þorsteinn Guðmundsson var himinlifandi með árangur Okkar eigin Osló en myndin er tekjuhæsta mynd ársins enn sem komið er. Alls sáu rúmlega 23 þúsund manns myndina sem skilaði tæplega þrjátíu milljónum í miðasölu. Þorsteinn telur að svokölluð fiðrilda-áhrif hafi haft mikið að segja um hversu vel myndin gekk. „Stemningin á tökustað var frábær og þegar fimmtíu manns líður svona vel þá hlýtur það að smita út frá sér,“ segir Þorsteinn en þegar Fréttablaðið ræddi við hann lá hann kvefaður inni á hótelherbergi á Benidorm þar sem tökur á sjónvarpsþáttunum Lífsleikni Gillz fara fram. Þorsteinn segir þá einnig hafa verið heppna með tímasetningu en myndin var frumsýnd í lok febrúar. „Það er mikið sumar í myndinni og það virtist vera það sem Íslendingar þurftu á að halda þá.“

Tæplega 72 þúsund gestir hafa séð þær sjö íslensku kvikmyndir sem frumsýndar hafa verið á þessu ári. Hafa Íslendingar því keypt miða á íslenskar bíómyndir fyrir rúmlega 93 milljónir íslenskra króna, sé miðað við að miðinn kosti 1.300 krónur. Tvær nýjar myndir voru frumsýndar fyrir hálfum mánuði: Eldfjall Rúnars Rúnarssonar og unglingamyndin Hrafnar, sóleyjar og myrra. Þær hafa hins vegar átt ólíku gengi að fagna í miðasölu. Tæplega fjögur þúsund gestir hafa séð Eldfjallið en aðeins 850 unglingamyndina. Í vikunni verða síðan frumsýndar tvær nýjar myndir: Borgríki eftir Ólaf Jóhannesson og teiknimyndin Hetjur Valhallar: Þór.

freyrgigja@frettabladid.is

TVEIR Á TOPPNUM

Sverrir Þór Sverrison og **Þorsteinn Guðmundsson** eru aðalmennirnir í íslenskum kvikmyndum það sem af lifir ári. Okkar eigin Osló, sem Þorsteinn skrifaði handritið að og lék aðalhlutverkið í, er tækjuhæsta íslenska kvikmynd ársins en flestir hafa séð Algjöran Sveppa og töfraskápinn.

150 lög bárust í Eurovision

„Þetta er svipaður fjöldi og hefur verið undanfarin ár,“ segir Elísabet Linda Þórðardóttir, dagskrárgerðarmaður hjá Ríkissjónvarpinu. Í kringum 150 lög bárust í Söngvakeppni Sjónvarpsins, Eurovision, en umsóknarfrestur rann út á mánudag.

Þetta eru ögn færri lög en bárust í fyrra þegar 174 lög bárust og nær ekki toppnum 2009 þegar yfir 200 lög reyndu að komast í aðalkeppnina. Elísabet Linda segir að nú taki við vinna hjá fimm til sex manna dómnefnd sem fari yfir öll lögin og er reiknað með því að þeirri vinnu ljúki í byrjun næstu viku en nöfn dómnefndarmeðlima eru ekki gefin upp. „Endanlegur listi ætti því að liggja fyrir eftir hálfan mánuð eða þrjár vikur.“ Að sögn Sigrúnar Stefánsdóttur, dagskrárstjóra Ríkissjónvarpsins, hefur ekki verið tekin ákvörðun um hversu mörg lög munu keppa, það sé verið að teikna keppnina upp um þessar mundir en eins og Fréttablaðið hefur greint frá verða engar undankeppnir í ár heldur fara lögin sjálfkrafa á sjálft úrslitakvöldið.

Búið er að ákveða að Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir verði kynnir keppninnar eins og undanfarin þrjú ár en Sigrún hefur ekki tekið ákvörðun um það hvort einhver verði henni til halds og trausts. „Ég missti auðvitað Guðmund Gunnarsson, sem var miður, því mér fannst hann standa sig vel og ég hefði viljað hafa hann áfram,“ segir Sigrún sem þarf einnig að fylla skarð Páls Óskars Hjálmtýssonar en hann ákvað að segja skilið við Eurovision-þáttinn Alla leið. - fgg

KYNNIR KEPPNINA Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir kynnir Eurovision-keppnina eins og undanfarin þrjú ár. 150 lög bárust í keppnina í ár.

ÚTGÁFUGLEÐI
ALLIR VELKOMNIR!

EYMUNDSSON SKÓLAVÖRÐUSTÍG Í DAG KLUKKAN 17:00

Þráinn Bertelsson er hárbeittur húmoristi og einn snjallasti stílisti landsins. Hann er þekktur fyrir harðfylgni, en hér þarf hann að kljást við sinn harðsnúnasta andstæðing. Sjálfan sig.



„Það er greinilega auðveldara
að koma tauti við sextíu
fárveika alkóhólista á Vogi
en jafnmarga bláedrú aðila á
mínum vinnustað!

Fallið er sannarlega
einstæð bók:
hlý og nístandi,
óendanlega sorgleg
og óborganlega fyndin.

BÓKIN ER KOMIN Í VERSLANIR!

„Allt og sumt sem við sækjumst eftir er að vera
þægilega dofin og losna um stund við nagandi
sársaukann innra með okkur."

Úr bókinni Fallið eftir Þráinn Bertelsson

sögur ÚTGÁFA
www.sogurutgafa.is

Tónlist Hlustaðu á hljóðbút með lestri höfundar.á www.tonlist.is

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

LÖGFRÓÐUR
LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA LÖGRÉTTU
ÓKEYPIS LÖGFRÆÐIRÁÐGJÖF
fyrir almenning í Háskólanum í Reykjavík.
Sendið fyrirspurn á **logfrodur@hr.is**
LÖGRÉTTA
Félag laganema við Háskólann í Reykjavík
logfrodur.hr.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Spennandi einvígi

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær eru bæði Arnaldur Indriðason og **Óttar M. Norðfjörð** að senda frá sér sakamálasögur þar sem sögusviðið er einvígi Bobby Fischer og Boris Spasskí í Laugardalshöll 1972. Óttar hefur skorað á Arnald í skák í tilefni útgáfu bókanna og rennir hýru auga til taflborðs sem þeir Fischer og Spasskí notuðu í einvíginu fræga. Borðið er geymt hjá Taflfélagi Reykjavíkur en hvort leyfi myndi fást fyrir slíkri uppákomu skal ósagt látið. Þá hefur ekki heyrst frá Arnaldi um hvort hann taki áskorun Óttars.

Sauðfjárflökun Runólfs

Runólfi Ágústssyni, fyrrverandi rektor og umboðsmanni skuldara, varð fótaskortur á tungunni þegar hann flutti tölu í gærmorgun sem stjórnarformaður Atvinnuleysistryggingasjóðs. „Tugir Nýsjálendinga og Englendinga [eru] núna víða um land í sláturhúsum að flaka sauðfé vegna þess að ekki fæst hæft íslenskt starfsfólk til þeirra verka," sagði bóndasonurinn Runólfur. Hann segir frá þessum hrakföllum sínum á Facebook og fyrsta viðbragð er frá vini sem kemst svo að orði að ekki þurfi að hafa áhyggjur af þeim enskumælandi á meðan þeir séu ekki að fleka sauðféð. Borgarfulltrúinn Björk Vilhelmsdóttir leggur líka orð í belg: „Gott á meðan þú roðflettir ekki rollurnar." - **fb, sh**

Mest lesið visir

1. Þorsteinn: „Kæran hreinn og klár sóðaskapur"
2. Unnu átján milljarða í lottói
3. Hæstaréttard. kærður fyrir að bera lögreglumann röngum sökum
4. Flestir reðrarnir komnir í gám
5. Óróaseggir frá Sögueyjunni

Nú er tækifærið að stökkva á skíði á frábæru skíðastökkstilboði! Hvort sem um er að ræða gamlar skíðakempur eða fólk sem er að fara í fyrsta sinn á skíði, finna allir brekkur við sitt hæfi í ítölsku Ölpunum. Gott veður, nægur snjór, frábærar brekkur, ítölsk matargerð og skemmtilegur félagsskapur í heilnæmu fjallalofti Alpanna, er eitthvað sem allir ættu að upplifa. Selva val Gardena og Madonna di Campiglio á Ítalíu eru ein glæsilegustu skíðasvæði heims og eru vinsælustu skíðaáfangastaðir Íslendinga undanfarin ár. Við höfum reynsluna og vitum hvernig þú vilt hafa skíðaferðina þína.

Úrval Útsýn | Lágmúla 4 | s. 585-4000 | urvalutsyn.is